This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

WIDENER
HN USYS V

Scan 5731.528.150

TÍBRÁ.

Ársrit

fyrir yngri börn og eldri.

I.

Torfhildur Þorsteinsdóttir Holm

hefir samið og þýtt.

Reykjavík.

Ísafoldarprentsmiðja.

1892.

Δ
Scan 5731. 528. 150
V

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Verð 55 aurar (fyrir áskrifendur 50 aurar).

Efnisyfirlit.

	Bls.
Páskamorguninn	1
Fjórir sólargeislar	4
Fuglamálið	6
Það, sem hænuunginn sá	8
Eg á engan heiðurskrans skilið	14
Sólin og vindurinn	17
Ærin og litla lambið	19
Litla kisa óánægð	24
Hverjum þykir sinn fugl fagur	26
Sagan um litlu kisu	27
Smámunir, sem um munar	32
Bergmálið	33
Ráðvandi drengurinn	34
Gott meðmælingarbréf	35
Seinláti drengurinn	37
Sannsögli drengurinn	39
Ærin og lambið	40
Góðu englarnir	41
Táldrægni	43
Dulinn sannleikur	44
Góðsemi endurgoldin	45
Móðurástin	47
Gott eptirdæmi	49
Upp á líf og dauða	50
Lati drengurinn	52
Sagan af Demosþenes	54
Gott sjálfstraust	56
Einn nagli	62
Guðsskildingurinn	63
Guð er sýnilegur í verkum sínum	64
Óframsýni	66
Vandaðu þig í öllu	69
Paradísarfuglarnir	70
Um Jóhannes postula	71
Hinn ósýnilegi heimur	73

Páskamorguninn.

Morguninn var fagur, þegar sólin skein inn um gluggann og inn á litlu börnin, sem voru að leika sér á gólfinu, sum að brúðunum sínum, sum að bókunum sínum, og sum að vonunum sínum, því þau voru svo ung. Hið yngsta sat á gólfinu og elti sólargeislana með litlu höndunum, en gat aldrei handsamað þá. Eldra fólkið var að búa sig til kirkju, því að það var páskadagsmorgun, og allir voru glaðir.

Mamma þeirra, sem var eptir heima, kom að dyrunum, nam staðar, horfði yfir hópinn sinn og tárfelldi. Hvað olli tárum hennar mitt innan um hin hamingjusömu börn sín? Hún kastaði tölu á hópinn, og hún saknaði þriggja, sem höfðu prýtt hópinn árinu áður. Taugaveikin hafði lagt þau í gröfina, og hún felldi heit tár yfir endurminningunni.

Sigríður litla rauf hópinn, gekk til mömmu sinnar og sagði: »Ætli þau sjái okkur ekki?«

»Hver, barnið mitt?« spurði móðirin.

»Systkyni mín, sem dóu« mælti hún.

»Jú; þau sjá ykkur; þau eru hjá guði. En þau hafa gleði af að sjá vini sína hér niðri, það er að segja, ef þeir lifa vel. Ef þið eruð góð börn, þá koma andar þeirra hingað til ykkar og margir aðrir englar með þeim.«

»Englar með þeim, mamma? En þeir þekkja okkur ekki, englarnir!«

»Jú. Englarnir þekkja alla. Við hér á jörðunni getum ekki lifað án vina. Og þegar andinn er kominn inn í himininn, þá leitar hann sjer að nýjum vinum í nýja heiminum, og þá slást þeir í förina, til að sjá góðu börnin á jörðunni.«—»En, mamma mín!» sagði Sigríður litla. »Allir eru vinir hjá guði.«—»Já, að vísu, barn mitt! En þeir geta elskað einn meira en annan, eins og við hérna, og þeir umgangast þá mest, sem eru þeim líkastir. Frelsarinn elskaði lærisveina sína mismunanda mikið, og þann heitast, sem var honum líkastur í elsku og mannkærleika.«

Nú flykktust börnin í kring um mömmu sína með ótal spurningar.

»Hví ertu þá að gráta, fyrst þeim líður svona vel?« spurðu þau.

Hún hugsaði sig um.— »Jeg veit það ekki. Anda minn langar að vera hjá ykkur og hjá þeim líka. En hann er fjötraðar. En öll komum við saman á endanum.«

»Heldurðu þá,« spurðu þau, »að foreldrar þínir viti, hvernig þjer líður?«

»Já, það held eg, að þau geri. Elskan er eilíf og deyr ekki, þó að líkaminn deyi. Vjer höldum áfram að elska þá, sem við höfum elskað, en með miklu hreinna og helgara kærleika en hér, og ekkert getur eins hjálpað til að halda sambandi elskunnar föstu og hreint hjarta og góð áform. Yfir þeim djásnum brosa guðs englar af gleði, og hlakka til að fá slíka inn í hópinn sinn. Og þegar hreinu, góðu sálirnar skilja við líkamann hjer niðri, vita góðu englarnir það fyrir og koma á móti þeim, til þess að fagna þeim, eins og við gerum, þegar við mætum góðum vinum.

Og nú, börnin mín! Leikið þið ykkur æfinlega þannig, að englar undangenginna vina þurfi ekki að hryggjast yfir athæfi ykkar.

Í dag er upprisuhátíð drottins vors; hann reis upp frá dauðum einu sinni. Og vér eigum að rísa upp með honum frá illu athæfi.

Blómin og jurtirnar rísa líka upp frá dauða.

Á hverju vori er þeirra upprisuhátíð, — kraptaverk kraptaverkanna, en sem vér svo sjaldan veitum neina eptirtekt, af því að það ber svo opt við.«

Hún þagnaði og fór að hugsa um sína kæru framliðnu. Litla barnið elti sólargeislann, eins og mennirnir hamingjuna, og aldrei vildi ganga

saman með þeim. Þannig endaði eltingaleikurinn. Árin liðu. Börnin urðu fullorðin. Móðirin dó og komst til barnanna sínna. En börnin, sem lifðu, vönduðu framferði sitt, til þess að hryggja ekki anda sinna framliðnu vina, sem elskuðu þau svo heitt, þó að þeirra líkamlegu augu sæi þá ekki.

Fjórir sólargeislar.

(Þýtt).

Einu sinni lögðu fjórir sólargeislar saman ráð sín að ferðast niður á jörðina; þeir dönsuðu alla leiðina af gleði og ætluðu sér að gera eitthvað gott, og sögðu í lágum rómi hver við annan: »við skulum gjöra meira en að skemmta okkur; við skulum hressa aðra og gleðja; og mætumst svo í kvöld í vestrinu.«

Nú sveif einn sólargeislinn gegn um lágar kotdyr, og fór í feluleik við barn, sem sat á gólfinu. Það reyndi að handsama hann, og hló hátt af ánægju. En bjarti geislinn flýði einlægt undan litlu höndunum, sem þá gripu í tómt.

Annar geislinn smaug inn í herbergi, þar sem veikur maður lá. Hann hresstist við komu hans og fór að hugsa um æskudaga sína, um litlu söngfuglana, sem syngja á vorin, og um fallegu blómin, sem þá spretta á jörðunni. Hann gleymdi þá veikindum sínum og varð glaður.

Hinn þriðji læddist inn í bikarinn á blómi nokkru, sem var sorgbitið, kyssti það og ljet vel að því, þangað til að það gladdist, og lypti aptur upp hvíta höfðinu, því að góðvildin og elskan flytur gleði og ánægju inn í aumustu lífskjör og ljettir allar þjáningar og erfiði.

Hinn fjórði geisli kom þangað, sem ofboðlítil blind stúlka sat einsömul, og skein heitt og fagurt á litlu bleiku hendurnar á henni, og kyssti vesalings augun, sem aldrei höfðu sjeð dagsins ljós skína, og aldrei gátu sjeð það, fyrr en engill dauðans gjörði hana skyggna í öðrum heimi. Veslings blinda stúlkan átti svo bágt. Hún gat ekki tekið þátt í leikum hinna barnanna, og geislinn aumkaðist yfir hana.

Og þegar kvöldskuggarnir fjellu niður á jörðina, þá kallaði sólin saman börnin sín, geislana. Þá flugu þessir fjórir geislar í fang hennar í vestrinu, og þeir sögðu hver við annan:

»Nú vitum við, að það er vísasti vegurinn til þess að verða hamingjusamur og að njóta lífsins, að gleðja aðra.«

Það er sannarlega fögur lífsstefna að vera öðrum til góðs, og er um leið blessunarríkust fyrir þann, sem þannig breytir. Að kvöldi lífsins svífur þá hinn kærleiksríki andi svo sem fagur geisli í fang sólar rjettlætisins, guðs, og starfar þar tálmunarlaust að hinu fagra og

hreina, því að vjer höldum áfram að lifa og vinna, þótt vjer förum hjeðan.

Fuglamálið.

(Þýtt).

Páll og Dagbjört lifðu í litlum kotbæ nálægt skógi. Faðir þeirra var erfiðismaður og vann baki brotnu, til þess að geta staðið straum af þeim.

Bæði sumar og vetur fór hann fyrst á fætur á morgnana, til að fella trje í skóginum. Nú liðu tímar fram að jólakvöldinu.

Þau Páll og Dagbjört sátu við eldinn, og voru óánægð yfir því, að fá engar fallegar gjafir eða barnagull í jólagjöf, og ekki svo mikið sem neitt gott að borða, eins og sum börnin í kring um þau.

»Elsku mamma mín!« sögðu þau um morguninn, áður en þau lásu bænir sínar. »Heldurðu ekki, að guð sje búinn að gleyma okkur?«

»Það er ljótt að hugsa og tala til svona,« sagði hún. »Hlaupið út og tínið fyrir mig nokkrar spýtur, svo að jeg geti hitað tevatnið handa honum pabba ykkar.«

Hún reyndi með þessu að fá þau til að gleyma sorgarefninu, og það lá líka illa á henni sjálfri, af því að hún gat ekki gefið þeim neitt fallegt.

Þau hlupu nú í burtu, til þess að tína spýt-

urnar, og á meðan Páll laut niður undir einu trjenu í skóginum, var ofboðlítill fugl með rauðri bringu að syngja rjett uppi yfir honum. Þau hlustuðu og fóru að líta í kring um sig, því að þau voru hlessa á að heyra hann syngja svo fagurt og sjá hann veifa litlu vængjunum á frosnu greininni. »Hann er að þakka guði fyrir eitthvað, því að hann horfir upp í himininn,« sögðu börnin og hlustuðu—og þeim heyrðist litli fuglinn syngja þetta:

»Litli drengur, litla stúlka, sem eigið heima í skóginum! Guð gleymir ykkur ekki. Hann er svo góður! Hann er svo góður!«

Þau tíndu spýturnar og gengu heim; en hvílík gleði var á ferðum heima! Á borðinu var sælgætismatur og mörg barnagull handa þeim, sem einhver góðviljaður vinur hafði sent þeim, á meðan þau voru í burtu.«

Börnin hoppuðu af gleði og sögðu: »Litli fuglinn sagði okkur satt. Guð getur engum manni gleymt. Hann er svo góður! Hann er svo góður!«

Fuglarnir lifa áhyggjulausir og glaðir. Þótt þeir safni ekki í kornhlöður, bíða þeir ekki iðjulausir eptir björginni, en fljúga út á hverjum degi, til þess að tína sér korn, og þeir finna þau. Guð hjálpar þeim, sem hjálpa sjer sjálfir.

Það sem hænuunginn sá.

Veslings hænan hafði legið á tólf drífhvítum eggjum í marga daga og nætur, og enginn ungi kom út úr þeim. Nú var hún orðin svo leið á þessu þófi, að hún tók að brjóta á einu á fætur öðru, og einungis fúl ylgja vætti nefið á henni, því eggin voru öll orðin fúl, öll nema eitt; það tók sjálfkrafa að ganga af göflunum; hænan beið og beið, þolinmóð, þar til er það skiptist í tvo jafna hluti. Þessarri miklu hræringu olli stór gulgrár ungi, sem var innan í því. Hann brölti fram í dagsbirtuna með hálfan eggjakoppinn á bakinu og horfði undrandi á tóma helminginn, sem lá eptir. Nú var fæðingarstundin komin og þá brast skelin. Hænan og unginn horfðu hissa hvort framan í annað. Hún hugsaði: »Svona stóran og fallegan unga hefi eg aldrei fyrr sjeð!« En hann hugsaði: »Hver er eg? og hvar er eg?« Hann hristi sig og skók, og fann, að hann bar einhverja byrði á bakinu. Það var hálfur eggjakoppurinn, sem honum fannst vera svo þungur. Hann hristi sig! En koppurinn sat límdur á bakinu á honum.

»Hver er eg?« kvað hann nú ofurveikburða.

»Þú ert kominn inn í veröldina, barnið mitt!« skvakaði hænan og fór að rjetta honum korn.

»Inn í heiminn!« endurtók hann og fór nú að

breiða út litlu vængina, sem allir voru klístraðir saman.

Þá kom hundur hlaupandi, og ætlaði að lepja úr bolla hænunnar, en hún flaug á hann með klóm og nefi og rak hann á flótta ýlfrandi, því að jafnvel hinn sterkari víkur opt fyrir einbeittu áhlaupi. Litli unginn hnipraði sig saman og skalf af kulda og hræðslu.

»Er veröldin svona slæm?« sagði hann, þegar honum rann mæðin.

»Já, barnið mitt! og miklu verri. Allt og allir hugsa einungis um sjálfa sig«, galaði hænan. »Eg varð að verja þig, svo að hundurinn æti þig ekki«.

Litli unginn furðaði sig yfir þessu.

»Þú ert svo ungur enn; þú verður að gæta vandlega að öllu, svo að þú lærir að bjarga þér,« og hún fór nú að kalla til hans, að tína með sér kornin. »Á engu ríður þér eins mikið,« sagði hún, »eins og læra að bera þig eptir björginni, svo að hinir fuglarnir taki hana ekki frá þér.«

Litli unginn fór nú að reyna til að klóra upp jörðina til að leita sér að ormum, eins og hann sá mömmu sína gera; og honum tókst það smámsaman. Klærnar þroskuðust eins og hann sjálfur, og hann fylgdi henni út og inn, og eggjakoppurinn var nú dottinn af bakinu á honum, og litlu vængirnir voru orðnir liðugir. Stund-

um rak kisa stóru, gulgrænu augun framan í hann út úr bæjardyrunum, eða var að læðast í kring um hann, eins og hún væri að leita að einhverju. En þá hreiðraði hænan sig niður og kallaði á ungann sinn og stakk honum undir brjóstið á sér, eða, þegar illa lá á henni, stökk hún á kisu með klóm og nefi og rak hana á flótta. Á hverjum degi sá litli unginn einhverja höggorustu og ásókn, og eintómar hættur í kring um sig, og hann sagði: «Þetta er ill veröld, og þó er okkur einlægt gefið að jeta kvöld og morgna!«

»Það kemur til af því, unginn minn! að þú átt að verða stór, eins og eg. Þá borðar fólkið eggin þín eins og mín, og þú átt að ala upp unga líka.«

»Það kemur til af þessu,« hugsaði unginn.

Og nú kom annar dagur, og hænan og unginn fóru að tína sér korn, og litli unginn tók eptir öllu, sem hann sá og heyrði, og spurði mömmu sína um það.

Nú sá hann stóran mann koma gangandi með þungan bagga á bakinu. Hann teymdi hest, sem líka bar stóran bagga á bakinu. Þeir voru báðir kúguppgefnir, þegar þeir komu í hlaðið, og maðurinn varð svo feginn að leggja bagga sinn upp á garðinn og hvíla sig, en veslingshesturinn varð að standa undir sínum böggum, þangað til hann varð svo þreyttur, að hann

lagðist niður undir þeim. Maðurinn, sem nú hafði hvílt sig, tók nú stafinn sinn og barði hestinn, þangað til hann stóð upp. Hann mátti ekki hvíla sig. Þá hristi litli unginn höfuðið og sagði við mömmu sína: »Þetta er vond veröld, sem eg er kominn inn í. Veslings skepnan átti að fá að hvíla sig, eins og maðurinn. Þeir voru báðir jafnþreyttir.«

»Já, unginn minn!« sagði hænan. »Maðurinn átti að taka baggana ofan af honum, meðan þeir stóðu við. En hann er slæmur maður, og þess vegna gerði hann það ekki. En það eru líka margir góðir menn til, þó að þú hafir ekki enn séð þá.

Nú kom næsti dagur, og hænan fór út með litla ungann sinn, sem nú var farinn að stækka. Þau leituðu sér að kornum og möðkum hingað og þangað, og komu þangað, sem fáein börn voru að leika sér. Eitt þeirra var svo lítið, að það gat varla gengið með hinum. Litli unginn nam nú staðar, teygði fram höfuðið og sagði við mömmu sína:

»Eru þetta allt menn, mamma mín?«

»Já,« sagði hænan. »Það eru litlir og veikburða menn; en þeir þroskast eins og þú.«

»Og vondir?« spurði litili unginn.

»Sumir eru það, ef til vill,« svaraði hún.

Rétt í þessu fóru stærri börnin að erta litla barnið, sem engu gat af sér hrundið, svo það

fór að gráta og kalla á hana mömmu sína, sem var hvergi nærri: »Er veröldin svona vond?» sagði litli unginn öldungis forviða. Á hverjum degi síðan er eg kom inn í veröldina, hefi eg séð eitthvað illt og ljótt. Eg vil fara úr henni aptur.«

»Þú getur það nú ekki, unginn minn! og þú átt eptir að lifa marga góða daga. Við stóru hænsnin gerum þetta á stundum líka að setjast að því, sem aumast er.«

»En eg finn, að það er ljótt,« sagði litli unginn. »Eg finn það vel.«

Nú kom enn annar dagur, og hænan og unginn fóru snemma út að tína sér korn. Þá kom stór drengur og teymdi á eptir sér hest, og hesturinn var latur í tauminn og sleit hvað eptir annað snærið. Drengurinn barði þá framan í hann, og reyrði snærið upp í munninn á honum svo fast, að varirnar á veslings hestinum skulfu, og munnurinn á honum var svo sár undan snærinu, að blóðið rann úr munninum á honum, og samt batt slæmi drengurinn snærið fast upp í hann aptur ofan í sárið. »Nú, er heimurinn svo grimmur og vondur,« sagði unginn og hristi litla höfuðið, »að mér ofbýður, og eg sé ekkert gott í honum.«

»Biddu nú dálítið, unginn minn!« sagði hænan. Þá kom annar drengur hlaupandi með taumbeisli, leysti snærið út úr hestinum, og setti

ofboðhægt upp í hann beislið, og sagði við slæma drenginn: »Viltu, þegar þér er illt í munninum, að snæri sé bundið ofan í sárið? Þú átt aldrei að gera öðrum það, sem þú vilt ekki láta gera þér!«

Slæmi drengurinn sagði: »Þetta er hestur, sem þig varðar ekkert um.«

»Jú! Mig varðar um allt, og eg á að laga allt, sem hægt er að laga. Veröldin er eins sköpuð fyrir mig eins og fyrir þig, og guð hefir skapað skepnuna eins og þig og mig, og vill, að henni líði vel.«

»En hesturinn getur ekki kært mig eins og þú,« sagði slæmi drengurinn.

»Jú! Hann getur kært þig fyrir guði, og allar skepnur, sem þú ferð illa með, geta það,« sagði góði drengurinn, »því að hestarnir hneggja og skilja hverjir aðra, og hver skepna hefir sitt mál; og heldurðu ekki, að guð, sem gaf þeim þetta mál, skilji það? heldurðu, að hann skapi nokkuð, sem hann skilur ekki og þekkir ekki? Þetta líf líður skjótt bæði fyrir mönnum og skepnum, og þú veizt þá ekki, hvað tekur við, og hversu þú verður dæmdur fyrir að fara illa með skepnurnar.«

Slæmi drengurinn fór nú af stað og teymdi hestinn, sem nú var orðinn góður í taumi, og hann skammaðist sín fyrir, hvað slæmur hann var.

En unginn sagði við mömmu sína: »Nú sé eg, að veröldin er ekki eins slæm og eg hélt fyrst. Nú ætla eg að lifa ánægður í henni héðan af.« Og hann óx og dafnaði dag frá degi, varð stór hæna og átti marga unga, og sá upp frá þessu daglega eitthvað gott saman við hið illa.

Og svo eiga litlu börnin að taka eptir hinu góða, sem er í heiminum, og gera það sjálf, en forðast vondu mennina og forðast að taka eptir þeim það, sem er siðspillanda. Sérhvert barn, sem er gott og sannsögult, gerir veröldina ofboðlítið betri og bjartari en hún er.

Eg á engan heiðurskrans skilið.

(Þýtt).

»Komdu með okkur, Súsanna!« sögðu nokkrar litlar stúlkur við stallsystur sína. »Við ætlum að fara inn í skóg að skemmta okkur«.

»Mig langar að fara með ykkur,« sagði Súsanna og stundi. »En eg get ekki lokið við það, sem hún amma mín setti mér fyrir að gera«.

»Það hlýtur að vera mjög leiðinlegt,« sögðu þær, «að sitja heima og vinna í frítímunum.«

»Amma þín, Súsanna! er of vinnuhörð,« sagði ein þeirra og hristi höfuðið.

Súsanna heyrði, hvað hún sagði, laut niður að verki sínu, þerrði af sér nokkur tár og fór

að hugsa um, hvað skemmtilegt það væri, að tína með þeim ber og blóm inni í skóginum. Þá sagði hún í huga sínum: »Það er engin synd fyrir mig að færa markið í sokknum, sem hún amma mín setti í hann. Skógurinn er víst undur fallegur í dag, og það væri svo mikið gaman að koma þangað.«

Eptir fáeinar mínútur sagði hún: »Amma! Nú er eg búin með það, sem þú settir mér fyrir að prjóna.«

»Er það mögulegt, Súsanna? Svona fljótt!« sagði amma hennar, tók við sokknum og horfði grandgæfilega á hann.

»Það er satt, Súsanna!« sagði hún með áherzlu á hverju orði. »Það er satt — það eru tuttugu umferðir frá markinu, og af því að þú hefir aldrei sagt mér ósatt, þá máttu nú fara og skemmta þér, eins og þú vilt, það sem eptir er af deginum.«

Súsanna roðnaði og þakkaði henni ekki fyrir, gekk seint og þunglamalega í burtu, en söng ekkert, eins og hún var vön.

»Hvað er þetta? Súsanna kemur,« hrópuðu leiksystur hennar. »Hvað kemur til? Því hefirðu farið frá henni góðu ömmu?« sögðu þær í ertni.

Það kemur ekkert til,« sagði hún, en fann þó til, að hún var að reyna að svíkja sjálfa sig. Hún hafði skrökvað, og hún mundi, hvað

amma henuar hafði sagt: »Þú hefir aldrei sagt mér ósatt.« Hún sagði við sjálfa sig: »Jú!' eg sagði henni ósatt, og ef hún vissi það, þá mundi hún aldrei framar trúa mjer.«

Þegar þær voru komnar á græna flöt inni í skóginum, hlupu leiksystur hennar hingað og þangað til að skemmta sér, en Súsanna sat í grasinu og óskaði, að hún væri komin heim, til þess að játa fyrir ömmu sinni yfirsjón sína.

Eptir litla stund kallaði Rósa: »Nú skulum við búa krans til úr fjólunum, og setja hann á höfuðið á þeirri, sem er bezt í hópnum.«

Júlíana, ein þeirra, sagði: »Það verður hægra að búa kransinn til, en að skera úr, hver er hæf fyrir að bera hann.«

Rósa sagði: »Því segir þú þetta? Er ekki sagt, að Súsanna sé bezta stúlkan í skólanum og hlýðin heima? Hún skal fá hann.«

»Já, Súsanna skal fá kransinn,« sögðu nú hinar stúlkurnar, og fóru nú að búa hann til, og gekk það fljótt úr hendi.

»Nú, Súsanna!« kallaði Rósa. «Láttu hann á höfuðið á þér. Þú átt að vera drottning hjá okkur.« Þegar þær sögðu þetta, settu þær kransinn á höfuðið á henni. Súsanna greip hann, kastaði honum á jörðina og sagði: »Búið engan krans til handa mér; eg á hann ekki skilið.«

Leiksystur hennar horfðu forviða á hana.

»Eg sagði henni ömmu minni ósatt,« sagði

hún, og tárin runnu niður um kinnarnar á henni.

»Eg færði markið í sokknum, svo að eg fengi að koma hingað til ykkar.«

»Kallarðu það nokkra synd?« spurði ein af þeim.«

»Já, eg veit fyrir víst, að það var synd, og mér hefir liðið illa síðan.«

Súsanna hljóp nú heim og hafði mikinn hjartslátt, og sagði:

»Ó, amma mín! Eg á refsing skilið, því að eg færði markið, sem þú settir í sokkinn. Fyrirgefðu mér það, því að eg iðrast eptir það.«

»Súsanna!« sagði amma hennar. »Eg vissi það undir eins. En eg lofaði þér að fara út, því að eg vissi, að samvizka þín mundi segja þér til syndarinnar, og eg er glöð yfir því, að þú kannaðist við hana og angraðist yfir henni.«

»Hvenær get eg þá orðið góða barnið þitt?«

»Undir eins núna!« sagði amma hennar og kyssti hana og faðmaði að sér.

Guði og mönnum þykir vænt um góðu börnin, sem kannast við yfirsjónir sínar og láta af þeim.

Sólin og vindurinn.

Einu sinni var bóndi nokkur svo kúguppgefinn, að slá vallendisbala sinn, að hann lagði

frá sjer orfið örvilnunarfullur, dró djúpt andvarp, og sagði við sjálfan sig:

»Nú verða veslings-börnin mín að fara á hreppinn, fyrst eg endist ekki lengur til að vinna fyrir þeim.« Í hlíðinni uppi yfir voru létt þokubönd að kvísla sig til og frá fyrir hægri golu. Þau ýmist smugu í hverja klettaskoru, eða hófu sig upp í smáum sundurlausum hnöppum, og kölluðust á um eitthvað, sem þeim hvarflaði í huga. Golan var svo máttlaus, að hún ljek sér að því að smátæta þau í sundur, eða þá ofurhægt rak þau saman, svo sem hún hefði ekkert að gjöra nema að leika sér hugsunar- og tilgangslaust.

Rétt í þessu brauzt sólin fram, og undan einu þokuskýinu gægðist þrefaldur regnbogi, skínandi í öllum upphugsanlegum litaskiptum. Náttúran var svo blíð og róleg, en aðgjörðalaus. Þarna lá veslings bóndinn, uppgefinn að slá harða völlinn. Þar skammt í frá léku litlu börnin sjer hugsunarlaust, glöð og ánægð með hið yfirstandanda.

»Heyrðu«, kallaði þá sólin til golunnar. »Var það ákvörðun okkar að gera ekkert nema að skemmta okkur?«

»Og að gagna öðrum,« svaraði golan, og leið ofur hægt yfir andlitið á bóndanum, sem þerraði svitann af enni sér.

»Sameinum þá krapta okkar,« sagði sólin.—

Golan hóf sig nú með hraða, og þjappaði þokuhnöppunum saman, og nú mynduðust í skauti hennar ofurlitlir regndropar, sem fóru nú að hugsa um sinn verkahring. »Við eigum að vökva jörðina,« sögðu þeir hver við annan, héldust í hendur og steyptu sér til jarðar, svo að jörðin varð vot á svipstundu. Golan hætti þá að blása og horfði á.

»Guði sé lof!« sagði bóndinn; »nú rignir.« Hann stóð upp, fór aptur að slá og fékk nýjan dug.

»Slæma rigningin,« sögðu börnin, »truflaði leiki okkar,« og tóku saman gullin sín og hlupu heim, armædd yfir óblíðu náttúrunnar.

Sólin sendi þá geisla sína fagra og heita í faðmlög vindanna, og þeir sveifluðu sjer í sameiningu niður til jarðarinnar og þurrkuðu heyið bóndans, svo hann fékk nóg handa skepnunum sínum, og þurfti ekki að senda börnin sín á sveitina.

Þannig er kærleikurinn hugull og þrekmikill í áformum sínum, og gjörir opt köldu spekina að herfangi sínu. Þeir, sem vilja gjöra gagn, verða að vera samhentir.

Ærin og litla lambið.

»Hvers vegna er verið að taka mig frá þér á hverri nóttu?« spurði litla lambið hana mömmu sína einn morgun, þegar nýlega var

búið að hleypa því út úr stekknum. Þetta var það að segja, á milli þess að það hljóp undir mömmu sína og fékk sér góðan mjólkursopa úr spenunum á henni.

Ærin, mamma þess, var að jórtra af ánægju yfir því, að hafa fengið litla lambið sitt aptur. Hún hafði verið svo óróleg alla nóttina að rangla til og frá um stekkjarbólið, að leita að því. Það hafði mörgum sinnum jarmað upp þessarri spurningu, þegar hún loksins kyngdi jórturtuggunni niður og sagði:

»Eg veit það ekki, lambið mitt! hvers vegna mennirnir fara svo með okkur. En það man eg, að þegar eg var ofboðlítið lamb eins og þú, þá var eg öldungis eins tekin frá henni mömmu minni, og síðan var eg flutt svo langt burtu, að eg sá hana aldrei framar.

»Sástu hana aldrei framar?« jarmaði lambið aumkunarlega.

»Jú, eg mun hafa séð hana. En eg þekkti hana þá ekki innan úr hinu fénu. Það var um haustið. Eg var þá alveg búin að gleyma henni.«

»Gleyma henni mömmu þinni?« sagði lambið, og hristi undrandi litla höfuðið.« Eg er viss um, að eg gleymi þér aldrei.«

Ærin lypti nú upp fætinum, því að lambið saug hana svo fast, og labbaði ofurhægt út klettana jórtrandi og litla lambið á eptir henni.

Svona leið til fráfærnanna. Einlægt var litla lambinu stíað frá mömmu sinni á nóttinni, og það var orðið svo vant við þetta, að kvöldið áður en fært var frá, gekk það sjálft inn í stekkinn, fullvíst um að verða látið til mömmu sinnar að morgni. En það brást.

Um morguninn var engin ær sýnileg á stekkjarbólinu. Vesalings lömbin emjuðu og kölluðu allan daginn á mömmur sínar, hvert í kapp við annað, en fengu ekki að sjá þær, og engan mjólkurdropa. Litla lambið, sem var svartkollótt gymbur, bar sig einna verst. Hún var svo lítil og óframfærin, og gat ómögulega gleymt henni mömmu sinni, en kallaði svo hátt á hana, að kvað við í hömrunum; en þó heyrði mamma hennar ekki til hennar, því að hún var komin langt upp í dal, og var þar einlægt að kalla á lambið sitt. Um kvöldið voru ærnar reknar heim á kvíabólið og mjólkaðar, og einlægt voru þær að kalla á lömbin sin. Svona liðu margir dagar, og vesalings ærnar urðu þreyttar að jarma og gleymdu nú smámsaman lömbunum sínum og fóru að jórtra aptur.

Ofurlítil stúlka, sem hét Ólöf, lá á kvíaveggnum, og hafði sér það til gamans að telja ærnar, sem búið var að mjólka, og mjaltakonurnar höfðu skreytt með stóreflis mjólkurpentu á rófubeinið til auðkenningar frá þeim, er ómjólkaðar voru. Þá kom smalamaður með ofurlitla

svartkollótta gymbur á handleggnum og sagði við Ólöfu:

»Taktu við þessu lambi. Það festi sig á milli steina og braut á sjer fótinn.«

Ólöf hljóp heim til pabba síns og sagði honum frá þessu.

»Þú mátt eiga það,« sagði hann, »ef þú getur tjóðrað í það lífinu.«

Nú tók Ólöf litla til starfa. Hún fór með litla lambið upp á pall til mömmu sinnar og bað hana að gefa sjer þráðarspotta, og pabbi hennar gaf henni tvær þunnar spýtur, og hún lagði spýturnar við litla brotna fótinn og batt þær svo fastar með þræðinum. Morguninn eptir fór hún með litlu Kollu út á kvíavegg, og bað um ærnyt handa henni, og hún fékk hana. Það var mjólkin úr henni mömmu hennar. Svona leið nú ein vika, og einlægt kom Ólöf litla á kvíavegginn með Kollu sína, sem nú var farin að jarma eptir henni og elta hana á þremur fótum, eins og hún væri mamma hennar. Stundum setti hún Kollu niður í kvíarnar og lét hana sjúga hana mömmu sína, sem þefaði af henni og fór þá aptur að jórtra ofur rólega, rétt eins og hún vildi eiga lambið sitt hjá Ólöfu litlu.

Svona leið nú sumarið. Einlægt heilsaði litla Kolla upp á mömmu sína og fékk sér sopa, og labbaði þá ofur rólega heim á eptir Ólöfu litlu,

sem Kollu litlu þótti nú svo vænt um. Nú var búið að taka spilkurnar af fætinum og hún var ekki hölt lengur.

Ólöf litla fór opt út með matinn sinn og borðaði hann hjá Kollu litlu, og þær kölluðu hvor til annarrar og voru opt saman.

Nú kom haustið, og þá var öllu fénu safnað saman í stóra rétt. Þangað kom Kolla litla. Hún leitaði um alla réttina að henni mömmu sinni, og hún fann hana inni í einu horninu og heilsaði henni.

Mamma hennar sagði: »Ertu nú eigi búin að gleyma mér, lambið mitt?«

»Nei, elsku-mamma,« sagði Kolla. »Mér þykir ofboðvænt um þig; en mér þykir líka vænt um hana Ólöfu litlu. Hún hefir verið svo góð við mig í sumar.«

»Það er rétt, lambið mitt! Vertu þakklát við alla, sem eru góðir við þig. Öllum er illa við þá, sem eru vanþakklátir.« Nú labbaði Kolla litla til Ólafar, nuddaði sér utan í pilsið hennar, svo sem hún væri að þakka henni fyrir sig. Tveimur árum síðar átti Kolla ofboðlítið lamb, sem Ólöf bar í fanginu. Kolla gekk jarmandi á eptir og sagði: »Vertu eins góð við lambið mitt og þú varst við mig.«

Ólöf græddi margt fé út af Kollu sinni.

Litla kisa óánægð.

»Því ertu að klippa af mér kampana?« sagði kisa stygglynd við Ástríði litlu, sem sat með hana í hnjánum og ætlaði að stýfa kampa hennar.

»Eg ætla að gjöra þig fallega, eins og hann pabba minn,« sagði Ástríður litla. Hann rakaði kampana sína í gær, og mamma sagði, að hann væri miklu fallegri.«—»En það, sem er gott fyrir hann pabba þinn, er ekki gott fyrir mig,« sagði litla kisa.

»Eg er líka búin að stýfa af mér hárið«, sagði Ástríður litla, og greip upp í spéskorna hárið sitt, og eg hélt, að þér þætti líka gaman að verða klippt.«—»Nei! Mér þykir það ekki gaman,« sagði kisa, og brauzt svo fast um, að hún klóraði Ástríði litlu á handarbakið.

»Því reifstu mig til svona, ótætið þitt?« sagði hún hálfskælandi.

»Af því að þú ert að gera mér illt,« sagði kisa.

»Er þá illt að vera fallegur?« sagði Ástríður.

»Eg verð ekkert fallegri fyrir það, því að kamparnir mínir eru svona gjörðir. Þeir vaxa ekki, eptir að eg er orðin stór, eins og hárið á þér og skeggið á honum pabba þínum.«

»Hvers vegna vaxa þeir þá ekki?« spurði Ástríður.

»Af því að þeir eru mátulega langir eins og

þeir eru, og eg verð að hafa þá eins og þeir eru gjörðir í fyrstu.«

»Því má eg ekki klippa dálítið af þeim?« spurði Ástríður.

»Af því að eg get þá ekki veitt mýsnar.«

»Því þá ekki það? Þú veiðir þær ekki með kömpunum.«

»Ekki með kömpunum, en það er þó þeim að þakka, að eg get veitt þær. Eg verð svo opt að elta þær inn í holur og fylgsni, og eg finn með kömpunum, hvar eg get komizt á fram. Annars ræki eg mig á. Eins og þú þreifar þig á fram með höndunum, þannig þreifa eg mig á fram með kömpunum.«

Ástríður fór nú að skilja, til hvers kamparnir voru ætlaðir, sleppti kisu og sagði við mömmu sína:

»Er það satt, að kisa þreifi sig á fram með kömpunum?«

»Jú, alveg satt, barnið mitt!« sagði mamma hennar. »Eða til hvers heldurðu að hún hafi fengið þessa kampa?«

»Eg veit það ekki, mamma mín.«

»Guð skapar ekkert, sem er ónauðsynlegt, barn mitt! Þess vegna máttu aldrei meiða dýrin að þarflausu, því að þau þurfa eins og þú og eg á öllum sínum kröptum að halda.«

Ástríður hugsaði sig þegjandi um, lagði nið-

ur skærin og sagði: »Eg skal þá ekki gera það, mamma mín.«

Hún var gott og hlýðið barn, eins og þið heyrið á þessu.

Hverjum þykir sinn fugl fagur.

(Þýtt).

Eg var á gangi uppi á grænu hæðunum á fögrum sumardegi, og kindurnar voru glaðar og ánægðar að bíta allt í kring um mig. Þá heyrði eg, að ein af ánum sagði:

»Ekkert er eins fallegt og skemmtilegt í heiminum eins og litla lambið mitt; það er svo fljótt á fæti; ullin þess er drifhvít og augun svo fjörug. Grátitlingurinn á fjóra litla unga; en eg á einungis einn. En eg elska minn eina heitara en hann elskar sína fjóra.«

Eptir þetta lagðist hún niður framan í hlíðina við hliðina á lambinu sínu. Þau lögðu höfuðin fram með hliðinni, og sofnuðu í sólskininu.

Eg gekk þá heim til mín og sá gamla gráa köttinn með þrjá kettlingana sína og hún var að segja þetta við sjálfa sig:

»Kettlingarnir mínir eru fallegri en allar aðrar skepnur á jörðinni. Skinnið á þeim er svo slétt, og skottin á þeim svo falleg, að eg get ekki nógsamlega elskað þá, og heldur ekki sagt, hver þeirra er fallegastur.«

Þá lagðist hún niður við eldinn hjá þeim og fór að sofa.

Nú gekk eg út í garðinn. Þar var gamla hænan með tíu unga, og var að leita að kornum, og þegar hún fann þau, kallaði hún á unga sína, sem undir eins hlupu til hennar. Hún sagði við sjálfa sig: »Sólin, sem sjer alla hluti, hefir aldrei séð neitt eins fallegt og ungana mína. Ærin elskar lambið sitt, kötturinn elskar kettlingana sína, en eg elska ungana mína heitara en þær elska börnin sín. Komið inndælu, litlu ungarnir mínir! Komið, og hreiðrið ykkur undir vængjunum á mjer, því að þar hvílið þér hættulausir í værð.« Þá hlupu allir ungarnir til mömmu sinnar og fóru að sofa undir stóru og heitu vængjunum hennar.

Frelsarinn vill safna ykkur, börn mín! undir vængi náðar sinnar, eins og hænan saman safnar ungum sínum undir vængi sjer. Flýið þangað í aðköstum lífsins. Þar er óhult skýli.

Sagan um litlu kisu.

(Þýtt)

Amma sagði börnunum þessa sögu:

Litla kísa á sjálf að fara að vinna fyrir lífi sínu.

Það var einu sinni lítill köttur, varla ársgamall. Mamma hans sagði við hann:

»Heyrðu, litla kisa mín! Hjeðan af verður þú nú að sleikja þig sjálf, liggja einsömul, og afla þjer matar, því að bráðum eignast eg ofurlitla kettlinga og verð þá að fara að hugsa um þá«.

»Já, mamma mín!« sagði litla kisa. »Eg get vel sleikt mig sjálf, og eg get vel sofið einsömul. En eg hefi ekki lært að vinna mér brauð«.

»Jú, víst hefirðu lært það«, sagði gamla kisa. »Eg hefi kennt þér að veiða mýs«.

Nú fór litla kisa út, til að vita, hvað heppin hún yrði.

Það var komið undir kvöld og hún var heldur huglítil, því að nú vissi hún, að hún átti að fara að sjá fyrir sér sjálf.

»Hvert á eg að fara?« spurði hún mömmu sína.

»Niður í garðinn«, svaraði hún.

Litla kisa hlýddi því og hitti nú hreysiköttinn, sem sat úti á skarnhaugnum og sleikti út um munninn.

»Sæll vert þú, hreysiköttur!« sagði litla kisa.

»Hvaða erindi átt þú hingað?« spurði hreysikötturinn.

»Eg kem til að veiða mýs«, sagði litla kisa. »Eg á nú að fara að sjá fyrir mér sjálf, og mamma mín heldur, að eg geti það«.

»Það er helber vitleysa!« sagði hreysiköttur-

inn, »því að það eru orðnir of margir um að veiða mýs; það væri betra fyrir þig að velja einhvern annan lífsveg, því að mýsnar eru einlægt að fækka í heiminum, og eg hefi ekkert haft að éta í allan dag, þangað til að eg veiddi mjer núna litla og magra mús til kvöldmatar«.

Við þessa fregn varð litla kisa hrygg og gekk inn í heyhlöðuna, og þar hitti hún náttuglu, sem sat þar upp á efsta bjálkanum.

»Komdu sæl, frændkona góð! Hvernig líður þjer?« sagði hún við litlu kisu.

Kisa mælti: »Mér líður ekkert vel. Eg verð að veiða mér mýs til viðurværis, og mér hefir verið sagt, að það séu ekki nema örfáar mýs til í öllum heiminum og margir þurfi að lifa af þeim«.

»Það er alveg satt!« sagði uglan. »Eg hefi setið hérna í allt kvöld, og ekki heyrt svo mikið sem hrært við einu hálmstrái«.

Þá gekk litla kisa heim til mömmu sinnar og sagði henni, hvernig sér hefði gengið ferðalagið.

»Þú skalt þó ekki fara svöng að sofa«, sagði mamma hennar, þegar hún hafði sagt henni söguna.

»Á meðan þú vart í burtu, veiddi eg ofurlitla mús handa þér. Eg hugsaði, að það mundi fara fyrir þér eins og fór«.

Litla kisa át nú músina, og mamma hennar sagði: »Vertu ekkert hrædd, litla kisa mín! því að þegar eg átti að byrja að vinna fyrir mér, eins og þú núna, þá var svona dreginn úr mjer kjarkurinn. En eigi að síður hefi eg á hverjum degi aflað mér nægilegrar fæðu, og það munt þú líka geta. Nú máttu enn vera dálítinn tíma hjá mér. En fyrir sólarupprás á morgun skaltu fara út á engjar; þar eru margar mýs og fáir að veiða þær«.

Litla kisa hresstist við þetta og var kyrr hjá mömmu sinni um stund.

Nú fór hún út á engið, sem allt glitraði af ljómandi fallegri perludögg. Litla kisa hristi við og við litlu fæturna sína, því henni féll döggin ekki vel.

Nú hitti hún þarna tóu, sem var að ganga til og frá, urrandi og nöldrandi, og tók ekki eptir neinu. Litla kisa sagði við hana, hrædd og auðmjúk:

»Hvað gengur að þér, góða tóan mín! fyrst þú lætur til svona?«

»Ótætis krákurnar hafa nýlega fundið músabú með sex músaungum. Eg fann það fyrst og ætlaði að láta þá stækka dálítið og lét það því vera. En nú hafa krákurnar stolið þeim öllum frá mér. Eg vildi óska, að eg hefði undir eins étið þá«.

Þá gekk litla kisa aptur heim og sagði: »Eg

veit ekki, hvað eg á að taka fyrir. Eg hefi ekki lært neitt annað en að veiða mýs, og það eru svo margir, sem lifa af því, að það verður ekkert eptir handa mér. Það var óhyggilegt af henni mömmu minni að kenna mér ekkert annað. Eg dey af hungri«.

En á meðan hún var að velta þessu fyrir sér, kom ofboðlítil mús út úr holu sinni, til þess að sleikja daggardropana, og hljóp þá aptur skelkuð til holunnar sinnar. Í einu vetfangi greip litla kisa hana með klónum og át hana undir eins upp. Gekk hún því lengra, glaðari í geði. Þá hljóp önnur mús fram hjá henni. Hún tók hana undir eins og át. Og nú gekk litla kisa södd og glöð heim til mömmu sinnar.

Eptir þetta fór litla kisa á hverjum degi að veiða sér mýs. Hún veiddi ekki æfinlega jafnmargar, en þó jafnan nógu margar til þess að lifa af. Þegar hún varð stór, kenndi hún svo ungunum sínum að veiða mýs.

Þá er amman hafði lokið sögunni, klöppuðu litlu börnin í lófann og sögðu: «Guð sá fyrir kisu litlu, svo sem hann fæðir fugla himins og dýr merkurinnar«. En stóru börnin sögðu: »Þetta er víst uppáhalds-sagan hennar ömmu, því að tárin koma ætíð fram í augun á henni, er hún segir hana».

Hugsa vel um, hvað þú tekur þér fyrir

hendur, áður þú leggur hönd á plóginn, og miss þá ekki kjarkinn, þótt örðugt gangi í fyrstu. Menn ráða opt öðrum frá því, sem þeir girnast sjálfir.

Smámunir, sem um munar.

(Þýtt).

Eðvarð var einu sinni að skoða stórt hús, sem var verið að byggja beint á móti húsinu, sem hann bjó í, og hann tók eptir, hversu verkamennirnir báru kalkið og múrsteinana upp stigana og hlóðu hverjum ofan á annan.

Þá sagði faðir hans við hann: »Þú gætir vandlega að byggingarmönnunum, Eðvarð minn! Hvað ertu að hugsa um? Langar þig til að verða hleðslumaður?«

»Nei,« svaraði Eðvarð brosandi. «En eg var að hugsa um, hvað lítilfjörlegur einn einasti múrsteinn er, og þó eru stór hús byggð þannig, að hver múrsteinninn er hlaðinn ofan á annan«.

»Það er dagsanna, drengur minn! Gleymdu aldrei því, að þannig er öllum stórvirkjum varið. Allur lærdómur þinn er ekki nema ein lítil lektsía eptir aðra. Og ef einhver gæti gengið í kring um heiminn, yrði hann að ganga eitt sporið á fætur öðru. Allt líf þitt saman stendur af eintómum stuttum augnablik-

um og veraldarhöfin af ótölulegum smádropum.

Lærðu af þessu, að lítilsvirða aldrei smámuni, og sömuleiðis að óttast ekki, að takast stórvirki á hendur. Hið mikilfenglegasta verk verður létt, ef því er skipt í marga parta. Þú getur ekki stokkið yfir neitt fjall, en þú kemst yfir það, með því að ganga fet eptir fet. Mundu æfinlega eptir, að stóra húsið að tarna er einungis steinn ofan á steini, og að fáein vingjarnleg orð og smá góðvildaratlot geta umskapað þessa jörð í himnaríki«.

Bergmálið.

(Þýtt).

»Hopp, hopp, hopp!« hrópaði Hinrik litli, þegar hann var að leika sér á akri nálægt skógi einum.

»Hopp, hopp, hopp!« svaraði bergmálið aptur.

»Hver er þar?« kallaði Hinrik forviða.

»Hver er þar?« svaraði bergmálið aptur.

»Heimskinginn þinn!« hrópaði Hinrik eins hátt og hann gat.

»Heimskinginn þinn!« svaraði bergmálið eins hátt innan úr skóginum.

Yfir þessarri ósvífni varð Hinrik fokreiður, og kallaði upp mörg ljót nöfn. Bergmálið sendi honum aptur hvert einasta orð í sama

tóni. Nú þegar Hinrik sá ekki þann, sem talaði í skóginum, hljóp hann heim til pabba síns, og sagði honum um slæma drenginn, sem hefði falið sig inni í skóginum og nefndi sig öllum illum nöfnum.

»Hinrik minn!« sagði faðir hans, »þú hefir einungis heyrt bergmál þinna eigin orða. Þú hefir fyrst talað ljótu orðin. Ef þú hefðir mælt vel og kurteisislega, þá mundir þú hafa fengið góð og kurteis orð aptur. Góð orð færa gott bergmál«.

Ráðvandi drengurinn.

(Þýtt).

Einu sinni fór maður nokkur með fulla körfu af eplum til að selja, og bar hana á höfðinu, svo sem margir gjöra í öðrum löndum.

Hann tók eptir því, að nokkur epli duttu niður á götuna, en drengur, sem fór sama veginn, tók þau upp og kallaði: »Hérna hefirðu týnt nokkrum eplum«.

Maðurinn stóð við og drengurinn fékk honum eplin. Maðurinn þakkaði honum fyrir og tók við eplunum. »Og nú máttu«, sagði hann, »velja þér bezta eplið úr körfunni minni«, og setti hana niður. »Veldu þér gott epli, því að þú ert ráðvandur drengur«. Drengurinn valdi sér eplið, þakkaði fyrir það og maðurinn fór sína leið.

Þá kom annar drengur að, og sagði við hann: »Þú hefðir átt að eiga öll eplin, sem þú fannst og þá hefðir þú getað gefið mér eitt«.

»Nei«, svaraði drengurinn. »Eg átti þau ekki, þó að eg fyndi þau, en eg skal gefa þér þetta epli, því að eg á það með réttu. En ef eg hefði gefið þér það, sem eg átti ekki, þá hefði eg verið þjófur. Og þó eg sé fátækur, þá er eg of stór af mér til að skerða heiður minn«.

Það var mikið fallega hugsað af litla drengnum. Gott mannorð er svo mikilsvert, að enginn er svo ríkur, að hann megi missa það.

Ef þú treystir guði, eins og þú átt að gera, þá verðurðu að lifa svo vel, að mennirnir geti treyst þér. Annars ertu lygari.

Gott meðmælingarbréf.

(Þýtt).

Maður nokkur, sem þurfti að fá dreng til að hjálpa sér á skrifstofu sinni auglýsti það í dagblöðunum, og undir eins komu meira en fimmtíu drengir, sem vildu taka þetta verk að sér. Hann valdi þegar einn úr hópnum og lét hina fara. Þegar þeir voru farnir, sagði vinur hans við hann: »Mig langar að vita, hvers vegna þú valdir þér þennan dreng, sem ekki hafði svo mikið sem eitt einasta meðmælingarbréf að styðjast við«. — »Þú ferð villt«, sagði maðurinn

— »Hann hafði mörg, — mjög mörg. Áður en hann kom inn, þurrkaði hann af fótunum á sér og lokaði hurðinni á eptir sér, sem sýnir, að hann er reglubundinn og hreinlegur.

Þegar gamli, halti maðurinn kom inn, léði hann honum undir eins sætið sitt; það bendir á, að hann er bæði hugull og hjartagóður.

Eg lagði af ásettu ráði bók á gólfið, áður en drengirnir komu inn. Allir hinir stigu yfir hana eða spyrntu henni af veginum, en hann tók hana upp og lagði hana á borðið. Þetta sýnir, að hann er umhugsunarsamur.

Hinir drengirnir stjökuðu hverir öðrum, til að komast að. En hann beið með stillingu, þangað til að eg kallaði á hann. Þetta sýnir, að hann er kurteis.

Þegar eg fór að tala við hann, tók eg eptir því að fötin hans voru vel bustuð, hárið vel greitt og tennurnar snjóhvítar. Og þegar eg lét hann skrifa nafnið sitt, sá eg, að ekkert skarn var undir nöglunum á honum, eins og á fallega drengnum í bláu treyjunni.

Og ef þú kallar ekki þetta gott meðmælingarbréf, þá gjöri eg það. Eg byggi meira á því, að virða drenginn fyrir mér í tíu mínútur, en á góðu meðmælingarbréfi«.

Lífið saman stendur af eintómum smá-atvikum, en þau falla saman í eina heild, og skapa

góðan eða illan lífsferil, gjöra sjálfa oss og aðra hamingjusama eða óhamingjusama, hér og annars heims. Og það, sem hefir svo alvarlegar afleiðingar í för með sér, eru engir smámunir.

Seinláti drengurinn.

(Þýtt).

Bóndi nokkur, sem bjó nærri skógi, átti son, sem hét Salómon. Móðir hans nefndi hann Salómon, af því, sagði hún, að hann er greindur; og hún hélt, að hann yrði líkur Salómon konungi að vizku.

»Já«, sagði faðir hans. »Hann er greindur, en hann er of seinlátur, og taki hann sér ekki fram með það, verður aldrei maður úr honum«.

Einu sinni þegar Salómon var orðinn tíu ára, ætlaði faðir hans að fara skemmtiferð inn í skóginn með nokkrum vinum sínum og leigði stóran vagn, til þess að keyra þá þangað. Hann lofaði Salómoni að koma með, en sagði, að hann yrði að vera tilbúinn klukkan sjö daginn eptir; þá færu þeir.

Salómon vaknaði kl. sex daginn eptir. Það var fagurt veður og sólskin; en hann var latur og seinlátur að vanda og hugsaði með sér: »Ef eg klæði mig tíu mínútum áður en þeir fara, þá hefi jeg nægilegan tíma«, og hann lá kyrr

í rúminu sínu, þótt hann heyrði, að ferðafólkið kæmi ofan stigann og fram hjá svefnherberginu hans og kallaði á hann. Hann ansaði ekki, en velti sér makindalega í sænginni. Þegar honum þótti tími til kominn, stökk hann á fætur, klæddi sig og gekk fram; en þá sá hann engan mann í borðstofunni; hann leit þá út um gluggann, og sá, að vagninn var farinn.

Nú greip hann hattinn sinn, og hljóp eins fljótt og hann gat út veginn. Það var mikill stormur og rykfok, sem ætlaði að blinda hann. Hann kallaði og hrópaði á pabba sinn að bíða, en hann heyrði ekki til hans, svo að hann varð að labba heim aptur þreyttur og veðurbarinn.

Þetta var ofboðleiðinlegt, en samt gat það ekki læknað hann; því þegar hann eltist, varð hann latur og seinlátur; þegar hann þurfti að fara til einhverra útréttinga, var hann sjaldan tilbúinn að ná í vagninn, sem fór fram hjá húsdyrunum hans.

Tíminn lætur aldrei trufla sig af neinu, og sá, sem ætlar sér að komast áfram í honum, verður að nota hann vel, og aldrei geyma það morgundeginum, sem hægt er að gjöra í dag. Eitt forsómað augnablik getur orðið óbætanlegt tjón, því að hinn örláti guð gefur aldrei tvær stundir í einu.

Sannsögli drengurinn.

(Þýtt).

Það var einu sinni ofboðlítill drengur, sem hét Georg. Faðir hans gaf honum litla öxi til að leika sér að. Georg þótti vænt um öxina og fór með hana út í aldingarðinn og hjó með henni í allt, sem fyrir honum varð. Seinast kom hann að ungu ribsberjatré, fór að reyna öxi sína á því sem öðru og hjó í það djúpar skorur, sem gersamlega skemmdu það. Hann mundi ekkert eptir því, að faðir hans hafði gróðursett sjálfur þetta tré og þótti mikið vænt um það.

Skömmu síðar kom faðir hans inn í garðinn, sá hversu uppáhaldstréð hans var útleikið, og gramdist það.

»Georg!« sagði hann byrstur við son sinn. »Hver hefir gert þetta?«

Margur drengur hefði sagt: »Eg veit það ekki«, og hefði þannig komið skuldinni á saklausa. En Georg gerði það ekki. Hann leit framan í föður sinn með tárin í augunum og sagði: »Eg kann ekki að skrökva, faðir minn! Eg gerði það«.

Þessi góði drengur var ekki hræddur við að segja sannleikann, þótt hann yrði ef til vill að sæta refsing. En faðir hans fyrirgaf honum fúslega þessa yfirsjón og sagði: »Eg vil held-

ur missa þetta tré, en að eiga son, sem er lygari«.

Þessi drengur var Georg Washington, forseti Bandaríkjanna í Ameríku, og einn af merkustu mönnum heimsins.

Sá getur aldrei orðið mikill maður, sem er ósannsögull og huglaus.

Ærin og lambið.

(Þýtt).

Einu sinni var drengur að ganga úti, og sá, að kind gekk til sín, fór þá aptur fáein fet, snöri sér þá við, horfði framan í hann og jarmaði hátt.

Drengurinn hafði aldrei séð kind haga sér þannig, og af því að hann vildi komast eptir, hvað hún vildi, elti hann hana. Þau héldu á fram, en við og við snöri kindin sér við til að sjá, hvort drengurinn kæmi með sér.

Loksins komu þau að á, og drengurinn sá, að ofboðlítið lamb var niðri í ánni við bakkann og gat ekki komizt upp úr henni.

Drengurinn lagðist niður á bakkann og dró lambið upp úr, og ærin gladdist mikið yfir að fá lambið sitt aptur.

Góðu englarnir.

(Þýtt).

Eina kalda vetarnótt gengu tvær otboðlitlar stúlkur út, til að leita að föður sínum. Það var svo mikill stormur, að þær réðu sér varla. Þær flýttu sér eins mikið og þær gátu og leiddust, til þess að verða sterkari fyrir vindinum; göturnar voru dimmar og enginn maður á þeim. En þær óttuðust ekki. Föðurástin fyllti svo hjörtu þeirra, að þar var ekkert rúm autt fyrir hræðslu. Þegar þær höfðu lengi gengið þannig, námu þær staðar fyrir framan hús; þar brann ljós fyrir utan dyrnar, og stórt spjald með gylltum stöfum var yfir dyrunum.

Það var óvanalegt, að litlar stúlkur kæmu þangað, og það á þessum tíma. Þær stóðu kyrrar stundarkorn, luku þá upp grænu hurðinni og gengu inn í stórt og fagurlega uppljómað herbergi.

Maður sat þar við borð og var að lesa. Hann leit upp og sagði, þegar hann kom auga á þær: »Litlu stúlkurnar eru þá komnar hingað aptur! Komið, stúlkur litlu!«

Þær námu staðar og horfðu á hann. Hann benti þeim að koma og þær gjörðu það.

»Eruð þið að leita að föður ykkar?« spurði hann.

»Já!« sögðu þær.

»Veit móðir ykkar af þessu ferðalagi?« spurði hann.

»Nei. Hún sagði okkur að fara að hátta. En við gátum ekki fengið það af okkur, fyrr en faðir okkar kæmi heim, og þá fórum við að leita að honum«.

»Hann er hér!«

»Er hann?» sögðu þær og þær urðu glaðari í bragði.

»Jú. Hann er þarna sofandi, en eg skal vekja hann fyrir ykkur«.

Maðurinn svaf fast og var illt að vekja hann. En þegar hann vaknaði, höfðu dætur hans tekið í höndina á honum, og hann lofaði þeim að leiða sig heim.

Þar voru nokkrir menn inni og horfðu á þetta. Einn þeirra sagði: »Guð blessi þessi börn og gefi þeim hófsaman föður«. »Þær eru góðu englarnir hans«, sagði annar. »En eg er hræddur um, að þessir englar séu ekki nógu sterkir, til að leiða hann á þann veg, sem hann hefir yfirgefið. En guð getur enn snúið hjarta hans, og gefið börnunum gott heimili«.

Kvöldið eptir kom faðir þeirra heim ódrukkinn, og þegar þau höfðu tekið kvöldverð, stóðu litlu stúlkurnar sín við hvora hlið á honum; þá sagði hann lágt: »Þið skuluð aldrei optar verða neyddar til að fara út á nóttinni til að leita að mér«.

Þær horfðu forviða framan í hann og skildu ekki vel, hvað hann átti við.

»Guð hjálpi mér!« sagði hann. »Eg skal aldrei framar fara á þann stað. Eg skal æfinlega vera heima hjá ykkur«.

Nú skildu litlu stúlkurnar, hvað hann átti við, lögðu höfuðin í kjöltu hans og grétu af gleði.

Elska barnanna frelsaði föður þeirra, þær voru sannarlega góðu englarnir hans; en hann reiddi sig ekki eingöngu á sína eigin krapta. Hann fór að biðja guð að hjálpa sér og styrkja tilraunir sínar til þess að lifa reglulega, og það vitnaðist brátt, að hann var orðinn umbreyttur maður.

Kærleikurinn er sterkasta afl lífsins. Í sambandi við traustið á guði er honum ekkert ómögulegt.

Táldrægni.

(Þýtt).

Einu sinni fékk maður nokkur syni sínum spýtu til að saga í eldinn. Drengurinn var latur og nennti því ekki, en fleygði söginni, svo að hún brotnaði. Og sagði þá við sjálfan sig: »Eg braut ekki sögina. Hún brotnaði sjálf«. Hann reyndi að telja sér trú um þetta, en hann vissi í hjarta sínu, að það var ekki satt,

og hann var hræddur um, að faðir sinn mundi reiðast sér.

Dulinn sannleikur.

Einu sinni kom drengur úr skólanum og móðir hans sagði við hann: »Hvar hefirðu verið, drengur minn? Skólanum er lokað kl. 4, en nú er klukkan 6. Hvar hefirðu verið?«

»Þegar við erum í knattleik, þá gleymum við öllu«, sagði hann. »Er kvöldmaturinn tilbúinn?«

Móðir hans hélt, að hann hefði verið í knattleik með félögum sínum, en raunar hafði kennarinn lokað hann inni, af því að hann sveikst um að læra, en hann vildi ekki láta móður sína vita það. Samvizkan sagði honum, þegar hann fór að borða: »Það er synd og skömm að gabba hana móður sína. — Eg gef því engan gaum«, sagði hann við sjálfan sig. »Eg laug engu. Eg sagði ekki, að eg hefði verið að leika mér«.

En samvizkan sagði aptur á móti: »Þú komst móður þinni til að hugsa, að þú hefðir verið að leika þér, og það var ósatt«.

»En eg laug ekki«, sagði hann við sjálfan sig.

Hvað haldið þið um það, börnin mín?

Sagði hann satt eða sagði hann ósatt? Eg

er viss um, að þið segið, að hann hafi sagt ósatt.

Ef vér segjum eitthvað með þeim ásetningi, að það verði misskilið, þá skrökvum vér. Og það eru verstu lygarnar, sem líkjast sannleikanum.

Góðsemi endurgoldin.

(Þýtt).

Einu sinni keyrði heldri kona nokkur í vagni um alfaraveg. Á leiðinni mætti hún fátæklegum berfættum dreng, og af því að henni sýndist hann vera sárfættur, bað hún vagnstjórann að taka hann upp í vagninn, og lofaði að borga fyrir það.

Drengurinn sagði henni, að hann færi nú til að verða sjómaður. Eptir það skildu þau.

Að 20 árum liðnum keyrði skipherra nokkur þennan sama veg, og varð þá á vegi hans gömul kona, yfirkomin af þreytu. Skipherrann aumkvaðist yfir hana og bað vagnstjóran að lofa henni að keyra með í vagninum, og sagðist skyldi borga fyrir það.

Þegar þeir skiptu hestum, fór gamla konan, þakkaði skipherranum fyrir sig og sagði: »Nú er eg of fátæk til þess að borga fyrir mig«.

»Það gjörir ekkert til« sagði skipstjórinn. »Eg aumkvast æfinlega yfir þá, sem verða að ganga. Eg man, þegar eg var fátækur dreng-

ur fyrir 20 árum og var á gangi um þessar slóðir, að góðhjörtuð kona, borgaði einu sinni fyrir mína keyrslu alveg á sama hátt«.

»Æ!« sagði hún — »Eg er sama konan, en kringumstæður mínar hafa breytzt«.

»Það er heppilegt« sagði skipherrann. »Eg er nú orðinn auðugur maður, og kem heim til föðurlandsins, til að geta notið auðsins sem bezt. Nú skal eg gefa yður 25 pund (um 450 kr.) árlega, á meðan þér lifið«.

Konan fór að gráta og tók þakksamlega á móti boði hans.

»Kastaðu brauði þínu á vatnið, því þú skalt finna það aptur *eptir marga daga*«, stendur skrifað. Eg skal skýra þessi orð fyrir ykkur. Í Egyptalandi flýtur ánin Níl yfir bakka sína á hverju ári, og þegar akrarnir á báðar hliðar eru yfirflotnir, kasta menn sæðinu út á vatnið og það sökkur niður í aurinn, sem er á botninum. Þegar svo vatnið setur niður, festir sæðið rætur, og »eptir marga daga« kemur ríkuleg uppskera.

Þessi kona kastaði brauði sínu á vatnið. Hún gjörði fátækum dreng gott, og »eptir marga daga« gat hann aptur gjört henni mikið gott.

Móðurástin.

(Þýtt).

»Sjáðu hana kisu, mamma!« sagði Margrét litla. »Sjáðu, hvernig hún veður snjóinn og stingur varúðarlega litlu fótunum niður, eins og hún sé hrædd um að sökkva of djúpt«.

Mamma hennar var nýkomin heim. Hún hafði vaðið í gegn um margar mílur af snjó, með fulla körfu á handleggnum. Margrét hafði átt að hlaupa á móti henni til að létta undir byrðina, og hafa tilbúinn heitan kaffibolla handa henni, þegar hún kom köld heim. Hún elskaði mömmu sína innilega. En hún var hugsunarlaus stúlka, svo að hún hjálpaði henni ekki einu sinni til að klæða sig úr sokkunum, sem voru drífvotir. »Eg er ísköld«, sagði mamma hennar, »og það er náttúrlegt, fyrst eg er vot«.

»Veslings kisa! Hún hefir hvorki skó eða sokka«, sagði Margrét hlæjandi; »flauelsfætur hennar eru nærri því frosnir, og mig furðar á því, að hún er að berjast á þeim í snjónum og vætunni, þegar hún má liggja við eldinn hjá okkur«.

»Þú gleymir,« sagði mamma hennar, »að kisa á kettlinga uppi á fjóslopti. Hún hugsar meira um þá en þægindi sín, Hún kemur til þess að fá að jeta, en þó getur ekkert freistað hennar til að vera hér kyrr. Í fyrri nótt þegar fjós-

dyrnar voru lokaðar, beið veslings-kötturinn fyrir utan dyrnar í öllu frostinu mjálmandi og veinandi, þangað til að Jón fór á fætur, til þess að hleypa henni inn, svo að hún gæti komizt aptur til kettlinganna sinna«.

»O, já, kisa er móðir«, sagði Margrét. »Skyldu þá þessir kettlingar nokkru sinni borga henni fyrir umhyggjuna og ástina, sem hún lætur þeim í té?« Mamma hennar hristi höfuðið og sagði:

»Kisa er lík mörgum mæðrum, sem ekki mega búast við neinu öðru endurgjaldi fyrir allt það, sem þær gjöra fyrir börnin sín, en þeirri gleði að vita, að þeim líður vel og vantar ekkert.«

Margrét snöri sér undan. Þessi blíðu orð hrærðu hjarta hennar. Hún horfði á mömmu sína, þreytta, kalda, svanga og vota, og þá á borðið, sem var hlaðið af góðum mat og fötum handa lítilli stúlku.

»Ó, mamma mín!« kallaði hún. »Hvað eg hefi verið hugsunarlaus!« Hún kastaði sér á hnén niður í gólfið, og fór að nudda og verma fætur mömmu sinnar. Hljóp þá eptir þurrum skóm og sokkum og eptir heita sjalinu sínu, til þess að leggja yfir hana; fyllti ketilinn, setti hann á eldinn og gjörði allt, sem hún gat, til að hjálpa mömmu sinni.

Margrjet gleymdi aldrei þessarri samræðu, og

mamma hennar fékk aldrei ástæðu til þess að halda, að Margrét væri skeytingarlaus um sína beztu jarðnesku vini, eða gleymdi, hversu mikla elsku barnið skuldar viðkvæmri móður.

Gott eptirdæmi.

(Þýtt).

Einu sinni var fátækur drengur tekinn í munaðarleysingjaskóla. Þar var hann látinn þvo andlit sitt.

Þegar hann kom heim aptur, horfðu nágrannarnir undranarfullir á hann og sögðu: «Þessi drengur er líkur honum Tómási, sem við þekktum. En það getur ekki verið hann, því að hann er svo hreinn«.

Þá horfði móðir hans á hann og sá, að hann hafði þvegið sér, og fór að hugsa um, að hún væri óhrein, og fór að þvo sér.

Litlu síðar kom faðir hans heim frá vinnu sinni og sá, að konan hans og sonur voru bæði hrein, og hugsaði með sér: »Eg hefi ekki þvegið mér». Og hann fór og gjörði það.

Þegar þau voru öll orðin hrein, fór konan að hugsa um, að herbergið liti ekki vel út. Hún fékk sér vatn og fór að þvo gólfið.

Kona nokkur, sem átti heima við hliðina á þeim, tók eptir breytingunni, sem var orðin hjá nágrönnunum, og fór líka að hugsa um, að

hún sjálf og herbergið sitt liti ekki vel út, og bætti undir eins úr því, því vatnið er svo ódýrt, að allir geta veitt sér það.

Þessi saga sýnir, hversu tvö hús með innbyggjöndum þess tóku stakkaskiptum við hreint andlit á einum fátækum skóladreng.

Börn, eins og fullorðnir, ættu æfinlega að gefa af sér gott eptirdæmi. Vér vitum aldrei, hversu miklu góðu má koma til leiðar á þann hátt, og vér getum heldur aldrei metið, hversu miklu illu eitt einasta vont eptirdæmi getur komið til leiðar.

En eitt er víst, börn mín! að dyggðugt framferði verkar þúsund sinnum kröptugra á mannleg hjörtu, en hin sköruglegasta ræða. Guð einn er fær um að dæma um, á hvern skuldinni verður hrundið að lokum, hvort heldur á hneykslarann eða þann, sem hneykslaður er.

Ill eptirdæmi, á alla grein
eru samlíkt við mylnu stein;
viljir þú vera af fári frjáls,
festu hann aldrei þér við háls;
í guðsótta frá þér glæpum hrind;
— góð vertu öðrum fyrirmynd.
(H. P.)

Upp á líf og dauða.

»Hvar eigum við að fara yfir ána?« spurði

Sigurður föður sinn, þegar þeir riðu úr hlaðinu, því að á vegi þeirra var stór og straumhörð á.

»Hvar sem við viljum, drengur minn!« sagði faðir hans. »Það er öllum frjálst, og það eru mörg vöð á henni«.

»En eru þau þá öll jafngóð«. — »Oll nema eitt. En það er langt í burtu, og þess vegna vilja margir fara stytzta veginn«.

»Eg vil líka fara stytzta veginn«, sagði Sigurður.

»Upp á líf og dauða?« spurði faðir hans.

»Upp á líf, faðir minn! Eg er enn svo ungur, að mig langar til að lifa».

»En öll vöðin eru farin upp á líf og dauða nema eitt«.

»Hvernig stendur á því?«

»Það stendur svo á því, að áin breytir sér á stundum. Sandbleytur og hvörf eru í henni sumstaðar, sem enginn getur varazt. Hugsaðu þig nú um, hvar þú vilt fara yfir um hana«.

Sigurður þagði og hugsaði sig um. »Eg vil ekkert eiga á hættu», sagði hann. »Eg vel þann veg, sem er hættulaus«.

»Jæja þá, drengur minn! Komum við þá«. Þeir riðu langt niður með ánni.

»Hvar er nú góða vaðið?« spurði Sigurður.

«Hérna niðri í víkinni«, og þeir komu að velbyggðum ferjubát.

»Á þessum«, mælti faðir hans og hratt bátnum fram, »komumst við klaklaust yfir hvörfin og sandbleyturnar, ef hyggilega er með farið. Og, drengur minn! Lífið er stór og hættuleg á, sem við hljótum að fara yfir, en mennirnir leggja mörg vöð á hana, sem eru meira og minna hættuleg. Að trúa á Jesúm og fylgja dæmi hans á þessarri vegferð, er hið eina vað, sem er hættulaust, hvar sem svo bátinn ber að landi á ströndum eilífðarinnar«.

Og eitt er víst, barn mitt! að sá, sem treystir guði og vandar ráð sitt, ratar aldrei í ólán. En það er hæsta stígið í jarðneskri eymd, eins og guðræknin er hæsta stígið í jarðneskri sælu. En á milli þessarra stiga eru óteljandi tröppur, og eitt einasta augabragð getur kastað okkur í fang óhamingjunnar.

Eins augnabliks sigur, sé ákvörðun rétt,
oss eilífðar hnossi fær gætt,
eins augnabliks tjón, það er annað en létt,
vart eilífðin getur það bætt.

(Stgr. Th.)

Lati drengurinn.

(Þýtt.)

«Hamingjan hjálpi mér! Hvílík dauðans leiðindi eru það ekki að sitja einlægt við lærdóminn!

Hérna hefi eg fjölda af orðum, sem eg á að

læra utan að. Eg vildi óska, að öll orð væru þýðingarlaus.

Eg held, að eg verði þá að fara að byrja á að læra þau: f-a-n-g: fang e-l-s-: els: fangels -i: fangelsi; það er hús, sem afbrotamenn eru settir í; því kalla þeir það ekki eins vel skóla, því að hann er fangelsi. Eg veit það. S-t-r-a-f-f: straff. Eg veit, hvað það orð þýðir; eg þarf ekki að læra það á bókina.

Ó, þessar leiðinlegu námsgreinar! Eg get aldrei lært þær. Á: n-æ-g-j: ánægj -a: ánægja; það, sem maður hefir þóknun á. Jú, eg veit, hvað *ánægja* þýðir; það að sveifla sér á garðshurðum og fara í knattleiki. Eg þori að segja, að ef Jón Grant heyrði til mín, mundi hann kalla það mestu ánægjuna að fá nýja bók. Lesa, lesa, lesa! Eg hata allan lestur. Þegar eg verð fullorðinn maður, skal eg aldrei líta í bók. Ó, hvað eg vildi óska, að eg væri orðinn fullorðinn«!

Nú varð litli drengurinn fullorðinn.

»Já, nú er eg orðinn fullorðinn, og það er ógæfa mín mesta, að eg var svo óhygginn í æskunni. Eg hataði bækur mínar, og kostaði meira kapps um að gleyma námsgreinum mínum en nokkru sinni að læra þær. Faðir minn sagði: »Jakob minn! Stundaðu lærdóminn. Annars verður þú til einkis nýtur á fullorðinsárunum«.

»Lestu og lærðu!« sagði móðir mín. »Annars hlýt eg skammast mín fyrir að eiga þig fyrir son«.

Jóni Grant þótti gaman að leika sér. En honum þótti þó meira gaman að lesa, og hann lærði meira utan skólans en eg lærði í honum. Jón er nú orðinn eins og eg, fullorðinn maður. En næsta er hann ólíkur mér. Eg sé nú yfirsjón mína. En nú er það orðið of seint. Eg hefi nú ekki tíma til að læra, því að eg verð að vinna mér brauð«.

Sagan af Demosþenes.

Eg ætla að segja ykkur sögu, börn mín! sem sýnir, hverju einbeittur vilji orkar, og hvað hátt maðurinn getur komizt, ef hann leggur fram alla krapta sína, þótt þeir sýnist vera veikir og ónógir.

Demosþenes var grískur mælskumaður, sem fæddist 381 fyrir Krists burð. Hann missti föður sinn, er hann var 7 ára gamall, og litlu síðar allar eigur sínar. Hann hafði veikbyggðan líkama og mjög ófullkomið málfæri, enda svo ófullkomið, að hann stamaði, og þó ásetti hann sér að verða mælskumaður, en hann hafði einbeittan vilja og kjark.

Í fyrsta skipti sem hann hélt ræðu á almannafæri, var hann hæddur og hrópaður, en hann missti ekki kjarkinn, heldur gerði allt, sem á

valdi hans var, til þess að yfirstíga þær skorður, sem náttúran og mennirnir settu á veg hans. Hann lokaði sig í marga mánuði niðri í kjallara, til þess að vera ekki tafinn frá námi sínu.

Það er sagt, að hann hafi 8 sinnum skrifað upp, hvað eptir annað, sögu hins gríska sagnaritara Þúkídides. Það gerði hann, til þess að geta því betur sett sig inn í efni og hugsunarhátt hennar; því að þegar maður vill gera eitthvað vel og óaðfinnanlega, þá er vísasti vegurinn sá, að gera það upp og upp aptur, þangað til það verður fullkomið. Fáir eru smiðir í fyrsta sinn.«

Nú þurfti hann að auka rödd sína, því að honum var ekki gefið gott málfæri, eins og þið heyrðuð. Hvað haldið þið, að hann hafi þá gert?

Hann gekk niður í fjöruna mörgum sinnum og fyllti munninn með smásteinum og söng svo undir með ölduhljóðinu, þar til er raust hans varð um síðir sterkari en ölduhljóðið.

Það er hyggilegt að æfa krapta sína á sér sterkara; því að enginn styrkist við að glíma við sjer minna mann.

Náttúran hafði útbúið hann með veikum og vanburða líkama, því að guð, með hendi náttúrunnar, útbýr börn sín mismunanda vel að hæfileikum, áður en þau ganga í skóla lífsins,

svo sem foreldrar gera börn sín misjafnlega úr garði. En nú ætlaði hann að verða mælskumaður, og sá, sem ætlar sér að halda opinberar, áhrifamiklar ræður, verður að koma vel fram. Augun verða jafnan að hafa nokkuð.

Hvað haldið þið, að hann hafi tekið til bragðs til þess að laga þessa vöntun?

Hann gekk opt og mörgum sinnum inn í herbergið sitt. Þar stóð ofurstór spegill, og hann lagaði limaburð og látbragð sitt frammi fyrir honum, þar til er hræringarnar urðu liðugar og geðslegar.

»Hvað fékk hann svo að launum?« munuð þið spyrja.

Það, að hann hefir áunnið sér ódauðlegt nafn fyrir orðsnilld og mælsku gegn um allar aldir, og er þar að auki talinn einn með hinum beztu og drenglundustu mönnum, sem lifað hafa, og það er enn meiri heiður.

Enginn getur kallazt mikill maður, sem ekki er jafnframt góður maður.

Gott sjálfstraust.

Eg mætti litlum dreng, sem bar svo þungan poka á bakinu, að eg hélt, að litla veika bakið mundi láta undan, og sagði því við hann: »Þetta er ofþungur poki fyrir þig að bera, barnið mitt!«

Hann setti pokann á stein, lypti honum hærra

upp á bakið og sagði: »Eg vil heldur bera hann en að hún mamma mín geri það.«

»Á eg ekki að bera hann ofboðlítið fyrir þig?«

»Eg þakka yður fyrir,« sagði hann hæversklega. »Eg vil bera sjálfur byrðina mína.«

»Þú ert hugrakkur drengur, svo smávaxinn sem þú ert,« sagði eg og fór leiðar minnar.

Þá mætti eg öðrum dreng, miklu stærra og sterkara. Hann bar líka poka á bakinu, en blés og varpaði honum niður við hvert fótmál, og sagði þá við litla stúlku, sem var með honum: »Svona! Nú hefi eg borið hann að mínum helmingi. Taktu nú við honum, telpan þín!«

Hún fór að kjökra og sagði: »Vegurinn er ekki hálfnaður fyrr en hjá stóra steininum þarna.«

»Eg ber hann nú ekki feti lengra,» sagði hann. Taktu nú við honum, eða eg hleyp heim til mömmu okkar og segi henni, að þú viljir ekki bera hann að þínum parti.«

Hún horfði í allar áttir eptir einhverri hjálp og hluttekningu. En er hún var hvergi sýnileg, vatt hún pokanum á bakið á sér, því að hún var líka sterk, og gekk álút og möglandi leiðar sinnar, og eg mína leið.

Þessi dagur leið og margir aðrir. Börnin komust heim, sum ánægð yfir að hafa fyllt

skyldu sína, sum óánægð, en öll komust þau heim.

Eptir nokkur ár fór eg þennan sama veg, en þá var allt svo umbreytt. Þegar eg kom ofan af hálsinum, varð fyrir mér reisulegur bær.

Eg var þreyttur og barði að dyrum. Gömul, glaðleg kona kom út og bauð mér inn. Eg þekktist það, því að eg var svangur. Þar sat kona inni, gömul og gremjuleg, og spann á rokk. Mér var borinn matur. Eg neytti hans og sagði hálfhátt: »Hvað hér er þó eitthvað skemmtilegt og þó svo fámennt!«

»Já, fámennt og góðmennt,« sagði konan, sem bauð mér inn. »Hér er ekki nema sonur minn, þessi gamla kona og eg.«

Í því bili kom inn ungur, vel vaxinn maður. Hann var glaður á svipinn og raulaði vísu. Eg heilsaði honum, og horfði undarlega á hann, því að mér fannst eg þekkja hann, og hann sömuleiðis á mig.

Eg sagði: »Mér finnst eg hafa einhvern tíma séð yður fyrr.«

»Og eg er viss um, að eg hefi séð yður fyrr,« sagði hann brosandi.

»Hvar skyldi það hafa verið?«

»Hérna niðri á veginum,« sagði hann.

Eg hugsaði mig um, og mundi þá eptir fátæka drengnum með stóra pokann á bakinu, og sagði hálfhátt: »Getur það verið hinn sami?«

»Já,« sagði hann. »Eg er sami drengurinn, sem þér þá mættuð.«

»Og orðinn svona efnaður?«

Þá er eg sagði þetta, þurrkaði gamla konan af sér nokkur tár, skaut frá sér rokknum og gekk út.

»Já, svona er eg orðinn efnaður, af því að eg bar mína eigin byrði, og lagði hana aldrei upp á annarra bak.«

»Jú, og mína líka,« sagði móðir hans og þerrði tárin úr augum sínum, svo sem hin konan. En hversu ólík voru tár þeirra! »Jú, og annarra líka,« bætti hún við. »Hann hjálpar öllum, sem hann getur.«

»Og allir eru líka góðir við mig,« sagði hann smábrosandi.

»Og þér,« sagði eg, »sem ekki vilduð þiggja neina hjálp, með hvaða töfraafli eruð þér kominn að þessu takmarki?«

»Með því að bera mína eigin byrði, og jafnframt að veita öðrum alla þá hluttekning og mannúð, sem eg hefi getað látið í té.«

»Og bera þó yðar byrði?« sagði eg.

»Já, byrði vora getur enginn borið nema vér sjálfir.«

»En hver er þessi gamla kona, sem gekk út?« spurði eg.

»Hún er niðursetningur hjá okkur.«

»Ertu þá svona vondur við hana?« hugsaði eg og festi spyrjandi á hann augun.

Hann sá, hvað eg hugsaði, og sagði brosandi: »Engin mannleg hönd orkar að lækna sært móðurhjarta.«

»Á hún börn?« spurði eg.

»Já, og var auðug, þegar maðurinn hennar dó.«

»Og er nú orðin svona fátæk?« spurði eg undrandi. »Hefir heilsuleysi eða önnur óhöpp valdið tjóni hennar?«

»Sundurlyndi,« sagði hann. »Munið þér ekki eptir drengnum og litlu stúlkunni, sem urðu á vegi yðar í sama skiptið?«

Eg hugsaði mig um. »Jú, eg man eptir þeim. Þau þráttuðu um baggann sinn, og honum var varpað á herðar þess, sem var veikari.«

»Jú, alveg satt, maður minn! Það varð og orsök ógæfunnar. Enginn vildi létta undir annars byrði, en þau þráttuðu og möttust um hvert lítilræði. Allt gekk við það á tréfótunum, þar til er eigurnar þrutu og sveitin tók við.«

»En stóri drengurinn? Hvað varð af honum?« spurði eg.

»Hann Jón?« sagði hann. «Hann heldur enn að sér höndum og bíður eptir að einhver lypti undir baggann sinn, og veslings móðirin tekur sér þetta svo nærri, að hún fer æfinlega að gráta, er hún heyrir talað um góð börn.«

»Veslingurinn!« sagði eg. »En stúlkan? Hvar er hún?«

»Hún fer hingað og þangað í rænuleysi og hefir nóg með sjálfa sig. Þau voru upp alin við allsnægtir og treystu auðnum. En hann gekk til þurrðar, áður en þau áttuðu sig á lífinu, og þá er þau fyrst áttuðu sig, var kjarkurinn þrotinn, til þess að ryðja sér nýja braut, og þau hugsa einungis um, hvað æskilegt hefði verið, ef svona og svona hefði gengið.«

»Í því er ógæfa þeirra fólgin,« mælti eg. »Við verðum að vinna og bíða, en megum ekki dreyma og bíða. Það eru tvö orð með djúpu millibili. Þér hafið borið baggann yðar vel. Það er tignarlegt að vera sinnar eigin hamingju smiður.«

»Vel!« sagði hann seint. »Það orð er líka þýðingarmikið, og verður að eins sagt einu sinni, hverjum sem það hlotnast, þá er síðasti baggi inn er látinn niður. Ef þá er vel, þá er öllu óhætt. Eg hefi treyst á mína krapta í gegn um guðs krapt, maður mínn! Í styrkleika hins styrkva hefi eg verið sterkur. Í því er leyndardómurinn fólginn, að komast áfram í heiminum.«

Eg kvaddi, þakkaði fyrir mig, tók poka minn á bakið og gekk leiðar minnar, og sá þennan mann aldrei framar. En eg er viss um, að hann hefir komizt vel áfram.

Einn nagli týndur.

(Þýtt).

Páll fór til nálægs bóndaþorps til þess að borga nokkuð af landskuldinni sinni. Þá er hann fór á bak, tók hann eptir því, að einn naglann vantaði í eina skeifuna undir hestinum hans. »Það eru smámunir,« sagði hann. Eg nenni ekki að fara af baki aptur. Hesturinn kemst áfram, þó að einn einasta nagla vanti.« Og svo fór hann af stað. Þá er hann hafði riðið þrjár mílur, sá hann, að skeifan var týnd. Hann hugsaði með sér. »Eg gæti látið setja skeifuna undir hann hjá næsta járnsmið. En það dregur of mikið í tímann. Eg get riðið honum alla leið, þótt hann vanti þessa skeifu.«

Þá er hann var kominn nokkuð lengra, stakkst þyrnir upp í hófinn, og særði hestinn mjög. Eg læt binda um fótinn á honum, þegar ferðinni er lokið,« sagði Páll — »þangað er ekki nema rúm míla vegar.«

Litlu síðar missteig hesturinn sig og datt. Páll hrökk af baki og öxlin á honum fór úr liði. Hann var borinn inn í næsta hús, lá þar og gat ekki hrært sig í tíu daga. Hesturinn varð lítt nýtur eptir þetta. Páll eyddi löngum tíma til ónýtis, varð að borga mikið fyrir leguna og líða miklar kvalir.—»Allt þetta verð eg að þola,« sagði hann, »sökum lítilfjörlegs skeytingarleysis. Ef eg hefði sett naglann í skeif-

una, þá hefði skeifan ekki týnzt og fóturinn ekki særzt, og hesturinn ekki dottið, og þá hefði eg heldur ekki legið hér eins og dauðýfli.

Þessi saga sýnir, hvað það er nauðsynlegt, að veita því eptirtekt, sem vér köllum smámuni.

Guðsskildingurinn.

Fimm ára gamalt barn eignaðist tvo skildinga og sagðist ætla að gefa guði annan, en kaupa sykur fyrir hinn; fór þá að leika sér og týndi öðrum skildingnum upp úr vasa sínum. Þegar það kom heim, sagði það við mömmu sína: »O, mamma mín! Eg hefi týnt guðsskildingnum.«

Hversu margir, sem eru fullorðnir, hugsa ekki meira um sig og sín verk en guðs!«

Guð er sýnilegur í verkum sínum.

(Þýtt).

Í Þýzkalandi, nálægt Rín, stendur stór og forn kastali mitt í fögru dalverpi, og umhverfis hann er stór og fagur skógur.

Fyrir 90 árum átti barón nokkur kastalann. Hann átti einn son barna, sem var honum og öllum öðrum geðþekkur og góður.

Það bar einu sinni við, að frakkneskur ferðamaður kom til að skoða kastalann, sem mikið

var látið af. Sonur barónsins var þá ekki heima. Þessi frakkneski maður fór þá að gera gys að trúarbrögðunum. Baróninn sagði: »Ertu ekki hræddur við að tala þannig um guð, sem býr hérna uppi yfir okkur?«

»Eg þekki hann ekki,« sagði maðurinn. »Eg hefi aldrei séð hann.«

Baróninn svaraði honum ekki upp á það.

Daginn eptir gekk hann með honum umhverfis kastalann, og sýndi honum fyrst mjög fallega mynd, sem hékk inni á veggnum.

Maðurinn dáðist mikið að henni og sagði: »Hver sem hefir málað þessa mynd, kann vel að fara með málaraburstann.«

»Sonur minn hefir málað hana,« sagði baróninn.«

»Þá er hann sannarlega maður vel fær,« sagði gesturinn.

Þá fylgdi baróninn honum inn í aldingarðinn og sýndi honum þar mörg fögur blóm og trjáplöntur.

»Hver hirðir um garðinn?« spurði gesturinn. »Það gerir sonur minn,« sagði baróninn. »Mér er óhætt að segja, að hann þekkir allar jurtir, sem til eru, frá sedrusviðnum á Líbanon til ísópsins, sem vex á veggnum.«

»Er því þannig varið?« sagði gesturinn. »Eg hefi mikið álit á honum.«

Síðan fylgdi baróninn honum inn í nálægt

bóndaþorp og sýndi honum þar sérstakt hús. Sonur hans hafði stofnsett þar skóla fyrir munaðarlaus börn, og lagði allt sjálfur til hans. Börnin voru svo glöð og frjálsleg, að gestinum fannst mikið um það, og sagði: »Þér eruð auðnumaður, að eiga þvílíkan son!«

»Hvernig vitið þér, að eg á góðan son?« sagði barónninn.

»Af því að eg hefi séð verk hans, og af þeim dæmi eg, að hann hlýtur að vera góður maður og vel fær, ef hann hefir gert allt það, sem þér hafið sýnt mér eptir hann.«

»En þér hafið þó aldrei séð hann!«

»Nei. En eg þekki hann mjög vel. Eg dæmi hann eptir verkum sínum.«

»Það er hyggilega gert,« sagði barónninn. »Þannig dæmi eg einnig um eiginleika vors himneska föður. Verk hans lýsa því, að vísdómur hans hlýtur að vera takmarkalaus; almætti hans og gæzka sömuleiðis.«

Maðurinn skammaðist sín og gerði ekki framar gabb að trúarbrögðunum.

Hversu mörgum fer líkt og þessum ferðamanni. Þeir dást að verkum og hyggindum manna, en gleyma verkum og vísdómi guðs, eru fúsir á að taka þeirra trúarbrögð, en hafna trúarbrögðum guðs, skrifa allt upp á reikning náttúrunnar, en gleyma höfundi hennar. Hún

er of auðug að vizku og fyrirhyggju til þess að vera blindingsverk. Vér stöndum mitt innan í kraptaverkakerfi, en erum þó blindir fyrir þeim; erum sjálfir kraptaverk, en orkum þó ekki að skapa einn orm eða eitt laufblað af sjálfs rammleik. Hvað skyldi höfundi náttúrunnar vera ómögulegt? og hverjum hefir hann staðið reikning af verkum sínum?

Óframsýni.

Jakob litli átti mörg lömb, og þótti ósköp vænt um þau öll saman, lék sér að þeim um vorið á stekkjartúninu og hélt, að þau væru einungis sköpuð til þess að skemmta sér.

Hann fékk orf og ljá, þegar sumarið kom, og nú fór hann að slá grasið handa þeim. En það var óþurrkasumar og heyið skemmdist, og hann náði litlu inn í hlöðuna sína.

Nú kom haustið og öll lömbin hans komu af fjallinu. Þau voru stór og falleg og honum þótti jafnvænt um þau öll. Hann tímdi engu að lóga af þeim.

Pabbi hans sagði: »Þú getur ekki látið þau öll lifa, Jakob minn! Heyið þitt er of lítið handa þeim og gefst illa. Það er hrakið, og eg er í húsmennsku og á ekkert hey, og get því ekki hjálpað þér, þótt eg vildi.«

»Eg tími ekki að lóga þeim,« stundi Jakob upp. »Mér þykir svo vænt um þau. Eg tími

því ómögulega. Veturinn getur orðið góður, og þá dugar mér heyið.« Og hann lét öll lömbin sín lifa.

Nú kom veturinn, frostin og snjóarnir og hríðarnar. Aldrei var jörðin auð, en einlægt gekk á heystabbann. Nú var farið að minnka gjöfina við þau og veslings lömbin fengu ekki að borða nægju sína. Allir höfðu nóg með sig og enginn gat hjálpað. Jakob litli fékk sjálfur nóg að borða, en litlu vinirnir hans voru hungraðir. O, hvað hann tók sér það nærri! Aldrei vildi náttúran rétta honum hjálparhönd með þíðviðri eða regnskúr. Hún lætur ekki hafa sig fyrir leiksopp. Nú kom vorið. Það var líka hart. Lömbin voru mögur og aumingjaleg. Jakob grét yfir þeim, en hann gat nú ekki annað.

Einn morgun gekk hann í lambahúsið að skoða lömbin sín. Það lá eitthvað þungt innan við hurðina. Hann lagðist á hana af öllum kröptum og komst inn. Hvað var það? Það var hún Mókolla hans, mesta uppáhaldið. Hún var dauð,— dauð af bjargarleysi. Hann grét fögrum tárum. Í heila viku hrundu tár hans niður, eitt á fætur öðru, svo að hann átti ekkert eptir. Þegar nágrannarnir fóru að rýja kindurnar sínar um vorið, sat hann niðurlútur af harmi yfir missi sínum.

Pabbi hans sagði: »Heldur þú nú ekki, að

þér hefði verið betra að eiga nú þrjú lagleg lömb, eins og eg sagði þér, ef þú hefðir fylgt ráðum mínum?«

»Jú,« sagði Jakob. »Eg hefi orðið fyrir miklum skaða.«

»Já,« sagði pabbi hans. »Þú hefir orðið fyrir meiri skaða en þú veizt af. Þú hefir ekki einungis misst aleigu þína, en þú hefir líka verið grimmur og miskunnarlaus. Það er verra. Eða mundir þú ekki kalla það grimmd og illmennsku af mér, ef eg hefði hlaðið svo á mig fólki, að eg ekki hefði haft nægilegt handa því að borða, svo að það hefði dáið úr hungri? Þú kvartar undan skaðanum. En hvernig heldurðu að lömbin geti kvartað undan þér, þar sem þau kvöldust svo mjög? Þú veizt þó, að guð hefir ekki gefið okkur skepnurnar til að fara illa með þær, heldur til að hafa gagn af þeim, og það getum við bezt með því, að fara vel með þær.«

»En eg treysti útiganginum fram eptir haustinu,« sagði Jakob.

»En guð sýnir oss á stundum, að vér megum ekki freista hans með óskynsemi. Þá hefir hann engri hjálp heitið oss, heldur einungis, þá er vér högum oss skynsamlega. Ef óhöpp koma þá upp á þá, er það annað mál. Hugsaðu þér, hvað það er sárt að deyja úr hungri og hor?«

Jakob sat lengi utan við sig og lofaði hátíðlega, að láta aldrei framar skepnurnar sínar deyja úr hungri, og hann hélt það. Þá er hann eltist, átti hann fallegt fé og vel útlítanda.

Vandaðu þig í öllu!

Það er ljótur vani, sem sumar stúlkur og drengir hafa, að segja, að þetta eða það sé »nógu gott« »nógu vel gert.« Ekkert er nógu gott, nema það sem er gott. Þeir, sem eru vandvirkir, fá æfinlega heldur vinnu en þeir, sem ekki eru vandvirkir. Þeim er trúað betur, og allir þeir, sem ætla sér að komast á fram í lífinu, verða að hafa traust annarra manna, og til þess er vandvirknin nauðsynleg.

Þegar þú sópar gólfið, þá áttu að sópa úr öllum hornunum og undan hverjum hlut, þó að þú búist ekki við, að neinn gæti að því. »Hreint er hreint,« þótt enginn maður sjái það. Með því að gera allt vel, festir vandvirknin svo djúpar rætur í eðli þínu, að hún verður þér eiginleg, verður þitt annað eðli, og það, sem er vert að gera, er vert að gera vel. Sjáðu blómin á jörðunni. Þau eru eins lýtalaus, sem eru uppi á hæstu fjöllum, þangað er fáir koma, og þau, sem eru niðri á láglendinu fyrir allra augum. Guð gerir allt vel, þótt ekkert mannlegt auga sjái það.

Paradísarfuglarnir.

Paradísarfuglarnir eiga heima í eynni Nýjuguineu, sem liggur undir miðju hitabeltinu suður af Malakka, og þar liggja margar fleiri eyjar, sem mynda nokkurs konar keðju milli austurálfunnar og eyjaálfunnar. Margar af þessum eyjum eru þaktar risavöxnum skógi frá sjóarmáli til fjalla. Íbúar þessarra eyja kalla fugla þessa guðsfugla eða paradísarfugla, af því að þeir halda, að þeir séu hið fallegasta af öllum verkum guðs; meðfram líka af því, að öndverðlega hugsuðu þeir, að fuglinn nærðist á dögg himinsins og stigi aldrei fæti sínum á jörðu. En síðar er kunnugt, að hann lifir af fiðrildum o. fl., og hvílir sig á trjágreinum, þegar veður er gott. En er hin stormasama rigningatíð kemur, svo sem vanalegt er í heitu löndunum, þá flýgur hann til annarra landa, svo sem máríátlurnar heim til okkar á vorin. Áður en þeir leggja í langferð, kjósa þeir sér forustufugl úr flokki sínum, til þess að ráða ferðinni, rétt eins og forustusauðirnir og forustuærnar hjá okkur leiða féð í haganu og heim á kvöldin. Þeir fylgja svo þessum leiðtoga sínum, sem fer með þá vanalega á móti veðrinu, svo að fjaðraskraut þeirra, sem er svo mikið um sig, fjúki ekki fram yfir höfuðið á þeim, og tálmi flugi þeirra. Er þetta ekki mikil fyrirhyggja, börnin mín?

Þegar þeir svo taka sér náttstað í einhverj-

um skógi, sezt hann á grein hátt uppi yfir félögum sínum, bæði til þess að sjá, ef einhverja hættu ber að höndum, og svo veit hann, að hann er konungurinn þeirra.

Þegar rigningatíðin er úti, finna þeir það á sér, og fljúga þá á sama hátt heim aptur, því að heima vilja þeir helzt vera.

Paradísarfuglinn er mjög skrautlegur. Höfuðið og hálsinn eru á að sjá sem gull, sem breytir sér í alla regnbogans liti, á meðan maður horfir á það. Stjelið er gult og hvítt, líkt silfri og gulli, langt og mikið, og ber sjálfan fuglinn, sem ekki er stærri en dúfa, því nær ofurliði.

Um Jóhannes postula.

(Austræn munnmælasaga.)

Þá er Jóhannes postuli var kominn út í eyna Paþmos, sem er lítil klettaey við strendur Litluasíu, leiddist honum einveran og fór að gráta. Þá komu til hans tveir guðs englar og sögðu: »Hví ertu að gráta, góði maður?«

Hann svaraði: »Af því að eg fæ ekki að vera hjá Jesú píslarvottum, sem eru nú þjáðir í Efesus. Mig langar til þess að taka þátt í kjörum þeirra og hugga þá.«

Þeir svöruðu: »Vér skyldum gefa þér vængi, ef vér orkuðum því; en vér skulum gleðja þig, svo sem vér getum, guðsmaður!«

Þegar þeir sögðu þetta, snerti annar þeirra enni hans með fingri sínum.

Hinn einmana fangi leit upp og sá himininn opinn, og sá guð sitja á hásæti himnanna og senda út guðdómlegan krapt í allar áttir. Allt umhverfis hann voru englar og sálir góðra manna, sem biðu boða hans, og Jóhannes heyrði greinilega fram borin með fögrum hljóm þessi orð:

»Hallelúja hinum almáttuga og réttláta guði!«

Meðan hann hlustaði og horfði á þetta undrandi, fékk hinn engillinn honum hörpu.

Jóhannes tók við henni glaður og fór undir eins að leika á hana; og það sem Jóhannes söng og lék, var þetta: »Grátur getur varað eina nótt, en gleðin kemur með morgninum.« Orðin bergmáluðu frá einum kletti til annars, og bergmálið barst langt út á sjóinn.

Þessi hrjóstruga ey var allt í einu orðin að paradís, og útlaginn var umkringdur af hersveitum himnanna.

Þannig getur sannkristinn maður gert þessa jörð að paradís. Guðs englar og góð meðvitund, drepa fingri sínum á enni hans í einverunni, svo að hann sér himnana opna, og hamrar eymdar og einveru endurhljóma af friði, já, af himneskum friði, því að sá friður, sem Jesús hét að gefa lærisveinum sínum með þessum

orðum: »Minn frið gef eg yður!« er enn til á jörðunni í brjóstum sannra lærisveina Jesú.

Hinn ósýnilegi heimur.

(Þýtt úr »Naturens Vidundere«).

»Ímyndunarafl vort verður jafnt frá sér numið af því, sem er óendilega smátt, sem því, sem er óendilega stórt,« segir einn ágætur náttúrufræðingur. Og í sannleika ganga sköpunarkraptaverkin langt yfir skilning vorn, hvort heldur vér festum augu vor á stjörnur himinsins, til þess að athuga hræringar þeirra, eða vér snúum þeim niður til hinna minnstu skepna hér á jörðu.

Óendileikinn verður hvervetna fyrir oss. Hann birtist jafnt á hinni heiðbláu himinhvelfing með sínum glitranda stjörnuskara, sem og í hinu lifanda ódeili, sem svo er smátt, að furðuverk líffæra þeirra eru hulin augum vorum.

Alstaðar verðum vér varir við ósýnilega hönd guðs. Ýmist sýnir hún sig í óskiljanlegri smæð, er hún til býr skordýrið og blæs í það lífsanda, eða er hún umvefur hina ýmsu hnetti, sem sveima í himingeimnum, og hristir þá eða tortímir þeim. Í slíkum krampateygjum rifna fjöllin á vorri jörð; undirdjúp hennar opnast, og í sérhverju af hennar stórkostlegu fornaldarleifum, sem og í hverju duptkorni hennar, finna náttúrufræð-

ingarnir fagrar hliðar hinnar náttúrlegu guðfræði.

Sjerhver fjallatindur, sem fellur niður, afhjúpar fyrir augum vorum leifar af heilum kynslóðum, sem hafa liðið undir lok við umturnun hnattarins, Vér undrum oss yfir fjölda þeirra, stærð þeirra og lögun, sem vér berum ekki kennsl á. En þó er í því tilliti allur efi ómögulegur, því að þessi dauðu brot, sem jörðin in geymir dyggilega mótið af, má álíta sem nokkurs konar minnispeninga, sem skaparinn hefir mótað, og tönn tímans hefir hlíft, til þess að birta oss byltingarsögu jarðarinnar.

Ef vér veitum þeim öflum eptirtekt, sem eru verkandi á jörð vorri, sjáum vér, að vald þeirra er takmarkalaust. Þá er þau brjótast um í innýflum jarðarinnar, skelfur yfirborð hennar. Stundum lypta þau fjallgörðum, svo sem hinum miklu Alpafjöllum og Himmalayafjöllum, og yppa toppum þeirra til skýja. Stundum svo sem kljúfa þau hnöttinn frá einu heimsskauti til annars, svo sem þá er Ameríka og Andesfjöll fæddust úr skauti hafsins — æðandi öldur brutust þá með ákafa inn yfir gamla heiminn og komu til vegar einni af hinum nýjustu byltingum hennar. Þannig hefir hinni æztu veru þóknazt að haga því.

Ef vér, eptir að hafa grannskoðað hin ægilegu náttúrubýsn, sem koma fyrir á yfirborði jarðarinnar, snúum augum vorum niður til hinna

allra minnstu skepna, sjáum vér þar aptur alla speki forsjónarinnar fyrir oss í alveg undrunarverðum mikilleika. Vér undrumst ekki minna yfir að sjá ómælileikann í hinu óendilega smáa, en yfir hinum óútreiknanlega mætti í hinum stórkostlegu viðburðum sköpunarverksins. Það er rétt sem hin lifandi náttúra sé að reyna að staðfesta trú þeirra, sem þóttust sjá parta af guðdóminum í frumefnum sérhvers líkama, hversu óendanlega smár sem hann var. Já, guðdómurinn birtist sannarlega hvervetna, og í gegn um sjónauka tekur auga mannsins jafnvel eptir því í hinum allra minnstu hlutum frumefnisins.

Vér ætlum hér að fara eptir reglu eins nafnfrægs náttúrufræðings og halda oss einungis við það, er uppgötvanirnar hafa í ljós leitt.

Það er ekkert, er gefur oss svo hátignarlega hugmynd um hina almennu útbreiðslu alls lífs í veraldargeimnum, sem hinn undrunarverði fjöldi af líkömum, sem líffærum eru gæddir, og sem eru hvervetna í framleiðslum náttúrunnar, en athugan þess er ein af hinum nýjustu og frægilegustu sigurvinningum vísindanna.

Vér eigum það smæðarsjónpípunni að þakka, en hún var fundin upp fyrir nálægt 150 árum. Þetta verkfæri sýndi oss þegar svo nýstárlega, undranarverða og óeptirvænta hluti, að mönnum kemur saman um, að hún hafi lokið upp

fyrir oss nýjum heimi, og mætti segja, að hún hafi veitt oss hið sjötta skilningarvit, til þess að sjá með hið ósýnilega.

Þá er menn lesa rit náttúrufræðinga, og veita því eptirtekt, hversu þeir gagnskoða hina dýpstn leyndardóma, að því er snertir líkamabygging og líf þeirra vera, sem eru svo litlar, að augað getur ekki gert sér nokkra grein fyrir tilveru þeirra, þá freistast menn til þess að spyrja, hvort vísindamaðurinn í einhvers konar lærdómsdrambi setji ekki sínar eignar hugmyndir í staðinn fyrir hreinan sannleika. Menn, sem eigi hafa fylgt tímanum, hafa álitið fullyrðingar smæðarfræðinganna einberar hégiljur. En er menn athuga hin afar-nákvæmu verkfæri þeirra, er það fljótséð, að missýning getur eigi auðveldlega komizt að, hversu óskiljandi sem uppgötvanir þeirra virðast vera.

Smæðarsjónpípan var fundin því nær um sama leyti af tveim vísindamönnum í Hollandi, *Leuwenhoeck* og *Hartzoeker*, og vildi hvortveggja hafa heiðurinn af fundningunni. Hinn fyrrnefndi var þó að réttu lagi hinn fyrsti smæðarfræðingur, en hinn síðarnefndi var eigi annað en góður náttúrufræðingr.

(Framhald í næsta árg.)

TÍBRÁ.

Ársrit

fyrir yngri börn og eldri.

II.

Torfhildur Þorsteinsdóttir Holm

hefir samið og þýtt.

Reykjavík.

Ísafoldarprentsmiðja.

1893.

Verð 55 a, (fyrir áskrifendur 50 a.).

Efnisyfirlit.

	Bls.
Vængirnir	1
Klukkan gengur ekki rjett	5
Fýlsungarnir	8
Drengurinn og hrafninn	11
Þjónarnir hennar Sigríðar litlu	16
Góðu börnin	18
Sumargjafirnar	23
Fuglinn halkýon	32
Feldu guði vegu þína	33
Ofurlítið um dýralíf í heitu löndunum	39
Hvíta skipið	45
Hulinn fjársjóður	51
Sagan af Graff greifa	52
Almætti guðs og vanmáttur mannanna	56
Fyrsti peningurinn, sem jeg eignaðist	58
Útdráttur úr ræðu eptir C. H. Spurgeon	60
Hinn ósýnilegi heimur	71

Vængirnir.

Litlu systkinin, Jón og Anna, voru ofboð lítil, og höfðu gaman af að byggja sjer hús og leika sjer. Þau áttu marga sauðarleggi, sem áttu að vera fólkið þeirra. Þau ljetu það fara á engjar og heyja handa fjenaðinum sínum, sem voru margar og misjafnlega stórar kjúkur. Þau ráku þær út í hagann á hverjum degi og heim aptur á kvöldin, og eptir allt þetta búsýsl lögðust þau eins þreytt til hvíldar og stóra fólkið. Litlu hjúin þeirra stóðu undir háum kletti, og undir honum voru margir skútar, sem þau hlupu inn í, þegar rigning kom þeim á óvart. En fleirum en þeim þótti vænt um þessar stöðvar, því uppi í einni grænu syllunni átti ofurlítill fugl hreiður sitt, og hann var eins ánægður eins og þau, flaug á morgnana burt til að sækja orma og flugur handa ungunum sínum, og lagðist svo á hverju kvöldi þreyttur til hvíldar, eins og þau, því allar skepnur þurfa að sofa og hvíla sig. Undir eins og lýsti af degi vaknaði hann, flaug burt til að afla þeim og sjer fæðu, og þegar það var búið, settist hann fram-

an í sylluna og tísti svo fagurt, að börnin höfðu mestu skemmtun af að heyra til hans, og þeim fannst, að hann væri leikbróðir sinn; hann var svo glaður og ánægður af því, að guð gaf honum daglegt brauð, þó að hann yrði að hafa nokkuð fyrir að afla sjer þess. Svona leið á sumarið. Börnin ljeku sjer glöð og áhyggjulaus. Litli fuglinn var búinn að koma ungunum sínum á flug, og söng á hverjum degi svo unaðsblítt fyrir þau; það var rjett eins og hann væri að bjóða þeim góðan daginn, þegar þau komu út á morgnana, því að hann tísti þá svo undur glaðlega, og það var eins og hann byði þeim góða nótt á kvöldin. Þau sögðu mömmu sinni frá fallega, litla fuglinum, og henni þótti líka vænt um hann, af því hann var svo glaður og ánægður yfir lífinu. Nú fór að hausta; öll fallegu blómin í brekkunni voru farin að fölna, og höfuð þeirra voru farin að beygjast til jarðarinnar, því sumri var farið að halla, og náttúran þekkir sinn vitjunartíma; en samt söng litli fuglinn þeirra svo fagurt í syllunni uppi yfir þeim.

Anna sagði við Jón eitt kvöld: »Heyrist þjer ekki eins og mjer, að litli fuglinn tísti eitthvað viðkvæmara í kvöld, en hann er vanur?«

»Jú«, sagði Jón, »mjer heyrist það; hann er líka að bjóða okkur góða nótt«.

Og börnin fóru heim að sofa. Þau risu árla á fœtur og fóru upp að klettinum sínum, en litli fuglinn var þar þá ekki. Þau urðu þá mjög hrygg og biðu fram til hádegis, en ekki kom litli fuglinn, og svo urðu þau að fara heim um kvöldið, án þess að sjá hann eða heyra. Þau komu kjökrandi heim til mömmu sinnar og sögðu, að fuglinn þeirra hefði ekki komið á sylluna sína í dag og spurðu hana, hvað mundi vera orðið af honum?

»Hann er floginn í burtu«, sagði hún, »því nú er farið að hausta«.

»Og hvers vegna getur hann ekki verið hjer eins og við?« spurðu þau.

»Þið hafið hús og heimili, og inni hjá ykkur er hlýtt og gott«, sagði hún, »en hann á ekkert hús til að vera í þegar kuldinn kemur, og þess vegna fer hann hjeðan úr kuldanum og til heitu landanna, þar sem vel fer um hann«.

»Og hver vísar honum veginn þangað?« spurðu þau.

»Það gerir guð« svaraði hún.

»Fer guð þá með honum alla leið?« spurðu þau.

»Já, guð er með öllum sínum skepnum, og enginn titlingur fellur til jarðar án hans vilja; en guð hefur gefið fuglinum þau hyggindi, að hann finnur á sjer, hvenær tími er kominn til að fara og til að koma aptur á vorin«.

»En hann söng svo fagurt í gærkveldi«, sögðu þau hálfvegis kjökrandi, »að við getum ekki gleymt því; hann hefur aldrei fyr sungið svo fagurt, og það var þá í síðasta sinni!«

»Já, það var í síðasta sinni, er hann söng, börnin mín, en jeg skal segja ykkur nokkuð. Þið eruð líka ofboð-litlir fuglar, sem eigið að starfa í heiminum, gera gott, hugga og hressa aðra, eins og litli fuglinn, því enginn veit, hve nær þið syngið í síðasta skipti; það getur orðið í kvöld, og þá ríður á að hafa sungið vel, svo aðrir minnist þess með þakklæti og fögnuði, þegar þið eruð flogin burt«.

»En mamma«, sögðu þau, »við höfum enga vængi til að fljúga með«.

»Jú, þið hafið vængi, tvo skínandi fagra vængi«, svaraði hún.

Nú urðu þau hissa, og fóru að vinda sjer til á alla vegu til að vita, hvort þau sæi ekki vængina sína. Nei, þau gátu ekki sjeð þá.

»Og samt hafið þið þá« sagði mamma þeirra.

Þau horfðu nú hissa á hana, því að hún hafði aldrei skrökvað að þeim. En hvar voru þá vængirnir?

Hún tók þau þá brosandi í fangið á sjer og sagði: »Þegar þessi líkami, sem þið nú búið í, deyr, þá verða vængirnir lausir, því líkaminn er ekki þið sjálf, heldur hús, sem andi ykkar býr í um nokkur ár. En vængirnir heita

trú og von, og þegar sálin verður laus, fljúgið þið með þeim í guðs miskunnar faðm, þangað sem frelsari ykkar er farinn á undan, og þar munuð þið sjá ástvini ykkar og fá að vera hjá mömmu, vona jeg«.

Ljet hún þau þá niður úr fanginu og sagði um leið: »En munið eptir því, að vera glöð og syngja vel, eins og litli fuglinn gerði, því hvert kvöld getur orðið síðasta kvöldið ykkar«.

Klukkan gengur ekki rjett.

Einu sinni voru mörg börn að leika sjer; þau voru á ýmsum aldri, bæði ung og gömul. Jón litli átti úr, sem pabbi hans hafði gefið honum í afmælisgjöf, og bar hann það jafnan í vasa sínum. Pabbi hans sagði við hann: »Nú máttu leika þjer, þangað til klukkan er orðin 6, þá verðurðu að fara að smala ánum. Mundu nú það«.

Börnin hlupu nú til leika sinna, fóru í feluleik og skollaleik og skemmtu sjer á ýmsan hátt, sem þeim líkaði bezt. Tíminn leið fyr en þau varði; Jón leit á úrið sitt, og það var nærri því orðið 6; hann langaði enn þá að leika sjer— en hvað var þar við að gera — að færa úrið, hugsaði hann, en það dugði ekki, því að hann sá, að þá varð hann líka að færa klukkuna hans pabba síns. Hann hugsaði, að það gæti verið, að pabbi sinn sæti inni í baðstofunni,

þar sem hún hjekk á veggnum og gaf til kynna tímann smátt og smátt, með hægum, en jöfnum höggum. Samt vildi hann reyna, hvernig færi. Læddist hann því ofur-hægt heim, fór inn í baðstofuna, og þá er hann sá, að enginn var inni, færði hann vísirinn á klukkunni hægt og hægt einn klukkutíma aptur á bak, svo að klukkan varð 5, en átti að vera 6. Að því búnu færði hann líka úrið sitt, og fór aptur út til leika sinna.

Nú kom nágranni föður hans, sem enga klukku átti, þangað. Hvað er klukkan, sagði hann?

Bóndi leit á hana og sagði: »Hún er 5«.

»Jeg er hissa á, hvað þessi tími hefur verið langur. Klukkan er þá ekki nema 5, sagði nágranninn; þá fer jeg ekki að sækja hestana undir heylestina mína fyr en eptir klukkutíma; jeg átti að fá þá ljeða, þegar klukkan væri orðin 6, en ekki fyr, og jeg er svo hræddur um rigningu. Það er allt af eins notalegt að þurfa að fá til láns hjá öðrum«.

»En hver veit, nema að klukkan mín sje of sein«, sagði bóndi; »hann Jónki minn á úr, sem gengur rjett, og jeg skal vita, hvort það er ekki meira en 5«. Gekk hann þá út á balann og kallaði: »Sýndu mjer úrið þitt Jón«. Jón tók upp úrið sitt. »Jú, öldungis rjett, það

er líka 5«, sagði faðir hans, og gekk aptur inn í bæ.

Nágranninn beið enn einn klukkutíma, en þá var farið að rigna. Loksins sótti hann hestana sína, sem höfðu staðið og beðið heilan klukkutíma, og fólkið á bænum furðaði sig á því, að hann hefði ekki sótt þá fyr. Þá var komin öskrandi rigning, svo að hann gat ekki hreyft heyið sitt, það var orðið drifvott. Eptir það kom langur óveðrakafli, og þegar bóndinn loksins náði heyinu sínu heim, þá var það orðið bleikt og hrakið og ekki hálfgildings fóður við það, sem það hefði orðið, ef drengurinn hefði ekki fært úrið sitt. En hvað hafði hann sjálfur gott af þessu, ekki annað en það, að nú varð hann að fara að leita að ánum í óveðrinu, og þær voru komnar saman við fje nágrannanna, sem smöluðu því í tækan tíma, en hann varð að tína það saman alla nóttina.

Fyrir hinum börnunum fór það heldur ekki vel. Þau áttu að koma heim í tæka tíð til verka sinna, en þau urðu öll of sein; sum fengu refsingu fyrir svikin, en fyrir sumum þeirra fór, eins og fyrir Jóni, að þau misstu fje sitt og urðu að leita að því alla nóttina; og í hverju húsi, þar sem þau áttu heima, var óregla á vinnu og háttum þetta kvöld.

Veslings nágranninn náði ekki heyinu sínu, og mjög margir biðu tjón af ótrúmennsku Jóns,

sem lofaði sjálfum sjer, er hann sá afleiðingarnar, að gera aldrei neitt órjett framar, fyrst að svo margir hefðu hlotið illt af þessu. Eitt vont eptirdæmi leiðir jafnán marga afvega og hefur ævarandi afleiðingar. Það er því bezt að láta úrið sitt ganga rjett, það er að segja, gera ætíð skyldu sína í tækan tíma, því hverjum tíma fylgir hans skylduverk, og sje ein stund færð, fylgja ótal aðrar óreglulegar stundir og óunnin verk, sem ekki er jafnan svo hægt að færa í lag aptur.

Fýlsungarnir.

Uppi í háu, já, afar-háu fjalli, sem allt var þakið grænum syllum og hvannstóð, áttu margir fýlar hreiður. Þeir lágu á eggjunum nætur og daga, nema þegar þeir flugu til sjávar að afla sjer fæðu, því fýllinn lifir á síli og sjófangi, sem hann stingur sjer niður í djúpið til að sækja. Loksins komu úr eggjunum ofurlitlir ungar, er urðu alveg hissa, þegar þeir sáu landið í kringum sig og hafið, sem blasti hvít-blátt og spegilfagurt við auganu, og háu svörtu hamrana með grænu syllunum; en þeir hjúfruðu sig niður í hreiður sín og biðu þess, að foreldrar þeirra kæmu og gubbuðu ofan í þá slori og síli, sem þeir sjálfir höfðu gleypt. Svona leið langur tími; ungarnir fóru nú að verða stórir, löbbuðu fram á syllurnar og horfðu

ofan fyrir háu hamrana; þeir þöndu út vængina og reyndu að fljúga, en þeir gátu það ekki, því að þeir voru enn þá óþroskaðir. Enn leið langur timi, þangað til ungarnir reyndu að fljúga, en það fór á sömu leið, því þeir komust svo skammt. Stundum hrintu gömlu fuglarnir þeim ofan í skorurnar, en urðu þá að hjálpa þeim aptur inn í hreiðrið sitt. Og ungunum þótti þetta hörð meðferð. En stóru fuglarnir töluðu um það sín á milli, hvernig þeir ættu að koma ungunum sínum til að fljúga og forða sjer niður til sjávarins, því að bráðum færu stóru mennirnir að síga ofan í bjargið til að drepa þá.

Þeim kom þá saman um að gefa þeim minna að borða, svo að þeir yrðu ljettari á sjer.

Næsta dag komu þeir með fæðuna, en hún var svo lítil, að veslings ungarnir fengu ekki nærri því nóg; þeir grjetu alla daga og báðu um meira, en foreldrarnir ljetu, sem þeir heyrðu það ekki, og gáfu þeim ekkert meira. Þá fóru ungarnir að tala um þetta sín á milli:

»Foreldrar okkar eru farnir að verða slæmir við okkur; þeir eru hættir að elska okkur, og sjest það bezt á því, að þeir tíma ekki að gefa okkur eins mikið að borða, eins og þeir gerðu, þegar við vorum minni«.

Og allir ungarnir hristu hugsjúkir og hryggir litlu höfuðin yfir harðýðgi foreldra sinna. Svona

liðu tímar fram, og ungarnir, sem voru orðnir stórir og líka margir, löbbuðu fram á syllurnar og lituðust um eptir foreldrum sínum, því þeir höfðu ekki gefið þeim neitt að borða allan dag-inn, og svo harðbrjósta höfðu þeir aldrei fyr verið við þá. En þó ungarnir horfðu út á sjó-inn, sáu þeir ekkert til þeirra. Þá heyrðu þeir háreysti uppi á bjarginu, og samstundis komu margir menn í loptinu niður til þeirra og niður í aðrar syllur. Ungarnir vissu ekki, hvað þetta var; þeir höfðu ekki fyr sjeð menn ferðast svona á snærum, og urðu svo lafhræddir, að litlu hjörtun nötruðu og skulfu af ótta, og þeir kölluðu hástöfum á foreldra sína og báðu þá að hjálpa sjer, en þeir voru hvergi nærri. Þeir flugu þá á syllu eina, sem var neðar, og þeir fundu, að þeir voru ljettari á sjer en áður, og svo flugu þeir á aðra syllu, og svo á hina þriðju og hvíldu sig. Á meðan sópuðu veiði-mennirnir um syllurnar, þar sem feitu fýlsung-arnir voru, drápu þá hrönnum saman, bundu þá í bagga og fóru svo með baggann niður í aðrar syllur. Þá sögðu ungarnir sín á milli. Nú skiljum við, hvers vegna að foreldrar okkar gáfu okkur svo lítið að borða og voru að fara með okkur niður í syllurnar; þeir hafa gert það, til þess að kenna okkur að fljúga, og kenna okkur að flýja hættuna. Þá þöndu þeir út vængina og flugu til sjávar, settust á

öldurnar og hossuðu sjer á þeim, á meðan að veiðimennirnir voru að drepa feitu ungana, sem ekki höfðu lært að fljúga, og fengu allt af svo mikið að borða, að þeir komust ekkert fyrir fitu og sællífi.

Þannig breytir guð stundum við oss; hann neitar oss um jarðnesk gæði, sem mundu hepta flug vort til hæða, þar sem okkar rjetta föðurhús er; og sömuleiðis neita góðir foreldrar opt börnum sínum um það, sem þau langar til, af því að það kann að verða skaðlegt fyrir þau síðar meir.

Drengurinn og hrafninn.

(Þýtt).

»Jeg nenni ekki að fara í skóla« sagði litli Tómas. »Jeg ætla að ganga inn á fallega blettinn þarna og leika mjer í allan dag«.

Þetta var í byrjun maímánaðar. Sólin skein fagurt og grasið var farið að spretta, eins og vandi er til á vorin. Tómas settist niður á ofboð litla þúfu undir trje einu, og kastaði bókunum sínum niður við hliðina á sjer.

»Jeg ætla mjer ekki að fara í skóla«, sagði hann aptur. »Þúfan sú arna er mýkri en bekkurinn, sem við sitjum þar á, og mjer þykir meira gaman að sjá litltu lömbin og grösin, heldur en bækurnar og rittöflurnar«.

Í sama bili og hann sagði þetta, varð hon-

um litið uppi í trje, sem var gagnvart honum, og sá gamlan hrafn sitja þar, og við hliðina á honum var hreiður, sem líktist lurkahrúgu.

»Þetta er efnilegur drengur«, sagði hrafninn. »Hann segist ekki vilja ganga í skóla. Þetta er dáindis fallegur letingi«. Og allir hrafnarnir, sem voru í grenndinni, fóru að segja krá,.krá, krá, eins og þeir væru að hlæja að Tómasi. »Hvað er þetta, þú vilt ekkert vinna«, sagði hrafninn aptur. »Lati drengur, þú ert verri en fuglarnir. Heldurðu að jeg sje iðjulaus? Horfðu á hreiðrið mitt; hvernig lízt þjer á það?«

»Jeg þori að segja að það er dáfallegt«, sagði Tómas, »en jeg vildi ekki eiga að búa í því«.

»Nei, af því að þú ert bara drengur og ekki eins hygginn og hrafn«, svaraði þessi nýi vinur hans; og allir hrafnarir sögðu aptur krá, krá, krá, eins og þeir hugsuðu það sama.

»Veiztu hvers vegna hrafninn er vitrari en latur drengur?« spurði hrafninn, vjek höfðinu til annarar hliðar og horfði niður á Tómas með sínu tinnusvarta auga?

»Nei«, sagði Tómas. »Jeg hjelt, að drengir væru vitrari en hrafnar«.

»Það hjelztu«, sagði hrafninn, »en veiztu nokkuð um það. Geturðu byggt hús handa þjer?«

»Nei«, sagði Tómas, »en þegar jeg verð stór, get jeg það«.

»Og hvers vegna geturðu ekki gert það strax?« sagði hrafninn, »og horfði til hinnar hliðarinnar, og leit á Tómas með hinu auganu«.

»Af því jeg hef ekki lært það«, svaraði drengurinn.

»Hæ, hæ«, sagði hrafninn, »dustaði vængi sína og hoppaði upp. Hann verður að læra að byggja húsið, þessi vitri drengur. Þetta er fallegur drengur; þetta er gáfaður drengur!«

Þegar hinir hrafnarnir heyrðu þetta, veifuðu þeir vængjunum líka, og hrópuðu krá, krá, krá, hærra en fyr. »Enginn hefur kennt mjer að byggja húsið mitt«, sagði hrafninn, þegar þeir voru aptur orðnir rólegir. »Jeg kunni undir eins að gera það, og sjáðu, hversu fallegt húsið mitt er; jeg kom sjálfur með allar spíturnar, sem eru í því, jeg flaug með þær í nefinu, og sumar af þeim voru mjög þungar; en jeg hlífi mjer ekki við að vinna. Jeg er ekki líkur lötum dreng«. Og hrafninn hristi höfuðið og leit svo biturlega til Tómasar, að honum fannst, eins og að skólakennarinn horfði á sig, og hann varð hræddur.

»En það eru fleiri hlutir til í heiminum en hús« sagði Tómas.

»Jú vissulega« sagði hrafninn, »jeg var ein-

mitt að hugsa um það. Þú þarft klæða með eins og húss«.

»Það þurfum við« sagði Tómas »og opt ný föt; en þið fuglar getið ekki klætt ykkur í föt«.

»Hver sagði þjer það?« sagði hrafninn, mjög önugur. »Skoðaðu klæðnaðinn minn, og segðu mjer, hvort þú hefur nokkurn tíma sjeð fallegri svartan klæðnað. Getur þú búið þjer til annan eins«?

»Nei«, svaraði Tómas, »en jeg get lært það«.

»Jú, þú getur lært; það er viðkvæðið ykkar, lötu drengjanna. Þið verðið að læra alla hluti, og samt eruð þið of latir til þess«.

Tómas sá, að hrafninn hafði rjett að mæla. »Hamingjan hjálpi mjer«, sagði hann við sjálfan sig, »mjer datt aldrei í hug, að hrafnar væru svo vitrir og fjölhæfir«.

»Það er alveg satt, sem þú segir«, svaraði hrafninn, og hoppaði niður á aðra grein nær Tómasi; »en það er enn þá fleira, sem þú þarft að læra, en að afla þjer fæðunnar, sem þú borðar, herra Tómas. Hver gefur þjer hana?«

»Mamma gefur mjer hana«, svaraði Tómas.

»Þú ert enn þá barn?« svaraði hrafninn.

»Nei, jeg er vissulega ekkert barn, og jeg skal kasta steini í þig, ef þú kallar mig barn«.

»Drengir ættu aldrei að kasta steinum«, svaraði hrafninn alvarlegur. »Við köstum aldrei

steinum; það er mjög heimskulegt athæfi. Jeg spurði einungis að, hvort þú værir barn, af því að undir eins og hrafninn getur gengið einsamall, þá aflar hann sjer fæðu«.

»Það skal jeg líka gera, þegar jeg er orðinn stór«, sagði Tómas. »Jeg skal þá læra, hvernig jeg á að fara að því«.

»Jeg er alveg hissa«, sagði hrafninn. »Þú þarft að læra mikið, áður en þú verður eins vitur og hrafn«.

»Það er satt«, sagði Tómas og beygði höfuðið niður á bringuna. »En nógur er tíminn«.

»Það er jeg ekkert viss um«, sagði hrafninn. »Þú ert eins stór og 20 hrafnar, og þó hefur þú ekki vit á við einn þeirra. Það er fallegt að liggja svona í grasinu allan daginn. En sá heimskingi! Farðu i skólann! farðu í skólann! farðu í skólann!« Allir hrafnarnir tóku undir með honum, og gerðu svo mikinn hávaða, að Tómas tók bækur sínar til að henda í þá; en þeir flugu hærra upp í trjeð og hrópuðu, krá, krá, krá, þangað til að Tómas vildi ekki heyra það lengur, tók um eyrun og hljóp heim að skólanum, eins fljótt og hann gat. Hann kom nógu snemma og kunni vel það, sem hann átti að læra, og fór svo heim ánægður, af því að skólakennarinn sagði, að hann hefði verið góður drengur. Þegar hann gekk fram hjá sama trjenu, sat gamli hrafninn í því, en leit ekki

á Tómas. »Komdu, komdu«, sagði Tómas. Vertu ekki í illu skapi, gamli vinur! Jeg kastaði bókunum mínum í þig, af því að jeg var reiður við sjálfan mig fyrir að vera iðjulaus heimskingi. En hrafninn ljet eins og hann hefði ekki sagt eitt einasta orð og hefði aldrei sjeð Tómas fyr.

Svo fór litli drengurinn heim og sagði móður sinni frá þessu, en hún sagði, að fuglar töluðu aldrei, og hann hefði hlotið að dreyma það. Tómas trúir því samt ekki, og þegar hann langar til að slóra, þá segir hann æfinlega við sjálfan sig. »Komdu, komdu, herra Tómas! Þú verður að vinna mikið, því þú ert ekki enn þá eins hygginn, eins og gamall, svartur hrafn«.

Þjónarnir hennar Sigríðar litlu.

(Þýtt).

Litla Sigríður átti ástúðlega móður, sem annaðist hana vel. Þú munt því ef til vill furða þig á því, að hún átti líka svo marga þjóna. Nú skal jeg lýsa fyrir þjer fáeinum þeirra, og svo geturðu beðið mömmu þína að segja þjer frá hinum, því þú átt sams konar þjóna og Sigríður.

Þegar hún fæddist, vissi hún ekki, til hvers þeir voru hafðir, eða hvar þeir voru; þeir vissu það heldur ekki, og því voru þeir gagnslausir. Tveir voru svartir og svo líkir, að þú mundir

ekki hafa getað þekkt þá í sundur, og hún ljet þá nærri því aldrei sjást; og þegar móðursystur hennar og frændkonur heimsóttu hana, sögðu þær: »Hví lofar Sigríður engum að sjá þá?« og fóru óánægðar í burtu. Þessir svörtu þjónar voru skínandi litlar stjörnur, sem lærðu skjótt að skemmta Sigríði. Eitt hið fyrsta, sem þeir gerðu fyrir hana, var að sýna henni eldinn, og henni þótti hann mjög fallegur. Sigríður átti tvo aðra þjóna, sem voru tvíburar. Þeir vissu svo lítið, hvað þeir áttu að gera, að þeir klóruðu og lömdu hana í framan. Og móðir hennar sagði, að hún yrði að binda þá, ef þeir ljeti þannig; en þó að þeir vissu ekki, hvernig þeir áttu að haga sjer, þá voru þeir mjög fallegir, líkir rósablöðum, eða einhverju öðru rauðu og mjúku. Sigríður átti enn þá tvo þjóna, sem hún veitti enga eptirtekt nokkura mánuði; þeir vissu heldur ekki eins fljótt og sumir af hinum, hvernig þeir áttu að þjóna henni; þeir voru feitir og voru á sífelldu iði og kunnu ekki annað, en að stinga holur í sokkana hennar. Sigríður átti enn þá þjóna, sem voru tvíburar og mjög nytsamir, því án þeirra hefði hún aldrei heyrt móður sína syngja eða föður sinn blístra, eða heyrt kisu segja mjá eða hundinn segja vá, vá. Og hún átti enn þá einn lítinn þjón, sem hún ljet engan sjá, og hið eina, sem hann gerði lengi vel, var að hjálpa

henni til að fá á hverjum degi margan góðan miðdegisverð, kvöldverð og morgunverð; en smátt og smátt hjálpaði hann henni í fleiru. Ef jeg held þannig áfram lengi, er jeg hrædd um, að þú verðir hlessa. Ef, þú svo vilt geta upp á nöfnin á þessum þjónum litlu Sigríðar, ætla jeg að leggja fyrir þig þrjár spurningar, og ef þú getur ekki rjett í þriðja sinni, þá verðurðu að horfa í spegilinn, og þar muntu sjá flesta af þessum þjónum, sem jeg hef talað um.

Góðu börnin.

Það voru einu sinni 5 systkin, og ef þið viljið vita, hvað þau hjetu, þá skal jeg segja ykkur það. Drengirnir hjetu Árni, hann var 11 ára, Einar, hann var 10 ára og Sigurður, hann var 8 ára. En systurnar hjetu Björg og Margrjet, þær voru báðar 7 ára gamlar, því þær voru tvíburasystur.

Einn góðan og fagran veðurdag um vorið sögðu foreldrar þeirra við þau.

Nú megið þið leika ykkur í allan dag úti á stekkjartúnsblettinum, þangað til að safnið kemur í kvöld; en þið verðið að haga ykkur vel, og þú, Árni, mátt ekki fara í glímu, af því að þú ert svo heilsutæpur. Munið þið nú þetta. Svo fóru börnin út í stekkjartúnið; þar var þá eptir umtali saman kominn hópur af drengjum

og stúlkum úr nágrenninu, sem voru á líkum aldri og systkinin, sem jeg gat um. Þegar þau voru öll komin þarna saman, sungu þau, svo undir tók í hömrunum.

Á hverju eigum við nú að byrja? sögðu drengirnir; flestir vildu þeir glíma, og sá þeirra, sem glímdi bezt, átti að fá ljómandi fallegan knött að verðlaunum.

Nú fóru allir drengirnir í knattleik, til þess að reyna ágæti nýja knattarins, sem var stór hnykill með rauðu klæði utan um. Hann var ljett og gott leikfang og flaug í loptinu á milli þeirra, og þeim þótti hann vera mesti kjörgripur, og þá langaði alla til þess að eiga hann.

»Árni!« sögðu þeir, »þú ert bæði liðugur og sterkur, og ert því viss að hljóta knöttinn, ef þú tekur þátt í glímunni«.

»Jeg má það ómögulega«, svaraði Árni, og roðnaði við.

»Og vegna hvers?« spurðu þeir.

»Af því að foreldrar mínir bönnuðu mjer að glíma í dag«, svaraði hann.

»Og þau þurfa ekkert að vita af því, þó þú farir í eina glímu«, svöruðu þeir.

»En guð veit það samt og meðvitundin ásakar mig fyrir það«, svaraði Árni og settist niður; en hann langaði mikið til að fara í glímuna og reyna krapta sína. Þeir hlógu þá að

heimskunni úr honum, sem þeir nefndu svo, og fóru að glíma, en voru svo jafnir, að enginn vann knöttinn. Þetta gramdist þeim mjög, hertu sig þá, og lá við að lenti í illdeilum á milli þeirra; en allt fór á sömu leið, enginn vann knöttinn að heldur. Hlupu þeir þá til Árna, þar sem hann sat rjettum beinum á vellinum og sögðu af miklum þjósti: »Þú, herfan þín, situr þarna eins og kararkerling og nennir ekki svo miklu sem að hreyfa þig«. Tóku þeir þá í fæturna á honum og drógu hann þannig, til þess að koma honum til að reiðast. En það varð líka árangurslaust, hann vildi ekkert eiga við þá. Þó að hann reiddist með sjálfum sjer, ljet hann þá ekki sjá það, og sætti lagi að sleppa úr höndum þeirra og hljóp upp á stekkjartúns klettinn.

Þeir hrópuðu á eptir honum, nefndu hann raggeit og öllum illum nöfnum, en hann ljet, sem hann heyrði það ekki. Þeir gátu því ekkert átt við hann, því enginn berst lengi við skuggann sinn. Svo fóru börnin aptur að leika sjer. Þegar drengirnir voru orðnir þreyttir á að glíma, tóku þeir steina og fóru að henda þeim í litlu fuglana, sem áttu hreiður í klettunum uppi yfir, því slæm börn hafa opt gaman af að hrekkja veslings skepnurnar, þó þau eigi sjálf gott og sjeu að leika sjer.

Þá sagði Einar litli, að foreldrar þeirra hefðu

sagt þeim að hegða sjer vel, en þetta væri ekki að hegða sjer vel. Þá fóru slæmu börnin að hlæja að honum, en hann kærði sig ekkert um það, heldur fóru þeir Sigurður báðir að tína upp steinana og köstuðu þeim svo langt í burtu, að þau fundu þá ekki aptur. »Megum við þá ekkert gera að gamni okkar«, sögðu slæmu börnin hlæjandi.

»Jú, jú«, sagði Sigurður. »Það er svo margt annað, sem meira gaman er að, en að hrekkja saklausu fuglana«.

»Þið eruð ljótu börnin«, sögðu hin. »Það má ekkert leika sjer fyrir ykkur; það er svo gaman að sjá, að fuglarnir eru hræddir; það eru víst ljótu sjervitringarnir foreldrar ykkar«.

Eptir þetta settust öll börnin niður og fóru að borða, því þau höfðu fengið margt gott í nesti, köku, smjör, ost, sykur og fleira, og þau höfðu kjöltur sínar fyrir borð; nú kom Árni ofan af klettinum og fjekk sinn skerf.

Rjett í þessu gekk förukerling fram hjá með beiningapokann sinn á bakinu; hún heilsaði upp á þau og bað þau að gefa sjer bita, hún væri svo svöng. »Nei, engan bita skaltu fá, annan en torfusnepla«, svöruðu slæmu börnin, og rifu nú upp torfur úr garðinum og köstuðu í kerlinguna, sem forðaði sjer hið fyrsta; en þau ljetu ekki hjer við lenda, heldur eltu hana með hrópi og háði langt fram á balann.

»Þetta er ekki að haga sjer vel« sögðu þær Björg og Margrjet, og hlupu á eptir kerlingunni með allan matinn sinn í svuntunum og gáfu kerlingunni hann allan. Hún varð svo fegin, að hún grjet af gleði og bað guð að launa þeim fyrir sig. Svo hlupu þær ánægðar aptur inn í barnahópinn; sumum þeirra þótti þetta fallega gert, en sum kölluðu þær heimskingja að gefa það, sem þeim þætti sjálfum gott. Og svo gengur það opt, að öllum lízt ekki hið sama, en einn er dómarinn, sem rjett dæmir, og það er samvizkan; hún sagði þeim, að þær hefðu gert rjett, og þær trúðu því. Rjett í þessu kom stór fjárhópur og með honum margt fólk, menn, konur og börn, því það átti að rýja fjeð, og foreldrar allra barnanna voru þar líka. Nú stukku börnin upp og hjálpuðu til að koma fjenu inn, því þeim þótti gaman að eltast við kindurnar, sem stukku út úr hópnum, og koma þeim aptur saman við hann; og þegar búið var að reka fjeð í rjettina, gengu foreldrarnir til barnanna og spurðu, hversu þau hefðu skemmt sjer; þeim var sagt það.

»Og þú hirtir ekki um að vinna fallega knöttinn« sagði faðir Árna, »þó þjer væri skapraunað til þess. En þú ert sigurvegarinn, því þú varst herra geðs þíns, og enginn sigur er stærri en sá. Nú ætlar hún mamma þín að búa þjer til miklu fallegri knött, og skaltu eiga

hann fyrir hlýðnina«. Og hann sagði við þá Einar og Sigurð, að þeir hefðu hagað sjer vel, því það væri ragmennska að breyta eptir öðrum, þegar það væri rangt, það sýndi, að sá væri ósjálfstæður, sem slíkt gerði, og sá sem forðaðist hið illa, aðhylltist hið góða og fagra.

Og við þær Margrjetu og Björgu sagði hann, að þær hefðu gert vel, og þeir sem væru hjálpsamir við aðra, gleddu guð sinn.

En foreldrar hinna barnanna hryggðust, þegar þeir heyrðu, hvað slæm þau hefðu verið, og sögðu, að þau skyldu ekki aptur fá að leika sjer úti í stekkjartúninu með góðu börnunum hans nágranna síns; og þau skömmuðust sín fyrir að eiga svo slæm börn.

Eptir þetta var farið að rýja fjeð; foreldrar góðu barnanna áttu ekki nærri því eins margar kindur að rýja, eins og sumir hinir; en hverjir haldið þið, að hafi verið ríkastir, þeir sem áttu slæmu börnin og miklu ullina, eða þeir sem áttu góðu börnin og litlu ullina?«

Hvað segið þið um það, börn mín?

Sumargjafirnar.

»Sólin er nú í allri hátign sinni að ganga undir, og deyjandi bjarmi hennar breiðir eins konar friðarblæju yfir lög og láð. Náttúran er sannkölluð fyrirmynd laga þeirra, sem við dauðlegir menn lútum, enda eru það sömu lögin.

Við rísum upp árla á morgnana á æskumorgni vorum, þá erum við glaðir og kátir, og færumst einlægt, eins og sólin, hærra og hærra á himinhvolfið (hvolf mannlífsins), þangað til áður en oss varir, allt í einu fer að lækka undir fæti; æfisól vor lækkar á lopti, unz hún að lokum gengur undir, ýmist hulin hretskýjum, eða í sigurdýrð eins og nú. Það fer eptir því, hvernig loptslaginu er háttað, hvort að trúar-og vonar himininn er heiður eða ekki; en sje hann heiður, þá er vel. Aldrei linnir degi nje nóttu; nóttin hlýtur að koma, og þá fær engin erfiðað. Dauðinn hlýtur að koma og við verðum að hætta að vinna, og því má líkja saman næturhvíldinni og grafarfriðnum. Enn aptur brunar sólin fram úr fylgsni sínu, ung í annað sinn, ef svo mætti að orði kveða, og eptir grafarfriðinn brunar líka okkar nú dauðlegi líkami, þá dýrðlegi líkami, upp úr rústum rotnunarinnar«.

Þennan ræðustúf hjelt faðir nokkur við 7 ára gamlan son sinn, er sat hjá honum úti á túni, meðan sólin var að síga í æginn. Nú stóð hann upp og sagði: »Komum nú inn, Eggert minn! Sólin er nú gengin undir«.

»Á morgun«, greip drengurinn fram í, »er sumardagurinn fyrsti, þá förum við í sparifötin okkar, og þá förum við í skessuleik suður á bala«.

»Hlakkarðu til þess? En hlakkarðu ekki líka

til sumargjafanna, sem hún mamma þín ætlar að gefa þjer?«

»Jú, jeg hlakka mikið til«, sagði drengurinn og hljóp inn.

Á meðan þeir feðgar voru úti, hafði húsfreyja verið önnum kafin að búa til sumargjafir handa öllum fjórum börnunum, manni sínum og svo vinnufólkinu, því hver átti að fá sinn skerf. Allt var nú vandlega saman vafið og látið ofan í kistu til næsta dags, og nú fóru allir að hátta. Lengi voru börnin að brjóta heilann um, hvað þau mundu fá í sumargjafir, og forvitnin var svo mikil, að þau gátu ekki sofnað.

Loksins fann Eggert litli upp á því, að þau skyldu læðast hægt á fætur og vita, hvort þau gætu ekki orðið einhvers vísari um þetta mikilsverða atriði; þau hjeldu nú ráð sín, og urðu 2 þeirra til að mæla á móti uppástungunni og sögðu, að gleðin yrði stærri, ef gjafirnar kæmu þeim á óvart.

En Eggert vildi endilega fá að sjá, hvað sjer væri ætlað, og þau gátu ekki hamið hann, svo hann fjekk yngstu systur sína, er Þóra hjet, til að fara með sjer upp á dyralopt, þar sem kistan stóð. Það hittist þá svo vel á, að lykillinn stóð í skránni, en samt voru þau æði lengi að berjast við að ljúka kistunni upp, þangað til loksins það tókst. Þóra hjelt uppi lokinu,

en Eggert fór að skoða bögglana, og var nú heldur handagangur í öskjunni, sem málta·kið segir. Einn böggullinn eptir annan var nú rifinn upp og innihald þeirra breitt á gólfið. Í gleði sinni gleymdu þau, í hvaða glæfraför þau voru; þau skellihlógu og ljetu öllum illum látum, þar til foreldrar þeirra vöknuðu og heyrðu, að eitthvað var um að vera á dyraloptinu; hjeldu þau helzt, að það væri þjófar, klæddu sig því í snatri og læddust upp svo hægt, sem þau gátu, til að koma bófunum á óvart. Það heppnaðist þeim líka, og einmitt þegar Eggert litli var að ljúka upp hárbeittum sjálfskeiðing, sem faðir hans átti að fá í sumargjöf, rak hann höfuðið upp um stigagatið. En barninu, sem einmitt hafði forboðna eplið á milli handanna, varð svo hverft við, að hnífurinn snerist um í hægri hendi þess og skar í sundur allar aflsinarnar í lófanum. Rjett um leið sleppti Þóra kistulokinu; en svo óvarlega fór hún að því, að það skall á og marði vinstra þumalfingur hennar, sem hún hafði stutt á hliðarfjölina. Nú fór af gamanið; þau hljóðuðu bæði og grjetu hástöfum, svo að allir í baðstofunni vöknuðu, og sváfu lítið, það sem eptir var nætur. Eins og nærri má geta, fjell foreldrunum þetta mjög illa, og varð þeim fyrst fyrir, að binda um áverka barnanna, og sökum hans sluppu börnin hjá hörðum ávítunum. Loksins í dögun

þerraði svefninn tárin af augum þeirra og læknaði í bráð sorg þeirra og sársauka.

Það var friðsæl sjón, að horfa út um gluggann á prestssetrinu um miðmorgunsleyti, þegar húsfreyja leit út. Sólin var þá komin upp og kastaði blíðum geislum yfir allt, og var farin að milda hið svala næturlopt.

Snjórinn á heiðinni fyrir handan fjörðinn var svo hvítur og bjartur í samanburði við hlíðarnar, sem voru orðnar rauðar og auðar. Sjórinn var, rjett eins og himininn, heiður og blár, og blessuð lóan söng með skírum og blíðum róm: »Dýrðin, dýrðin«. Hún hafði ekki látið sjá sig fyrri, og var eins og hún, um leið og hún vegsamaði skapara sinn, byði fólki gleðilegt sumar. Húsfreyja fór á fætur, setti upp kaffiketilinn og fór svo að sœkja gjafirnar, því hún ætlaði að færa öllum þær í rúmið. Þar eð Eggert og Þóra sofnuðu svo seint og sváfu svo fast, tímdi hún ekki að vekja þau; en hin börnin ásamt öllu fólkinu, fóru á fætur og fögnuðu hinu fríða og inndæla sumri. Þennan dag áttu allir frí, og þegar morgunverk voru búin og búið að lesa lesturinn, fóru allir í alls konar leiki, og hver skemmti sjer, sem bezt hann mátti.

Klukkan var orðin 12, þegar Eggert og Þóra vöknuðu. Þau risu nú upp á handlegg sjer og litu út um gluggann. En hvað sáu þau? Syst-

kinin sín og allt fólkið úti á túni í skessuleik, uppáhaldsleik Eggerts litla, og foreldra sína sáu þau þar bæði standa og horfa á. Veslings börnin! nú rankaði þau fyrst almennilega við sjer og mundu eptir, hvaða dagur var og eptir öllu. Þau fóru nú að hafa sig á kreik, og ætluðu að komast í hópinn, en fyrst tóku þau mjög út af því að klæða sig, sökum sára sinna; en þegar það loksins var búið, var hurðinni lokað að utan, svo þau komust ekki út, og sáu að þeim var ætlað vera inni. Það var því ekki annað fyrir þau að gera, en liggja þarna snöktandi, þangað til fangelsið yrði opnað.

En það leið ekki á löngu; foreldrarnir gleymdu ekki að vitja syndaranna, sem báru sig heldur aumlega; þeir aumkvuðust yfir þau, eptir því sem hægt var, og leiddu þau með sjer út á völlinn til þess að taka þátt í leiknum, sem nú stóð sem hæst. En er þau höfðu verið í honum nokkrar mínútur, yfirgáfu þau hann hágrátandi, því ýmist duttu þau, eða skessan fór óþyrmilega höndum um kaun þeirra; og þó allt væri í bróðerni, þá á heill og vanburða ekkert hlutskipti saman, einkanlega í skemmtunum. Foreldrarnir fóru því aptur með þau heim, og nú fór móðirin að úthluta sumargjöfunum, en enn þá voru raunirnar ekki búnar. Sumargjöf Eggerts var spánný rauðbrydd peisa með ljómandi fallegum koparhnöppum. Hann gleymdi

kaunum sínum, hoppaði upp af gleði og ætlaði strax að reyna hana. En ermin var gerð fyrir hendina hans, eins og hún var í gær, áður en hann syndgaði, en ekki fyrir bólgna hendi með miklum umbúðum, svo hjer kom aptur grátur á ný; treyjan var hengd upp á stag, og þar hjekk hún óbrúkuð heilan mánuð. Eins fór fyrir Þóru; hennar sumargjöf voru hvítir vetlingar, með útsaumuðum rósum allavega litum á handarbökunum, en fingur hennar voru svo sárir, að hún gat ekki sett þá upp, og fjell henni það engu betur, en bróður hennar þrengsli treyjunnar.

Faðir þeirra aumkvaðist nú svo yfir þau, að hann fór út með þau, til að hafa einhvern veginn af fyrir þeim. Þau gátu engan þátt tekið í gleði hinna, eins og áður var sagt, og því fór hann með þau út fyrir leiksviðið, út fyrir vallargarð, og námu þau staðar á stöðulklettinum, sem kallaður var, er stóð fyrir utan og ofan túnið, og þar settust þau öll niður. Þá tók faðir þeirra þannig til orða: »Það er ekki lengra síðan, en í gærkveldi, að jeg var að segja þjer, Eggert minn, um gang mannlífsins, en þó hefur þú svo illa varað þig, og leitt systur þína sömuleiðis inn í villuna, sem var yngri og óvitrari en þú. Eins og lífið býr við hlið dauðans, þannig vex opt fullkomnunin upp af rústum ófullkomlegleikans, hyggnin upp af

heimskunni, og þannig myndast og lagast allt, hvað eptir sinni tegund. Jeg skal, af því þið enn eruð börn, útlista þetta betur fyrir ykkur, svo þið getið orðið hyggin af heimskunni, því til þess eru víti að varast þau«. Þú varst forvitinn Eggert og vildir ekki bíða til morgundagsins eptir gjöf þinni, en af því að þú ljezt forvitnina ráða við þig, hefur þessi dagur orðið þjer og ykkur eins mæðusamur, eins og hann annars hefði verið ykkur gleðilegur, því í dag hentar þjer allt annað en í gær. Af því þú ætlaðir þjer sjálfur að grípa inn í gang þess hlutar, sem fyrir fram var ákvarðaður og ekki mátti breytast, þá verður sá hlutur þjer til sorgar í stað gleði. Þegar þú eldist, muntu opt verða var við, að guð fer þannig með okkur. Hann dregur að fá okkur þessa eða þessa gjöf til þess tíma, sem hann sjer hentugan til þess. En stundum viljum við sjálfir skapa þennan tíma eptir eigin velþóknan, eins og við trúum ekki guði fyrir því; af því við erum frjálsar verur, heppnast okkur það opt, en þá fáum við líka að reka okkur á, að okkar vizka nær skammt, og hin góða gjöfin verður hefndargjöf, eins og treyjan þjer; hegningin felst í heimskunni sjálfri. En hefðum við látið hlutina hafa sinn eigin gang, hefðum við gert okkur ánægða með guðs tíma, sem er beztur, þá hefði farið öðru vísi. Hann getur tekið í taumana

og gerir það, þegar blindnin ætlar að keyra fram úr öllu hófi; en þegar hann lofar okkur að fá okkar eigin vilja, er það til þess að við lærum af reynslunni, að hans vilji er sá eini holli. Þegar hann lætur okkur reka okkur á, er það til þess, að við verðum varasamari eptirleiðis, og vjer förumst ekki í blindskerjum lífsins. Vissulega mun nú hvorugt ykkar gera það framvegis, að forvitnast um sumargjafir ykkar, heldur mun ykkur reka minni til þessa atviks, og þið munuð bíða róleg og vongóð. Sjáið þið nú börnin mín, hvernig öll náttúran hlýðir lögmáli sínu; ekki þrjóskast grösin á vellinum, ekki reyna þau að ræna hvort annað, nje grípa fram í gang tímans, þess vegna er hvert um sig, svo fagurt og frítt. Sjáið þið sólina, hún hlýðir æ sömu lögum, hún breytir ekki rás sinni og því fer allt vel. Skyldi þá maðurinn, hin skynsemi gædda vera, ekki vilja trúa skapara sínum og föður fyrir sjer. Látið nú þetta glappaskot ykkar verða ykkur að varnaði, ekki einungis í veraldlegum hlutum, heldur og í andlegum. Setjið ykkur aldrei á móti guðs vilja eða lögum, og þó þið ekki skiljið ráðsályktanir hans eða breytni við ykkur, þá bíðið eptir drottni, hann bíður svo opt eptir okkur«.

Að þessari ræðu endaðri, stóð faðirinn upp og gekk heim með börnin. Þá var dagur að kveldi kominn og allir leikir fallnir í dá; en

hver hið bezta bar úr býtum þennan fyrsta sumardag, er ekki gott að segja. Hvort fegri rósir hafa vaxið upp af akri gleðinnar eða sorgarinnar, þori jeg ekki að dæma um, en það heyrði jeg alla segja, að Eggert bæri af öllum sínum systkinum háttprýði og ýmsar dyggðir, og það heyrði jeg hann sjálfan segja, þegar hann var orðinn meir en miðaldra, að hvað gamall sem hann yrði, mundi sjer aldrei hverfa úr minni þessi sumardagur fyrsti, og að hann aldrei viljandi hafi reynt að grípa fram í tímann, eða hreyfa með ofbeldi hlutfall sitt úr hendi himnaföðursins.

Fuglinn halkýon.

Fyr á tímum var halkýon mikill átrúnaðarfugl; hann átti að unga út um vetrarsólstöðu; og hreiðrið hans flaut á sjálfum sjónum, sem átti þá æfinlega að vera lygn og rólegur, því að þessi fugl átti að vera sjerstaklega undir guðs vernd. Meðal annars var hreiðrið svo völundarlega tilbúið, að engin mannleg hönd átti að geta lokið því upp, enginn nema guð sjálfur. Þessu var lengi trúað og kvæði kveðið um fuglinn halkýon. Þessi þrjú erindi eru úr því.

Einn fugl, sem heitir halkýon, á hafinu blá,
búinn af drottni, bústað á.

Um hávetur sjer hreiður út á hafinu býr,
þá drjúg er nótt, en dagur rýr.

Nefið er breitt, nokkuð langt, en pipurt þó,
kunnur er við Sikileyjarsjó.

Nú er átrúnaðurinn á honum horfinn með öllu; hann heitir öðrum nöfnum konungsfiskari og ísfugl (alcedo), hefir langt, sterkt, oddhvasst nef, stutta vængi og stjel, er blágrœnn á lit, og slær í ryðrauðan málmlit. Hann situr á viðargreinum nálægt vötnum, og steypir sjer þaðan niður eptir litlum fiskum og vatnskvikindum, verpir í djúpum holum við sjó eða vötn, og býr til hreiður sitt úr uppælubeinum fiska þeirra, sem hann gleypir.

Svona hljóðar sagan hans fyr og nú.

Feldu guði vegu þína.

Páll Gerhard, sem var eitthvert hið ágætasta sálmaskáld í Þýzkalandi, var prestur í Berlínarborg frá 1654 til 1666. Um þær mundir gaf stjórnin út það boð, að kirkjur Lúthers- og Zvinglistrúarmanna skyldu sameinast; en þær greindi talsvert á í trúaratriðum. Páli Gerhard, sem var strangur Lútherstrúarmaður, fannst, að samvizka sín leyfði sjer það ekki, og var þess vegna á móti því. Það bakaði honum reiði hins þýzka kjörfursta Friðriks Vilhelms, og kom

loks þar að, að Páli Gerharð var vikið frá embætti, og skömmu síðar var hann rekinn í útlegð. En hann ljet samt ekki hugfallazt, því hann var kristinn og treysti guði sínum. Með barnslegri trú og von fór hann með fjölskyldu sína af landi brott, til þess að reyna að afla sjer og sínum viðurværis, hvar sem tækifæri byðist. Á þessu ferðalagi dvöldu þau einu sinni í veitingahúsi nokkru í ókunnugri borg; varð konan hans þá opt svo hugsjúk og hrygg, og ljet einhverju sinni bugazt svo af hugarvíli, að hún fór að gráta. Gerharð reyndi á allan hátt að hugga hana og hressa, og minnti hana á þessi Davíðs orð: »Varpa þú þinni áhyggju á drottinn, og reiddu þig á hann«. Öll huggun var árangurslaus; hún gat ekki treyst drottins dýrmæta fyrirheiti. Þá reikaði hann út í aldingarðinn, til þess í næði að geta talað við guð um það, sem hryggði hann. Hann settist niður í skemmtihúsi einu, sem var í garðinum, og skrifaði í dagbók sína í hinni hátíðlegu kyrð náttúrunnar sálm þann, er hjer fer á eptir: »Fel þú honum á hendur« o. s. frv. Þegar hann var búinn, gekk hann aptur inn til konu sinnar, sem var enn mjög harmþrungin. Fór hann þá að lesa sálminn fyrir hana með háum og snjöllum róm; hún hlustaði á hann með atnygli, og sálmurinn hafði þau áhrif á hana, að

hún hætti að gráta og ásetti sjer að varpa allri sinni áhyggju á drottinn.

Tveir menn höfðu staðið fyrir framan dyrnar á meðan, og hlustað á Páls Gerharðs blíðu raust; þeir gengu inn, þegar hann var búinn að lesa sálminn, komu eins og guðs englar, sendir inn til þeirra á þessari sorgar- og hryggðarstundu. Mennirnir sögðu þeim, að þeir væru sendir frá Kristjáni hertoga í Merseborg, og ættu að fara til Berlínarborgar að leita þar uppi prest nokkurn, sem hjeti Páll Gerharð, er hefði nýlega verið vikið frá embœtti; þeir ættu að bjóða honum að koma til hertogans, því hann hefði lesið með gleði og hluttekningu sálma þá, sem hann hefði ort.

Hvílíkt gleðiljós skein þeim nú ekki í sorgarmyrkri því, sem þau höfðu verið í um stund, og hve skjótlega uppfyllti guð ekki fyrirheit sitt og launaði Páli ríkulega traust hans á guðlegri forsjón. Þau ferðuðust nú til Merseborgar; þar fjekk Páll Gerharð fyrst heiðurslaun hjá hertoganum, og seinna varð hann prestur í Libben, og þar var hann þangað til hann dó 1676. Sálmurinn komst seinna í hendur hins þýzka kjörfursta Friðriks Vilhjálms, og fjekk svo mjög á hann, að hann spurði ráðgjafa sinn, hver hefði ort hann. Ráðgjafinn svaraði: »Hinn sami Páll Gerharð, sem yðar tign vjek frá embættinu og rak í útlegð«. Kjörfurstinn skelfdist

við; og það ranglœti, sem hann hafði beitt við Pál Gerharð, lagðist þungt á samvizku hans.

Fel þú honum á hendur,
sem himna stýrir borg,
hvernig hagur þinn stendur
og hvað þjer veldur sorg.
Hann sem fær bylgjur bundið
og bugað storma her,
þann fótstig getur fundið,
sem fœr sje handa þjer.

Viljir þú vel þjer líði
vísan guð treystu á;
hann gefur styrk í stríði
og starf þitt blessast þá.
Sjálfgerðri hryggð þig hrella
hvergi stoðar þig neitt,
allt færðu af guði, ella
ekkert getur þjer veitt.

Þín trúföst náðin þekkir
það ó faðir! og sjer,
hvað minni velferð hnekkir
og hvað mjer gagnlegt er;
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þjer, ó guð! lýtur
og eflir vilja þinn.

Alstaðar áttu vegi,
aldrei vantar þig mátt;
blessun þig brestur eigi
að býta á allan hátt;
starf þitt nemur ei staðar,
stöðvast ekki þín spor,
hvenær sem þú þjer hraðar
með hjálp og náð til vor.

Þó hervöld helvítanna
öll hefjist guði mót,
og ofsinn illra manna,
hann undan snýr ei hót.
Hver vill gegn honum rísa
í hönd, sem elding ber?
Hver bölvun hyggst að lýsa,
hann þegar blessun tjer?

Vona þú vesælt hjarta,
vona, en kvíð ei neitt.
Guð skjótt í gleði bjarta
getur sorg þinni breytt.
Líkn þjer hann sendir sína
er sízt þú býst við því,
og sumarsólin skína
senn mun þjer glöð á ný.

Hættu hrelldur að kvarta,
huggunar drekk af lind,

sorg, er þitt særða hjarta
særir, í burt þú hrind.
Ekki ert þú sá herra,
sem öllu ráða skalt;
guðs vísdóms völd ei þverra
og vel hann gerir allt.

Hann láttu, herrann vísa,
hafa sín frjálsu ráð;
máttinn hans muntu prísa
og miklu föðurnáð,
alvöldum þegar armi
ástríkur drottinn hár,
hann af þjer ljettir harmi
og hvarma þerrar tár.

Vera má við hann tefji
að votta kærleik sinn,
og sig andvörp þín hefji,
án þess hann gegni um sinn;
já, þjer í raunum þínum
á þá leið virðast kann,
sem að hann gleymi sínum,
er sorgar byggja rann.

En sjái hann það og sanni,
að sjertu honum trúr,
þeim myrkva mæðu ranni
hann mun þig frelsa úr.

Sjálfur hann sundur slítur
senn þjer af hjarta bönd,
og harða hlekki brýtur,
sem halda fast að önd.

Heill þjer, sem trúr og hlýðinn
á herðum krossinn ber,
því geymd er góða tíðin
með gleði og sigri þjer;
og síðan þakkar sálma
syngur þín frelsuð önd,
og fríðan friðar pálma,
fá mun þjer guð í hönd.

Tryggð þína launast lætur
og lyktar alla neyð;
bæn þinni gefur gætur
hans gæska' í lífi og deyð,
Fótstig þinn að eins feldu
föðurnum himnum á,
til hans þá loks þú heldur
hólpinn dauðanum frá.

Ofurlítið um dýralíf í heitu löndunum.

Í heitu löndunum er náttúran miklu auðugri og skrautlegri en hjer á norðurlöndum. Þar eru þjettir risavaxnir skógar, svo að varla er hægt að eygja himininn í gegn um þá. Innan um þá vaxa alls konar jurtir. Sumar vefja sig um

trjástofnana og gera enn torveldara að komast í gegn um þá. Í þessum skógum eru margs konar dýr og fuglar, fögur og skemmtileg, hættuleg og geigvænleg sömuleiðis. Þar liggja eitraðir höggormar í grasinu og bíða eptir bráð sinni; jaguararnir sömuleiðis. Uppáhaldsfæða jaguarsins er kjötið af veslings öpunum, sem líka eiga heima í þessum skógum og sofa hátt uppi í trjánum. Hann læðist þá ofurhægt að þeim, og þá vakna þeir við vondan draum.

Jaguarinn er bæði grimmur og slægur, og er allur svartdropóttur að lit, að öðru leyti mjög líkur ketti í sköpulagi og að eðlisfari, nema hvað hann er svo miklu, miklu stærri. Hann hefur líka lag á að hremma fugla, eins og kötturinn, og fiska veiðir hann með því að bíða á árbökkunum þar til hann sjer sjer færi á þeim. Ef honum liggur á, getur hann synt á eptir bráð sinni. Nú hefi jeg lítið eitt minnzt á þetta grimma og hættulega dýr, sem á heima í þessum fögru skógum.

Þar lifa líka fuglar og skriðkvikindi at öllu tagi, sem eru sístarfandi að lífsuppheldi sínu, og þurfa einlægt að verjast árásum óvina sinna; því að þau eiga líka óvini og eiga í sífelldum bardögum sín í millum. Þar er grúi af eldflugum að sveima á millum trjánna og gera þær þá nokkurs konar blysför, því að þær hafa eins konar rafurmagnsljós aptan á sjer, sem

hverfur þegar þær deyja. Þær eru áþekkar járnsmiðum, en nokkuð minni.

Á jeg að segja ykkur, hvernig einn fallegi fuglinn, sem er nefndur indverski titlingurinn, fer með þær. Hann hengir hreiður sitt á hið hæsta trje, sem hann getur fundið, og sækist helzt eptir þeim trjám, sem slúta yfir á eða vatn. Hann hólfar allt hreiðrið í sundur og lætur opið snúa niður. Innan í hreiðrið drepur hann límfelldum leir, og kemur svo með margar af þessum eldflugum og stingur hausnum á þeim inn í leirinn. Þær lifa þarna lengi, en komast ekki í burtu, og þannig upplýsir hann allt hreiðrið sitt. Er hann ekki umhugsunarsamur og ráðagóður, þótt hann sje nokkuð harðbrjósta við veslings flugurnar? Sumir náttúrufræðingar halda, að hann geri þetta, til þess að jeta flugurnar smátt og smátt. En aðrir halda, að hann geri það, til þess að upplýsa hreiðrið og fæla með því burtu leðurblökurnar, sem sækja eptir ungum hans, og getur það vel verið. Nokkuð er það, að fuglinn fer svona með eldflugurnar.

Aparnir eiga líka heima í þessum skógum, svo sem jeg gat um. Þeir klifrast áfram af einu trje á annað, eða hanga á halanum neðan í greinum trjánna og tala hverjir við aðra sínu máli. Þeir halda opt hóp og einn stendur á

verði, til þess að vara hina við, ef einhverja hættu ber að höndum.

Aparnir eru allir loðnir. Þeir geta gengið upprjettir, en ganga þó optast á fjórum fótum. Þeir apa alla hluti eptir, sem þeir sjá, og þegar einhver er gjarn á að taka eða herma eptir öðrum, er hann nefndur »api«. Aparnir geta stundum verið meinlegir í apapörum sínum, og skal jeg segja ykkur lítið dæmi upp á það.

Einu sinni gekk sjómaður nokkur í land í Suður-Ameríku. Hann hafði meðferðis margar ullarhettur, rauðar að lit, sem hann ætlaði sjer að selja í næsta þorpi. Vegur hans lá um þykkvan skóg, þar sem þessir apar áttu heima. Þegar hann var kominn nokkuð inn í skóginn, varð hann þreyttur, og til þess að verja sig sólarhitanum, setti hann eina af rauðu hettunum á höfuðið á sjer, lagðist síðan niður undir eitt trjeð og sofnaði. Þá er hann vaknaði aptur, tók hann eptir því, að allar rauðu hetturnar hans voru horfnar úr pokanum, og samtímis heyrði hann undarlegt skvaldur uppi yfir sjer, svo hann leit upp. Sá hann þá skara af öpum uppi í trjánum, og sjerhver af þeim hafði eina af rauðu húfunum hans á hausnum. Þeir höfðu tekið eptir rauðu húfunni hans, og til þess að geta líka haft rauða húfu, fóru þeir ofan, á meðan hann svaf, og stálu öllum rauðu hettunum, sem hann hafði meðferðis, og hvernig

sem hann kallaði og heimtaði húfurnar af þeim, skiluðu þeir engri þeirra, en buldruðu og höfðu í frammi alls konar skrípalæti framan í hann, eins og hann í gremju sinni leit framan í þá. Var það ekki ertnislegt? Þá er hann sá nú, að ekkert dugði, reif hann í bræði sinni af sjer hettuna, kastaði henni út í loptið og sagði: »Þið megið hafa þessa líka, þjófarnir ykkar!« Undir eins greip hver api sína hettu, og kastaði henni líka út í loptið, ekki til þess að skila henni aptur, heldur til þess að gera hið sama og þeir sáu hann gera.

Maðurinn varð feginn, týndi saman hetturnar og fór leiðar sinnar, en þeir sátu eptir á viðargreinunum með svörtu loðnu hausana sína húfulausa, og skildi þar með þeim. Hann hefir auðsjáanlega ekki þekkt eðli apanna, er þetta kom honum svo á óvart.

Jeg skal segja ykkur aðra skrítna sögu af apa.

Það var einu sinni fátækur maður, sem þurfti að fara að leita sjer atvinnu í annað land. Hann vissi ekki, hvernig hann átti að kljúfa kostnaðinn, en konan hans færði honum þá peningana og sagðist hafa unnið sjer þá inn. Hann varð glaður og fór af stað með skipi, sem fór um þær mundir. Hann skildi farangur sinn eptir uppi á þilfari. Það var ofboð lítill api um borð, sem gekk til og frá um skipið, án

þess að nokkur maður veitti honum eptirtekt. Allt í einu grípur apinn ofurlítinn poka úr farangri mannsins, og klifrar með hann hátt uppi í reiðann og fer að leysa hann þar í sundur.

»Hamingjan hjálpi mjer!« hrópaði veslings maðurinn. »Í þessum poka eru þeir peningar, sem jeg hefi meðferðis, og sem eru alveg mátulegir til ferðarinnar«.

Apinn kærði sig ekkert um kveinstafi hans, heldur tíndi peningana upp úr pokanum og kastaði allt af tveimur peningum niður á þilfarið, en hinum þriðja í sjóinn. Þessu hjelt hann áfram, þar til hann hafði tæmt pokann. Veslings maðurinn tíndi örvæntingarfullur upp þá peninga, sem duttu á þilfarið, það voru tveir þriðju partar, þriðja partinum hafði apinn kastað í sjóinn.

Maðurinn komst þó einhvern veginn áfram. Þá er hann kom heim aptur, sagði hann konunni sinni frá þessu óhappi. »Guð hjálpi mjer«! sagði hún. »Jeg fjekk alla þessa peninga fyrir mjólk, en jeg blandaði hana með vatni til þriðjunga!«

Alls konar fuglategundir hafast við í þessum skógum, þar á meðal páfagaukarnir. Þeir eru klæddir í allavega litt, ljómanda fjaðraskraut. Þar eru og suðfuglar, sem taka öllu öðru fram að fegurð, þó að þeir sjeu minnstu fuglarnir,

sem til eru á jörðunni. Eggin þeirra eru ekki stærri en matbaun. Þeir lifa af að sjúga hunang úr blómunum og hafa langt og mjótt nef; þeir verja hreiðrin sín með því að stinga augun út úr þeim, sem dirfast að nálgast þau.

Ótal margt fagurt og mikilfenglegt má sjá í þessum skógum, en líka margt geigvænlegt og hættulegt, svo að menn geta aldrei verið óhultir um líf sitt á þessum fögru og í mörgu tilliti unaðslegu stöðum. Hjer heima uppi í dölunum og á milli fjallanna eru engar hættur að óttast í líking við það. Engir höggormar og engin óarga dýr leynast hjer, en hjer eru og eigi ljómandi fuglar og svásleg aldini.

Hvert ætli sje farsællegra og ákjósanlegra í raun og veru?

»Hvíta skipið« (ár 1120).

(Þýtt).

Hinrik 1. Englands konungur ferðaðist til Normandís (hjeraðs á Frakklandi, er þá lá undir England), með Vilhjálmi syni sínum og mörgum öðrum göfugum mönnum, til þess að láta aðalinn þar viðurkenna prinzinn sem ríkiserfingja og eptirmann sinn, sömuleiðis til þess að fullgera hjúskaparskilmála milli Vilhjálms prinz og dóttur greifans af Anjou, sem hann síðar gipti Matthildi dóttur sína, ekkju eptir Hinrik 5. Þýzkalandskeisara (dáinn 1125). Þetta hvorutveggja

var hátíðlega um garð gengið 25. nóv. 1120, og konungurinn með alla fylgd sína bjóst til að fara um borð á höfninni við Barfleur (smábæ í Frakklandi) og sigla aptur til Englands.

Þá gekk maður á móti konungi og sagði: »Konungur! Jeg heiti Fitz-Stephen, og er skipherra; faðir minn var skipherra sömuleiðis og þjónaði konunginum, föður yðar, alla sína æfi. Það var hann sem stýrði skipinu með gyllta drengnum á framstafninum, sem faðir yðar sigldi á, þá er hann fór að leggja undir sig England.

Jeg sárbæni þig því konungur að veita mjer sama embættið. Jeg á hjer fallegt skip á höfninni, sem er kallað »Hvíta skipið« og á því eru fimmtíu nafnkunnir sjómenn. Jeg bið þig, herra! að veita þjóni þínum þá sæmd að flytja þig aptur til Englands á Hvíta skipinu«.

»Því miður, vinur minn! get jeg það ekki«, svaraði konungurinn. »Það er búið að kjósa annað skip handa mjer að fara á, og fyrir því get jeg ekki siglt með syni þess manns, sem þjónaði föður mínum. En Vilhjálmur prinz sonur minn skal fara með sínu föruneyti með þjer á »Hvíta skipinu« og þínum fimmtíu nafntoguðu hetjum«.

Einni eða tveim stundum síðar voru undin upp seglin á konungsskipinu, og fleiri skip fóru með því, fengu æskilegan byr alla nóttina og

komu til Englands um morguninn. Þessa sömu nótt heyrðist sumum af þeim, sem voru með konungsflotanum, sem þeir heyrði eitthvert vein koma utan af hafi og vissu þeir ekki, hvað það var.

Vilhjálmur prinz var, þegar hjer er komið sögunni, 18 ára gamall, siðferðislega spilltur sælkeri, sem ekkert kærði sig um Englendinga, en hjet því, að þegar hann kæmi til ríkis, skyldi hann beita þeim fyrir plógana eins og uxum.

Hann fór um borð á »Hvíta skipið« með 140 unga aðalsmenn, líkt skapi förnum og hann var sjálfur, og 18 hefðarkonur voru líka með. Allur þessi hamingjusami skari var að meðtöldum sjómönnunum 300 manns.

Þá sagði prinzinn við Fitz-Stephen. »Konungurinn faðir minn er sigldur af höfninni. Vjer höfum nægan tíma til að komast til Englands með síðustu skipunum í flotanum, þó að vjer skemmtum okkur hjer dálítið. Gefðu því þessum fimmtíu nafnkunnu sjómönnum þrjár ámur af víni«.

»Prinz!« sagði Fitz-Stephen, »áður fer að daga skulu mínir 50 menn á »Hvíta skipinu« ná skjótasta skipinu, sem er í för föður þíns, þótt vjer leggjum ekki hjeðan út fyr en um miðnæturskeið«.

Þá skipaði prinzinn þeim að taka upp gleði, og sjómennirnir tæmdu þessar þrjár ámur.

En prinzinn og hans fylgdarmenn dönsuðu í tunglsljósinu á þilfarinu. Þá er »Hvíta skipið« fór loks út úr höfninni, var enginn ódrukkinn maður innanborðs. Þeir undu upp segl og röru. Fitz-Stephen sat við stýrið. Hefðarfrúrnar vöfðu sig innan í skrautkápur sínar í næturgolunni, töluðu, hlógu og sungu, og ungu aðalsmennirnir tóku þátt í því með þeim.

Prinzinn skipaði sjómönnunum að róa enn harðara Hvíta skipinu til heiðurs, og þeir hertu feikna mikið róðurinn. Brestur! Óttalegt vein kom frá hjörtum 300 manna í einu. Það var veinið, sem mennirnir á konungsskipunum höfðu heyrt berast með golunni. »Hvíta skipið« hafði siglt upp á klett og var að sökkva. Fitz-Stephen dreif prinzinn ofan í bát og fáeina aðalsmenn með honum.

»Farið af stað« sagði hann lágt, »og róið til lands. Það er hjeðan skammt á burtu, og bezta sjóveður. Vjer hinir verðum að deyja hjer«. En er þeir röru frá skipinu, sem var að sökkva, heyrði prinzinn angistarvein greifadótturinnar af Perche, systur sinnar. Hann hrópaði örvæntingarfullur: »Róið aptur að skipinu; jeg þoli ekki að heyra til hennar«. Hann hafði aldrei fyr í lífi sínu verið eins viðkvæmur og núna. Þeir röru aptur að skipinu, og í því er prinz-

inn rjetti systur sinni höndina til að taka á móti henni, æddi þvílíkur manngrúi ofan í bátinn, að honum hvolfdi, og í sama vetfangi sökk Hvíta skipið. Einir tveir menn flutu á ráarbroti, og annar þeirra spurði hinn, hver hann væri. Hann svaraði: »Jeg er aðalsmaður, Gottfreður sonur Gilberts de l' Aigle; en hver ert þú?« Jeg heiti Berald og er fátækur kjötsali í Rouen (Rúðuborg)«. Þá báðu þeir báðir eins og með einum munni: »Drottinn! hjálpa þú okkur báðum!« Og þeir reyndu að hughreysta hvor annan, þá er þeir hröktust á spýtum innan um ískaldan sjóinn þessa ógæfusömu nóvember nótt. Rjett í þessu kom maður syndandi til þeirra, sem þeir þekktu þegar, að var Fitz-Stephen. »Hvar er prinzinn?« spurði hann. »Dauður! dauður!« hrópuðu þeir báðir. »Enginn einasti af þeim 300 hundruðum, sem á skipinu voru, eru framar á yfirborði sjávarins nema við þrír«. Þá hrópaði Fitz-Stephen. »Vei, vei mjer!« og sökk til botns. Hinir tveir hjengu við rána nokkrar klukkustundir. Þá sagði aðalsmaðurinn veikburða, og nötraði af kulda: »Jeg er uppgefinn og get nú ekki haldið mjer lengur. Vertu sæll, vinur góður! guð haldi þjer uppi!« Hann sleppti sjer þá og sökk. Af öllum þessum tiginborna hóp varð einungis fátæka kjötsalanum frá Rouen bjargað.

Um morguninn sáu nokkrir fiskimenn hann

fljótanda í sauðskinnskyrtli sínum, drógu hann upp í bátinn, og eptir honum einum er þessi saga höfð.

Í þrjá daga þorði enginn að segja konunginum þessar frjettir, en þá sendu þeir til hans ofboð lítinn dreng, sem kastaði sjer niður fyrir fæturna á honum, grjet sáran og sagði honum, að Hvíta skipið hefði farizt með allri skipshöfninni.

Við þessa fregn fjell konungur til jarðar, svo sem dauður, og sást aldrei brosa eptir það í þau 15 ár, sem hann átti eptir ólifuð.

Vei óhóflegri vínnautn! Hefðu hinar þrjár ámur ekki verið tæmdar, hefði líklega ekkert líf tapazt. Hversu mörgu illu hefur vínið ekki komið til leiðar, og hversu leikur það ekki með æru og mannorð manna!

Þessi saga sýnir líka, hvað hættulegt það er að lifa andvaralaus, og æða óviðbúinn fram fyrir dómara alls holds. Enn fremur: Guðs rjettlæti hitti þannig Hinrik 1. á efri árum, því að hann var vondur maður. England og Norðmandi hafði hann svikið undan bróður sínum, sem hann ljet stinga augun úr og halda síðan í varðhaldi, og nú var hann á sigurför frá þessu blóðuga ránslandi, þegar brosið var dregið af vörum hans.

Hulinn fjársjóður.

(Þýtt).

Vínyrkjumaður nokkur, sem lá fyrir dauðanum, ljet kalla börnin sín til sín og sagði:

»Það er fjársjóður í víngarðinum okkar, sem þið getið fundið, ef þið grafið eptir honum«.

»Hvar?« spurðu þau öll. Faðir þeirra gat einungis sagt: »Grafið eptir honum«, og dó síðan.

Það var naumlega búið að jarða hann, þá er synir hans fóru að grafa eptir fjársjóðnum, sem faðir þeirra hafði talað um, og þeir hugsuðu að mundi vera gull. Þeir grófu, hjuggu, mokuðu og veltu um moldinni í garðinum hvað eptir annað, og köstuðu hverjum steini í burtu, en þeir fundu engan fjársjóð, og þeir tóku að hugsa, að faðir þeirra hefði verið að gabba þá. Árið eptir tóku þeir eptir því, að hver vínplanta bar þrefaldan ávöxt, og að berin voru miklu stærri en hjá nágrönnunum. Þá sáu þeir fyrst, að faðir þeirra hefði átt við, að fjársjóðurinn fengizt ekki nema með miklum erfiðismunum.

Upp frá því grófu þeir og veltu um moldinni í garðinum á hverju ári, eins og þeir höfðu gert, þegar þeir voru að leita að gullinu, og þeir fengu á hverju ári eins ríkulega uppskeru og fyrsta árið.

Þessi saga sýnir hve nauðsynlegt er að

yrkja vel jörðina, og að hún hefir í sjer fólginn mjög mikinn fjársjóð, ef hans er hyggilega leitað.

Sagan af Graff greifa.

(Þýtt).

Einu sinni í fyrndinni, þegar greifar og barónar bjuggu í kastalaborgunum, sem stóðu á Rínarbökkum, ljet voldugur og grimmur greifi, sem hjet Graff, byggja stóran kastala í miðri ánni, til þess að vera í vegi fyrir skipum, sem sigldu upp og niður ána og heimta af þeim toll. Og ef nokkur skip eða bátar dirfðust að fara fram hjá, án þess að koma við og greiða tollinn, var mönnum, sem voru á kastalamúrnum, boðið að skjóta á þá með krossbogum, og annaðhvort neyða þá að koma við, eða drepa þá að öðrum kosti. Þessi barón tók sjer þennan rjett sjálfur, af því að hann var svo yfirgangssamur og vondur.

Allir nær og fjær voru dauðhræddir við hann. Graff greifi átti annan kastala skammt í burtu. Þar hafði hann hermenn til að hnekkja valdi þeirra, sem risu á móti honum. Hann átti og opt í orrustum við nágranna-barónana, en sigraði þá vanalega og ljet þá drepa hina yfirunnu á hryllilegan hátt.

Hann var maður ágjarn og græddi fje á allan hátt, sem hann gat, og með því að kaupa með

sjálfákveðnu lágu verði allt korn nágranna sinna. Það var kænskubragð að kaupa það, því að hann hefði hæglega getað tekið allt kornið hringinn í kring um sig fyrir alls ekki neitt. En þá mundu afleiðingarnar hafa orðið þær, að enginn einasti maður mundi hafa ræktað korn, svo að hann hefði einungis getað tekið eins árs uppskeru. En hann vildi og sýnast góðgjarn og rjettsýnn, en notaði sjer þó neyð þeirra. Kornið, sem hann hafði fengið með þessu móti, sendi hann til Ítalíu og fjekk hátt verð fyrir það. En optast geymdi hann það, þangað til er harðnaði í ári og ákvað þá verðið á því sjálfur.

Eigur hans jukust ár eptir ár við rán og ofbeldi, sem hann hafði í frammi á allar lundir, og það var almennur spádómur, að hann fengi einhverja eptirminnilega skript, áður hann dæi. Það leit út fyrir, að dráttur ætlaði að verða á því. Þó varð það um síðir.

Graff greifi var nú orðinn gamall maður, en grimmur og harðbrjósta í meira lagi.

Þá kom mikið hallæri upp í landinu, sem kom til af því, að sumarið og haustið var svo vætusamt, að kornið gat ekki þroskazt, en var hvanngrænt, þá er vetrarsnjóarnir komu. Hungursneyðin keyrði fram úr hófi. Margir dóu, og auðmennirnir voru orðnir blásnauðir, af því að öll matvæli voru svo dýr. Allir liðu nauð nema

gamli greifinn. Þá er aðrir veinuðu, hló hann og hlakkaði yfir því, hvað hátt hann gæti selt kornbyrgðir sínar, sem hann til varúðar hafði látið flytja niður í kastalakjallarann.

Eptir því sem á leið veturinn, varð hungursneyðin enn harðari. Fátæklingarnir úr bændaþorpunum flykktust í stórborgirnar, en var neitað þar viðtöku sökum neyðarinnar innan borgar, og dóu svo þúsundum saman fyrir utan borgarhliðin. Allar skepnur og allt, sem tönn á festi, var etið.

Þá komu þau býsn fyrir, að stórhópar af völskum æddu um allt landið, að leita sjer að fæðu, og voru svo gráðugar og grimmar, að menn flýðu undan þeim.

Þá er greifinn heyrði það, vaknaði engin meðaumkvun í brjósti hans, og í staðinn fyrir að opna kornhlöður sínar og selja fyrir sanngjarnt verð, lofaði hann sjálfum sjer því hátíðlega, að láta ekki af hendi einn einasta kornpoka, fyrri en hann fengi tíu gyllini u. kr. 17,80 fyrir hvert brauð. »Fyrst fólkið er að hrynja niður úr hungri«, sagði hann með hæðnisbrosi, »hví jetur það þá ekki völskurnar, heldur en að láta svo góða fæðu fara til ónýtis«? Þetta voru hörð orð, þegar svo var ástatt, og menn festu þau í minni.

Eina nótt sat hann uppi í kastala sínum og gladdi sig yfir því, að geta bráðum selt kornið

sitt háu verði, því þá var farið að selja hvert brauð á 9½ gyllini. Þá kom varðmaður æðandi inn til hans og sagði, að öll áin úði og grúði af völskum, sem stefndu að kastalanum; sumar væru komnar í land, en sumar væru farnar að klifra upp á kastalaveggina. Hann var og naumlega búinn að enda sögu sína, er margar þúsundir af banhungruðum völskum streymdu inn um dyrnar, gluggana og göngin, til þess að leita sjer að einhverju æti. Þeim var sama, hvort það voru menn, korn eða hvað, þær vildu einungis fá eitthvað að jeta.

Flótti og vörn var jafn ómögulegt. Nokkrir hóparnir brutust þegar inn í forðabúrin, en aðrir hópar æddu að baróninum, og tættu hann í sundur og átu hann á fáum mínútum. Varðmaðurinn og tveir þjónar aðrir fleygðu sjer samstundis í bát og röru til lands og komust þannig undan.

Þegar dauðafregn greifans barst út, syrgði enginn óhamingju hans, en menn þóttust þar í sjá rjettláta hegningu fyrir grimmd hans og yfirgang.

Enginn þorði að koma út í eyna í marga mánuði, þar til er erfingjar greifans lögðu á tvær hættur með það. Var þá allt kornið upp etið, en beinagrindin af greifanum lá endilöng á gólfinu í einni stofunni.

Þannig missti hann bæði líf og eignir á hryllilegan hátt.

Almætti guðs og vanmáttur mannanna.

(Þýtt).

Knútur ríki var auðugur og voldugur konungur, er stýrði bæði Danmörk og Englandi, og því fór fyrir honum, eins og altítt er um konunga, að smjaðraðar, er sáu sinn hag í að komast í mjúkinn hjá honum, lofuðu mjög tign hans og veldi. En Knútur gerðist þó eigi dramblátur, því að hann vissi, að vald sitt hafði hann af drottni þegið og að móti honum orkaði hann ekkert. Einhverju sinni, er hann gekk fram með sjónum, hrósuðu hirðmenn hans honum mjög, eins og þeir voru vanir. Meðal annars sögðu þeir, að öll lönd og höf lyti honum. Konungur svaraði eigi, en sýndi þeim brátt, hversu satt þeir sögðu. Hann ljet því næst sækja stól og settist niður á stólinn. Það var aðfall og sjórinn flaut því langt á land upp. Þá mælti konungurinn þessum orðum til sjávarins. »Sær! Jeg sit hjer á landamærum mínum og þú ert mín eign, og engum hefi jeg enn látið óhegnt, er dirfzt hefir að brjóta á móti boði mínu; jeg býð þjer því að snerta ekki fald klæða minna«.

En vatnið, er að eins hlýðir lögmáli því, er drottinn hefur sett, rann jafnt og þjett áfram,

og vætti fætur og knje konungsins. Þá stóð Knútur konungur upp og mælti: »Vita skuluð þjer, allir íbúar jarðarinnar, að máttur mannsins er lítill, og að enginn er þess verður að bera konungsnafn, nema alvaldur guð, er til eilífðar stýrir öllu eptir boði sínu bæði á himni og jörðu«. Þetta nægði til að láta hræsnarana skammast sín. Til þess að sýna guði sínum enn meiri lotningu, tók hann af sjer kórónuna, þá er kom heim, setti hana á líkneski Krists í kirkjunni í Winchester og bar hana aldrei framar.

Knútur konungur skrifaði einhverju sinni nokkrum valdsmönnum landsins á þessa leið:

»Jeg tilkynni yður hjer með, að jeg hef auðmjúklega lofað alvöldum guði að breyta ávallt eins og skyldan býður, og stjórna ríkjum mínum með guðsótta og rjettlæti og fella rjetta og sanngjarna dóma í öllum málum; hjeðan í frá vil jeg bæta allt það, er jeg ef til vill hef framið rangt og athugunarlaust í æskunni, eða hafi jeg vanrækt að gera það, sem mjer bar að gera. Sakir þess skipa jeg og segi ráðgjöfum mínum, sem jeg hef falið á hendur að annast málefni ríkisins, að þeir alls ekki, hvorki af ótta fyrir mjer, eða til þess að ná hylli heldri manna, megi fremja nokkurn órjett eða leyfa, heldur láti þeir alla, jafnt háa sem lága, ná rjetti sínum og njóta verndar laganna, svo

framarlega sem þeir vilja halda hylli minni og velgengni sinni.

Fyrsti peningurinn, sem jeg eignaðist.

(Þýtt).

Jeg man mjög vel eptir, þegar jeg var ungur, að jeg eignaðist gullpening. Jeg man líka eptir, að jeg var í vandræðum með að geyma hann. Þá er jeg fór um göturnar, var jeg einlægt að láta hann ýmist í þennan vasann, ýmist í hinn, því að jeg var svo hræddur um að missa hann. Um síðir kom jeg þangað, sem verið var að halda uppboð á bókum. Jeg gekk inn og leit í kring um mig og gekk að borðinu, rjett í því er farið var að bjóða upp tvær stórar bækur. Það var veraldarsagan. Jeg stakk hendinni í vasa minn og fór, velti gullpeningnum á ýmsar hliðar, og var að hugsa um, hvort hann mundi duga fyrir veraldarsöguna.

Nú var farið að bjóða, og jeg herti mig upp, að bjóða líka.

»Hæ, hæ! litli maður!« sagði uppboðshaldarinn. »Ertu ekki ánægður með minna en alla veröldina?«

Þeir, sem voru að bjóða á móti mjer, fóru nú að virða mig fyrir sjer, og þar eð þeir sáu, að mig langaði að eiga bækurnar, hættu þeir að keppa við mig, og mjer var slegin »veröldin« fyrir lágt verð.

Þá fór jeg að hugsa um, hvernig jeg gæti komið þessum stóru bókum heim til mín. Uppboðshaldarinn bauð mjer að senda þær heim, en þar eð jeg þekkti hann ekkert, vildi jeg það ekki og einsetti mjer að bera þær sjálfur. Þær voru þá bundnar saman og lagðar á bakið á mjer, og jeg fór hálf feiminn út með þessar stóru bækur á herðunum, svo sem Samson með dyraumbúninginn af Goza, og þeir, sem inni voru, brostu að mjer.

Jeg mætti fyrst móður minni, þá er jeg kom heim. »Elsku drengur minn!« sagði hún. »Hvað hefur þú þar meðferðis? Jeg hugsaði það, að þú mundir ekki eiga gullpeninginn þinn lengi«.

»Jeg kastaði bókunum á gólfið og sagði: »Ergðu þig ekki yfir því, mamma mín! Jeg hefi keypt veröldina fyrir hálfan gullpeninginn minn«.

Jeg man eptir, að þetta var langur dagur, og að jeg sat og blaðaði í bókunum mínum fram að miðnætti, og las þær síðar mörgum sinnum spjaldanna á milli.

Þá er jeg eltist, varð jeg guðrækinn maður, og í gegn um bókalestur þróaðist sú löngun í brjósti mjer að verða prestur, og jeg varð það.

Jeg segi þessa sögu til þess að uppörva unglinga, til þess að lesa og halda upp á góðar og nytsamar bækur, sem jeg hefi haft svo mikla ánægju af.

Útdráttur úr ræðu

hins nafnfræga ræðuskörungs C. H. Spurgeons, sem hann hjelt fyrir nokkrum árum í tjaldbúð erkibiskupsins í Lundúnaborg.

Draumur Gideons um byggkökuna.

(Dóm. bók. 7. kap. 13.—14. v.).

Þegar Gideon var kominn að herbúðum Medianita, sjá þá var einn maður að segja öðrum draum sinn, og hann sagði:

»Mig dreymdi draum. Mjer þótti byggkaka velta að herbúðum Medianita, og þegar hún kom að aðalherbúðinni, velti hún henni um, svo það varð efst, sem áður var neðst«. Þá svaraði hinn: »Það þýðir ekkert annað en sverð Ísraelitans, Gideons Jóassonar. Guð hefur gefið Medianita og herbúðir þeirra á hans vald«. Medianitar, sem voru að brjóta Ísraelsland undir sig, voru flökkumenn; þeir ljetu ekkert á sjer bera á meðan; menn sáðu og plægðu lönd sín og lofuðu þeim að lifa í voninni um ríkulega uppskeru, en undir eins og nokkuð ætilegt spratt upp, komu þeir eins og engisprettur og upprættu allt.

Ísraelsriki, sem var einu sinni svo voldugt, hafði svo mjög hnignað, að börn þess örkuðu ekki að reka þessa ræningja af höndum sjer. Já, því var svo mjög hnignað, að borgir og þorp lágu í rústum, en íbúarnir leituðu sjer hælis í árfarvegum, hömrum og klettaskorum. Sökum

synda þeirra hafði guð vikið frá þeim; og þá misstu þeir einnig móðinn, svo þeir flúðu nú fyrir þeim hinum sömu, sem þeir höfðu lítilsvirt, þá er þeim vegnaði vel.

Í þessum vandræðum sínum hrópuðu þeir til guðs um hjálp og aðstoð. Það leið ekki á löngu áður en hann svaraði þeim, með því að senda engil sinn til Gideons til að segja honum, að hann ætlaði að gefa Medianita á vald hans. Gideon var mikill trúmaður, og nafn hans skín fagurt á meðal trúarhetjanna í 11. kap. Páls til hinna Hebresku, en þrátt fyrir það getur þó efablendni á ýmsum tínum heimsótt beztu og trúarsterkustu menn, því þeir eiga opt við mikið böl að stríða, og eins var ástatt fyrir Gideon; trúarstyrkur hans og óstyrkleiki áttu í svo hörðu stríði innbyrðis, að hann æskti sjer teikns af himni, og sagði í hjarta sínu:

»Ef guð er með oss, hví getur hann þá ekki sent oss teikn, svo vjer sjáum það, eins og hann gaf teikn forfeðrum vorum. Hafi jeg því fundið náð fyrir augum þínum, drottinn minn og guð minn! þá gefðu mjer teikn þess.

Jeg hefi þekkt marga, sem eins og Gideon segja: »Ef jeg að eins vissi, að guð væri með mjer, þá væri jeg óhræddur, en jeg hefi ekki fengið neitt sjáanlegt teikn þess, að jeg sje guðs barn«.

Þessir menn biðja óaflátanlega um teikn,

meðan þeir hirða ekki um stærsta teiknið, sem er drottinn vor Jesús Kristur, sem hefur gefið sjálfan sig út fyrir oss. En sá guð, sem sjer og þekkir allt, þekkti og Gideons hreinu og alvarlegu trú, en jafnframt þennan veikleika hans. Og hann ljet segja honum, að hann skyldi ganga þessa nótt til herbúða Medianita, og hafa svein sinn Púra með sjer, og þar skyldi hann fá teiknið.

Vor miskunnsami faðir er opt svo eptirlátssamur, að hann veitir oss ýmsar bænir, þegar hann sjer að vjer gleðjumst af þeim, og það ætti að knýja oss til þakklátssemi.

Jeg sje í anda, þegar þeir Gideon læðast niður hæðina í kyrð næturinnar. Hermennirnir voru í fasta svefni, því þetta var um það leyti, er fyrsti varðtími var liðinn, og átti að fara að skipta um varðmenn. Þá bar þar að, sem tveir menn voru að tala saman; hvort heldur þeir sátu við herbúðaeldinn eða annarstaðar, meðan síðasta varðstund þeirra var að líða, vitum vjer ekki, en til þeirra komu þeir Gideon, og hann heyrði þá nefna sig og spá sjer sigri.

Þarna fjekk hann ósk sína uppfyllta.

Eptir það gengu þeir þaðan hljóðlega og upp á hæðina, þar sem 300 hermenn lágu í leyni. Og þeir svipuðust þá um yfir óvinaherinn, sem var í fasta svefni, gengu síðan allir ofan hæðina með skriðljós og bljesu ákaft í lúðra sína.

»Sverð guðs og Gideons«.

Við þetta óvænta heróp skeflidist óvinaherinn og flúði í ýmsar áttir, en Israelsmenn eltu flóttamennina og unnu sigur.

Nú skulum vjer með rólegri yfirvegun athuga drauminn. Í fyrsta lagi var það guðs hönd, sem benti Gideon að ganga einmitt að þessari herbúð innar um þúsundir annara, þar sem maðurinn var að segja draum sinn, sem átti að tákna sigur Gideons.

Að sönnu getur sumum fundizt þetta smámunir, en viðburður þessi er engu að síður dásamlegur. Í sjónpípunni sjáum vjer nýjan furðuverkaheim, sem vjer ekki þekkjum fyr, og vjer vitum, að guð er eins dýrðlegur í hinu smáa og hann er í hinu stóra, eins óskiljanlega mikill í draumi hermannsins og í flugferð höfuðengilsins. Það var, segi jeg, eptirtektarverð ráðstöfun drottins, að manninn skyldi dreyma þennan draum einmitt þá. Heimur draumanna er heimur óskapnaðarins, en guðs hönd, sem öllu stýrir, er einnig þar.

Hversu óskiljanlegir og skáldlegir eru ekki draumar vorir stundum; þar koma partar af þessu og partar af öðru, undarlega samsettir og klæddir í gagnstætt gervi. Hversu margar óskapnaðarmyndir sjáum vjer ekki í svefninum, sem hvorki eru til, voru til, eða nokkuru sinni verða til. En sjáðu! guð hefur heila þessa.

sofandi Araba í hendi sjer, og verkar á hann eptir sínum vilja. Draumar spretta opt af undangengnum hugrenningum; sjáðu af því, að drottinn hefur athugað hugskot þessa manns og byggkökuna, og í vakandi ástandi hefur hann undir búið hann, til þess að hann geti dreymt rjett, þegar hann var sofnaður. Guð er eins almáttugur í ósýnilega heiminum og í hinum sýnilega, og hann sleppir ekki stjórntaumunum, þótt vjer sofum.

Það eru ekki allir menn, sem segja frá draumum sínum, og sízt á næturþeli; vanalega láta menn bíða morgunsins, að segja frá þess kyns sundurliðuðum vitrunum. Margsinnis áður hefði þetta eyðimerkurbarn getað hrópað: »Mig dreymdi draum, sem enginn maður getur ráðið«. En í þetta skipti getur hann ekki gleymt draum sínum og verður því að segja fjelaga sínum frá honum. Ef þetta atvik hefði verið íhugað fyrir fram, þá hefði það á einhvern hátt borið það með sjer. Það voru til fimmtíu þúsund aðrir hlutir, sem þeir hefðu getað rætt um, og fimmtíu þúsund aðrir menn, sem þeir Gideon hefðu getað hitt. Já, það er svo margt á móti því, að Gideon skyldi heyra þetta, að jeg hika mjer ekki við að segja: »Hjer er guðs hönd með í verki«. Hefði jeg verið Gideon, þá hefði jeg glaðst meira af því, að maðurinn sagði draumínn að mjer áheyranda, en yfir ráðningu hans;

því að í þessu atviki skín greinilega guðs ráðsályktun. Þá er þjer þess vegna eruð angurbitin, börn mín, af því að þjer haldið, að þjer sjeuð einmana, þá verið viss um, að þjer eruð aldrei einmana; hin eilífa sístarfandi vera fylgir yður úti og inni, og alla vega í kringum yður snýst ótölulegur hjólaskari í hinu dásamlega sköpunarverki eptir fyrirskipuðum lögum.

Í sjálfu sjer sýnist þetta lítilvægt, af því að það var ekki nema draumur, en hann var þó nógur til þess að hugga Gideon. Það er undarlegt, en þó satt, að mörg guðsbörn láta huggast af mjög lítilfjörlegum hlutum. Vjer erum allir meira og minna tilfinningarnæmir og látum allopt eins mikið stjórnast af tilfinningum vorum, eins og af hyggni, og þess vegna hafa smámunirnir opt mikil áhrif á oss.

Þegar Róbert Brúce hafði margsinnis verið yfirunninn í orustu, örvænti hann um, að hann mundi nokkru sinni vinna krúnu Skotlands. Vildi þá svo til, á meðan hann lá í heylopti einu, að hann sá kongulló vera að streitast við að ljúka við vef sinn, þó að hann væri margsinnis búinn að slíta hann fyrir henni, og þetta veitti honum nýtt hugrekki. Og ef draumur þessi gat gefið Gideon nýtt hugrekki, þá ætti margt af því, sem daglega ber við í ríki náttúrunnar, allt eins að ná tilgangi sínum hjá oss. En það er þó aumkvunarvert, að vjer

skulum þurfa þvílíkra smámuna með, þegar vjer höfum miklu huggunarríkari hluti að styðjast við. Engill hafði lofað Gideon, að guð skyldi verða með honum; var honum það ekki nóg? Hversu opt niðurlægjum vjer ekki sjálfa oss, þegar vjer festum svo mikla trú á smámuni, en um guðs hátíðlegu loforð hirðum vjer lítið. Getum vjer þá æskt oss fullkomnari pant en Jesú blóð, sem úthellt er fyrir oss.

En tökum oss dæmi Gideons til fyrirmyndar í því, að hann rak óvinina á flótta. Þegar þjer hafið fengið huggunarljós, þá flýtið yður fram á vígvöllinn, áður en skýin hnappa sig saman og byrgja það. Flýtið yður að uppfylla skylduverk yðar, áður en viðkvæmnin er horfin úr hjörtum yðar. Guðs andi gefi yður náð sína til að breyta þannig.

Gideon heyrði að óvinina dreymdi um sína eigin ógæfu. Hvílík uppgötvun var það ekki? Vjer hugsum opt um vald hins illa, og vjer óttumst, að vjer munum aldrei fá það yfir stigið, af því oss sýnist það vera svo sterkt og geigvænlegt. En gætum betur að, og þá munum vjer sjá, að vjer virðum það of hátt. Vald hins illa er ekki eins sterkt og það sýnist vera; hinir slægvitrustu guðleysingjar og villitrúarmenn eru þó ekki nema menn, og meira að segja vondir menn, og þegar öllu er á botninn hvolft, þá eru þess konar menn þreklitlir.

Vjer erum opt hryggir af því, að vjer erum veikir í baráttunni gegn hinu illa valdi; en huggum oss við það, að mótstöðumenn sannleikans eru engu styrkvari en vjer. Vjer verðum stundum efablandnir, og það verða þeir líka. Vjer örvæntum oss um sigur, það gera þeir líka. Vjer verðum stundum hart úti, það verða þeir líka. Oss dreymir stundum um ógæfu, það gerir þá einnig.

Manninum er svo eðlilegt að skelfast, og tvöfallt eðlilegra er það vondum mönnum, og það er aumkvunarvert að skjálfa fyrir þeim, sem skjálfa fyrir oss. Af því að oss skortir traustið á guði, vaxa óvinir vorir svo mjög í augum vorum.

Sjáið skarana af efablöndnum mönnum og trúvillingum, sem skopast að andlegum hlutum. Þeir æða nú um stundir banhungraðir hópum saman inn í erfðalönd Israels, komnir úr eyðimörkum svíviðinganna, og eta upp allt korn landsins. En þó þeir virðist voðalegir, þá er ekkert á himni nje jörðu, sem guðsbörn þurfa að óttast. Jeg get ekki hugsað mjer, að sá, sem trúir á Jesú Krist, geti sjeð eða heyrt nokkuð í sjálfu helvíti, sem fái skelkað hann. Hlífar góðra manna eru sakleysi og hugrekki, en syndin getur af sjer hugdeiglu, af því að þeir, sem aðhyllast ranglætið, bera í meðvitund sinni hulinn dómara, sem segir þeim, að málstaður þeirra sje

illur, og að sannleikurinn muni fyr eða síðar bera sigurinn úr býtum. Skiptið ykkur ekki af þvílíkum mönnum; þeir óttast sinn eigin skugga og eru hvorki eins vitrir, hugrakkir og voldugir, eins og vjer höldum að þeir sjeu. Höfum einungis öruggt traust á drottni, og þá munum vjer yfirvinna þá, því að guð lifir, og á meðan ætti enginn, sem á hans nafn trúir, að leyfa sjer að missa kjarkinn. Fjöll munu hverfa og hæðir fæðast, en guðsorð mun standa stöðugt að eilífu.

Að sönnu skelkumst vjer, þá er vjer hugleiðum afl hins illa valds nú á dögum. Ósiðsemi, slægð og alls konar lestir ganga ljósum logum, og það er eins og vjer getum engu góðu komið til leiðar, ekki slegið eitt einasta högg í þarfir sannleikans, því oss fallast hendur. En þó ber oss að prjedika drottins orð hreint og ómengað, og guð banni, aðvjer hrósum oss af öðru en krossi Krists. Ósiðsemi verður aldrei burt rýmt, nema með áhrifum kristindómsins, nema með eldfjöri guðs hreina og ómengaða sannleika.

Byggbrauð þótti á þeim tímum ljeleg fæða, og var einungis borðað, þegar fátækt eða hungur þrýsti mönnum til þess. Byggkakan táknaði því fyrirlitningu, og Ísraelsmenn voru í niðurlægingar ástandi um þessar mundir.

En vjer sjáum, að guð verkar í öllu, og vantar

aldrei verkfæri, og getur aldrei orðið ráðþrota, þegar hann þarf að framkvæma vilja sinn. Hann finnur vopn í arninum, í deigtroginu og í körfu fátæklingsins. Almættið hefir þjóna alstaðar.

En vjer þar á móti veitum meðulunum, sem höfð eru, eptirtekt, en gleymum þeim, sem bjó þau til; vjer nemum staðar við frumefnin og reiknum út eðliskrapt þeirra, í stað þess að leita fram fyrir þau að guði, sem út bjó þau og stjórnar þeim.

Ísraelsmenn eru nú stórum að fækka, og þeir eiga enn þá eptir að fækka; tuttugu þúsund og tvöhundruð hafa gengið úr hlýðnissambandi hins góða málefnis, og þar að auki hafa margir af þeim, sem eptir eru, misst kjarkinn til að berjast hinni góðu baráttu trúarinnar. Látum þá fara, þúsundirnar og hundruðin, því þegar að vjer sjáum, hvað vjer erum orðnir fáliðaðir, þá ráðumst vjer á óvini vora með krapti, sem ekki er eingöngu kraptur sjálfra vor, og þá verða vopn vor skriðljós hins gamla friðarsáttmála, sem skína skært gegnum vor brotnu moldarker.

Og að síðustu, vinir mínir, vil jeg heimfæra ræðuefnið upp á vora innri baráttu.

Þjer stynjið undir hinu þunga valdi syndarinnar, sem ríkir í hjörtum yðar. Medianítar hafa reist herbúðir sínar inni í litla dalnum

Esdraelon, sem er hulinn í barmi yðar; þar hafast við ótölulegar syndir og ástríður, sem eins og engisprettur eta upp allan gróður og reka hugrekki og gleði á flótta. Þjer andvarpið undan þessum óboðnu gestum, en getið ekki losazt við þá. Jeg ræð yður til að reyna krapt trúarinnar; yðar eigin tilraunir hafa reynzt gagnslausar. Reynið þá trúna, fyrst þjer hafið reynt allt annað, sem í yðar valdi hefur staðið, og hvorki tár, bænir, heiti, nje sjálfsafneitun hefur megnað að reka óvininn á flótta.

Reynið þá byggköku trúarinnar. Trúið á Jesú Krist, í honum fáið þjer frelsi, í honum fáið þjer krapt til að verða guðsbörn! Reynið trúna, og hún mun niðurbrjóta vald syndar og efasemda; prófið opt og iðulega krapt trúarinnar, því að hún er kröptug og verkar alla hluti, sje hún rjett; og vitum að drottinn er máttugur að gera langt fram yfir það, sem vjer biðjum um, eða oss hefur jafnvel dottið í hug að biðja um.

Stöndum þá hver og einn með brennandi skriðljós sannleikans í höndum vorum og með lúður friðarlærdómsins við varir vorar, og látum oss svo umkringja herflokka hins illa með þessu herópi.

Kristur! og hann krossfestur!

Vjer vitum ekkert annað til að prjedika meðal mannanna, en dauðann, blóðið, upprisuna,

valdið og hina síðari tilkomu drottins vors Jesú Krists. Vjer skulum ekki missa trúna á guði og köllun vorri, en vera vissir um, að drottinn ræður, og hans málefni hlýtur að bera sigur úr býtum. Þar sem að syndin yfirgnæfir, yfirgnæfir og náðin miklu meira, og vjer eigum eptir að sjá betri og dýrðlegi daga, en þessa. Gefðu það ó, guð! fyrir þinn son Jesú Krist.

Amen.

Hinn ósýnilegi heimur

(þýtt úr »Naturens Vidundere«).

(Framh.).

Þeir veittu hvorir öðrum ómannúðlegar árásir, Leuwenhoeck var ómannblendinn og bjó út af fyrir sig, því hann vildi halda uppgötvun sinni huldri fyrir öllum, nema konu sinni og dóttur. Hann lokaði húsi sínu fyrir hinum unga og framgjarna meðbiðli sínum, sem hefndi sín eptir megni, niðraði mótstöðumanni sínum og fullyrti, að uppgötvun hans væri eintómur heilaspuni, og ritaði ósæmilega um hana. Eptir það þróaðist óvildin enn meir.

Hartzoeker, sem langaði grandgæfilega að skoða hin vísindalegu störf andstæðings síns, heppnaðist einu sinni, að honum óvörum og með aðstoð bæjargreifans, að komast inn til hans, og nefndist öðru nafni. Hinn gamli smæðarfræðingur þekkti hann ei að síður undir

eins, og rak hann samstundis út úr húsi sínu.

Leuwenhoeck hefur vissulega orðið meir ágengt, en við mátti búast, þá er tekið er tillit til athugunar-áhalda hans; skarpleiki hans við rannsakanir hefur fyllilega bætt upp það, sem hinum ljelegu athugunar-áhöldum hans var ábótavant; og enn virðist erfitt að gera sjer grein fyrir, hvernig honum hefur tekizt að geta sjer til margra hluta, sem honum var eigi unnt að uppgötva með áhöldum sínum.

Þessi nafnkunni Hollendingur hefur sem sje aldrei átt nein stækkunargler, er komizt geti í samjöfnuð við hin ágætu stækkunargler, sem nú eru höfð. Hann hafði einungis mjög ljeleg sjóngler (gler, sem eru í lögun eins og flatbaun), sem hann bjó sjálfur til, og með þessum áhöldum gerði hann hinar markverðustu uppgötvanir sínar.

Skömmu fyrir andlát sitt ánafnaði hann safninu »Royal Society« í Lundúnaborg hin helztu stækkunargler sín, er höfðu orðið honum til svo mikils heiðurs, og þar geta menn gengið úr skugga um, hversu ljeleg þau eru. Hin beztu sjóngler Leuwenhoecks stækkuðu hlutina einungis 160 sinnum. En á vorum dögum eru til litlaus stækkunargler, sem stækka frá 1200 til 1500 sinnum, og það er ekki langt síðan að stóð í hinu vísindalega tímariti »Kosmos«, að tveimur sjónpípusmiðum í Lundúnaborg hefði

heppnazt að búa til stækkunargler, sem stækkuðu 7,500 sinnum, sem er hið sama og að stækka yfirborðið allt að 56,000,000 sinnum. Og þar var bætt við, að þrátt fyrir þessa miklu stækkun, sæist allt með mestu nákvæmni.

Mælingin á minnstu einstöku hlutum, sem eingöngu er hægt að sjá í gegn um sjónpípur, er svo nákvæm, að hún skarar fram úr öllu, sem menn geta gert sjer hugmynd um.

Nú eru til verkfæri, sem höfð eru til að mæla það, sem er ákaflega lítið (Glas Mikrometre). Með þeim er hægt að skipta sjerhverjum millimeter[1] í 500 parta með svo smágerðum línum, að hið skarpskyggnasta auga getur ekki eygt þær. Við þessa skiptingu er haft fjarskalega nákvæmt verkfæri, sem er látið vinna eingöngu á nóttunni, þegar allt er í kyrð og ró og ekkert hristir, eða kemur teikningu þess til að skjátla. Af þeirri ástæðu kemur sá, sem sjer um það, ekki einu sinni inn á meðan. En sigurverk er látið hreyfa vjelina af stað á hæfilegum tíma. Þá strikar hún á glerplötu hinar ósýnilegu sundurskiptingar með frábærilega fínum demants-oddi, sem er gersamlega upp urinn, þegar verkinu er lokið.

---

1) Meter er lítið meira en 3 fet, og millimeter er einn 1000 partur þar af eða 0,4588 danskar línur, en hver lína er $^1/_{12}$ úr þumlungi.

Þetta er þó ekki hið einasta uppgötvunarverkfæri, sem smæðarfræðingurinn hefir á valdi sínu. Við frábærilega nákvæmar rannsóknir hefur hann nærri því dásamlega Mikrometre, sem með haglega tilbúinni vjel geta skipt Millimeter í 10,000 parta, sem sje með því, að hreyfa hinn smágerðasta kónguláarvef með einfaldri skrúfu. Þar að auki hefur hann á ótölulegan hátt gagn af ljósum og efnum (kemiske Reagenser)[1]. En þar eð gufa kemur af þeim, sem mundi skemma sjónpípuna og setja móðu á glerin, þá hefur rannsakarinn, til þess að koma í veg fyrir það, frábrugðnar sjónpípur, þar sem stækkunarglerin eru sett fyrir neðan hlutina, sem skoða á.

Vilji menn enn þá, eptir að vjer höfum í stuttu máli minnzt á þann stuðning, sem smæðarfræðin hefir á valdi sínu, halda, að hún sje byggð á tómri endileysu, eins og þeir eru fúsastir að hugsa, sem hafa aldrei gefið sig við hinni erfiðu rannsókn hennar? Já, hver veit það! Þessi athugunarmáti minnir sífellt á hið ævaranda stríð, sem átti sjer stað við vöggu hennar. Misklíð þeirra Leuwenhoecks og Hartzoekers er ekki enn á enda kljáð.

---

1) Malus var nafntogaður náttúrufræðingur í Parísarborg, fæddur 1775, dáinn 1812. Hann fann upp ljós það, sem kallað er »polariseret Lys« 1808.

1.

Kvikindi er sjást í stækkunargleri.

(De mikroskopiske Dyr).

Smákvikinda-mergðin er heimur sá, er vjer sjáum í gegn um stækkunarglerið. Þau hafa lengi verið nefnd Infusionsdýr[1], en þau ættu ekki að heita því nafni, þar eð mörg af þeim lifa bæði í sjó og stöðuvötnum. Þau ættu heldur að nefnast Mikrozoer eða Protozoer, því fyrra nafnið táknar smákvikindi, en hið síðara lítilfjörlegustu og lægstu kvikindategund.

(Framhald í næsta árg.).

---

3) Þ. e. kvikindi sem verða til af sjálfu sjer, af vatni, sem samlagast einhverju líffæri. En í enda síðustu aldarinnar sýndi og sannaði hinn nafnfrægi náttúrufræðingur O. F. Müller, að þessi kvikindi heyrðu til vissu kyni og tegundum og endurnýjuðust sífelldlega.